# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. febrúar 2006 — 37. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Milljarða bætur geta endað hjá ríkissjóði

**Ítrustu kröfur Lífeyrissjóðs bankamanna á hendur Landsbankanum nema meira en þremur milljörðum króna. Stefna sjóðsins fer fyrir héraðsdóm innan tíðar. Tapi Landsbankinn málinu gerir bankinn endurkröfu á hendur ríkissjóði.**

**LÍFEYRIR** „Viðhorf núverandi eigenda bankans eru þau að þetta sé fyrst og fremst mál ríkissjóðs,“ segir Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Landsbankans, um skaðabótakröfur Lífeyrissjóðs bankamanna á hendur bankanum.

Lífeyrissjóðurinn krefst þess í stefnu sinni að bakábyrgð Landsbankans fram til ársloka 1997 sé enn í fullu gildi. Bankinn er jafnframt krafinn um 787 milljónir króna vegna ógreiddra lífeyrisframlaga Landsbankans 1998 til 2004. Þá hafi breytingar verið gerðar á röngum forsendum 1997 og því gerir lífeyrissjóðurinn 2,6 milljarða króna skaðabótakröfu til vara.

„Ef dómurinn fellur sjóðnum í óhag kemur til 5 prósenta skerðingar á eftirlaunagreiðslum sjóðsfélaga.

Ef bankinn verður dæmdur til bóta mun hann greiða þær en gera um leið endurkröfu á hendur ríkissjóði með málshöfðun,“ segir Ásgeir Friðgeirsson. Hann segir að kaupendur Landsbankans hafi verið fullvissaðir um það á sínum tíma að engar skuldbindingar af þessum toga kæmu í bakið á kaupendunum.

Friðbert Traustason, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna, segir að málsgögn séu tilbúin og málið verði fljótlega tekið til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Stefna Lífeyrissjóðs bankamanna var þingfest í lok júní í fyrra. Mjög hefur hallað á svonefnda hlutfallsdeild sjóðsins eftir að bakábyrgð Landsbankans var felld niður árið 1997 og rekja talsmenn sjóðsins það fyrst og fremst til launahækkana sem orðið hafi í bankastarfsemi langt umfram það sem upphaflegar forsendur gerðu ráð fyrir.

Ásgeir Friðgeirsson segir að málið hafi ekki verið tekið upp á aðalfundi Landsbankans á laugardag og engin tillögur lagðar fram af hálfu hluthafa. **- jh**



**NÝ ÁSÝND REYKJAVÍKUR** Það má með sanni segja að nú standi Reykjavík undir nafni, þökk sé reyknum úr gufustrókum á Hellisheiði. Menn verða þó að njóta þessarar ásýndar vel því aðeins er verið að prófa borholurnar en þegar virkjunin fer í gang í haust mun ekkert bóla á gufunni sem þá verður notuð til að framleiða rafmagn. Í gær blés úr fjórum borholum og eru þær um um tvo kílómetra að dýpt og sú dýpsta er rétt um þriggja kílómetra djúp. Að sögn Guðmundar Þóroddssonar, forstjóra Orkuveitunnar, er það engin smáorka sem þarna er leyst úr læðingi og er ekki fjarri lagi að borgarbúar hafi séð í gær 20 megavött yfir borginni eða einn tíunda af allri raforkunotkun á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Utanríkisráðherra Rússa varar við að Íranar séu beittir of miklum þrýstingi:

# Íranar hunsa Bandaríkin

**GRIKKLAND, AP** Rússneski utanríkisráðherrann, Sergey Lavrov, varaði þjóðir heims við að beita Írana of miklum þrýstingi í sambandi við kjarnorkuáætlun þeirra. „Á þessi stigi málsins tel ég það mikilvægt að vera ekki að giska á hvað gæti gerst og jafnvel enn mikilvægara að hóta engu,“ sagði Lavrov á blaðamannafundi í gær.

Íranar tilkynntu í gær að þeir hefðu útilokað allar viðræður við Bandaríkin um kjarnorkuáætlun sína, og sagði talsmaður Íransstjórnar að landið muni standa að fullu við fyrri yfirlýsingar um afleiðingar þess að kjarnorkuáætlun landsins yrði vísað til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA, gerði á laugardag. Íranar ætla að skera á tengsl við IAEA, banna eftirlit og hefja auðgun á úrani í stórum stíl. Þó eru þeir opnir fyrir frekari viðræðum við Rússa.



**FJALLAR UM KJARNORKU** Utanríkisráðherra Rússlands, Sergey Lavrov, á blaðamannafundi í Grikklandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjamenn hafa lengi haft áhyggjur af kjarnorkuáætlun Írana, sem Íranar segjast eingöngu ætla að nota í friðsamlegum tilgangi. Talsmenn Bandaríkjanna hafa sagt að árás á Íran sé ekki útilokuð, en talsmenn margra aðildarríkja IAEA vara við slíkum orðum. **- smk**



**DANSKI FÁNINN BRENNDUR** Grímuklæddur Palestínumaður brennir danska fánann við kristna kirkju í Betlehem í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ofbeldisfull mótmæli:

## Sjö hafa látist í mótmælum

**DANMÖRK** Alls höfðu sjö látist í gærkvöld vegna mótmælanna gegn teikningunum af Múhameð spámanni sem birtust í Jótlandspóstinum, og tugir hafa særst.

Einn lést er hann stökk af þriðju hæð út úr brennandi byggingu danska sendiráðsins í Líbanon á sunnudag, en hann var í fylgd æstra múslima sem borið höfðu eld að húsinu. Fimm menn fórust á mótmælafundum sem haldnir voru í Afganistan, tveir þeirra þegar múgur réðist að herstöð bandaríska hersins í Bagram. Jafnframt lést 14 ára drengur í Sómalíu og nokkrir særðust þegar mótmælendur réðust að lögreglu. **- smk /** **sjá síður 4 og 16**

Banaslys við Blesugróf:

## Varð undir tengivagni

**SLYS** Karlmaður á sjötugsaldri lést þegar hann varð undir tengivagni á flutningabíl sem hann var að gera við í Blesugróf í Reykjavík. Talið er að maðurinn hafi látist samstundis.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar í Reykjavík gáfu festingar sem héldu uppi tengivagninum sig, með fyrrgreindum afleiðingum. Það tók um fjörutíu mínútur að ná manninum undan bílnum. Lögregla og Vinnueftirlitið rannsaka tildrög slyssins. Ekki er hægt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu. **- jse**

### Vox academica í Langholtskirkju



Hákon Leifsson stjórnar kórnum sem flytur sjö kórverk eftir sex íslensk tónskáld í kvöld.

**MENNING 24**

### Mál málanna

„Spyrna þarf hraustlega við fæti svo við missum ekki tökin á tungunni,“ ritar Inga Rósa Þórðardóttir. „Þar þarf viðspyrnan að vera mest og best í Kennaraháskóla Íslands.“

**Í DAG 18**



### Íbúinn týndi rostungstönnum

Þrjár rostungstennur og franskt glerbrot fundust í rústum landnámsskálans í Aðalstræti.

**TILVERA 12**

### Fram hættir við að kæra



Stjórn Fram hefur hætt við að kæra Val vegna samnings sem félagið gerði við Þorvald Makan Sigbjörnsson sem var samningsbundinn Fram. Þorvaldur Makan mun leika með Val næsta sumar.

**ÍÞRÓTTIR 30**

### VEÐRIÐ Í DAG




**VETUR Í DAG** verður stíf norðanátt á Vestfjörðum, annars hægari. Éljagangur á við og dreif. Frost 0-8 stig, kaldast til landsins.

**VEÐUR 4**


MEÐAL LESTUR 12-49 ÁRA

**Fólk undir fimmtugu velur Fréttablaðið!**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.





## SPURNING DAGSINS

*Kristján, kærir þú þig ekki um svona?*

„Ég kæri mig um að farið sé eftir settum reglum.“

Kristján Hreinsson skáld hefur lagt fram stjórnsýslukæru vegna þess að laginu Til hamingju Ísland var leyft að vera í undankeppni Eurovision þrátt fyrir að það hafi lekið á netið.

Franski andlitsþeginn kemur í fyrsta skipti fram opinberlega:

# Hef andlit eins og allir aðrir

**FRAKKLAND, AP** Franska konan sem er fyrsti andlitsþegi heimsins mætti á blaðamannafund í gær og sagði sögu sína. „Ég hef andlit eins og allir aðrir,“ sagði Isabelle Dinoire þvoglumælt.

Dinoire gekkst undir aðgerð í nóvember síðastliðnum, en hundur fjölskyldu hennar réðist á hana í maí og skaðaði neðri hluta andlits hennar illa. Líffæragjafinn var heiladauð kona, og þakkaði Dinoire fjölskyldu hennar fyrir varir hennar, höku og kinnar. Örið eftir aðgerðina, sem tók 15 tíma, er vel sýnilegt á andliti Dinoire og hún á enn í vandræðum með hreyfingar munnsins, en



**NÝTT ANDLIT** Isabelle Dinoire mætti á blaðamannafund í gær, en hún er fyrsta manneskjan sem á er grætt nýtt andlit, en það var gert eftir að hundur fjölskyldunnar réðist á hana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

tilfinningar eru að koma aftur í húðina að hennar sögn. Hún virtist mjög bjartsýn á framtíðina og sagðist hlakka til að geta farið aftur heim til sín. „Dyr eru að opnast inn í framtíðina,“ sagði Dinoire, sem er 38 ára gömul einstæð móðir.

Liturinn á nýju húðinni er mjög líkur húð Dinoire, þótt andlitið hafi nú allt annað yfirbragð en það hafði fyrir árás hundsins. Dinoire er í stöðugri sjúkraþjálfun og tekur enn lyf svo líkami hennar hafni ekki ágræðslunni. Læknar geta ekki fullyrt um hversu lengi ágrædda húðin muni endast. **- smk**

Maður á sextugsaldri í fangelsi:

## Dæmdur fyrir þjófnað á víni

**DÓMSMÁL** Maður á sextugsaldri var í gær dæmdur í þrjátíu daga fangelsi og tveggja ára skilorðsbundið fangelsi að auki fyrir fjársvik.

Maðurinn hefur ítrekað komist í kast við lögin á tuttugu ára löngum afbrotaferli. Hann var dæmdur í gær fyrir að hafa neytt áfengra drykkja á veitingastað í Kópavogi í fyrra, án þess að borga fyrir þá. Rúmlega þremur mánuðum seinna gerði hann þetta öðru sinni en þá á öðrum veitingastað.

Í millitíðinni stal maðurinn vodkapela úr verslun ÁTVR í Kringlunni. Maðurinn rauf skilorð með þessum brotum og hafði það áhrif á refsingu. **- mh**

Kosningar á Haítí:

## Óttast ofbeldi á kosningadegi

**HAÍTÍ, AP** Haítíbúar kjósa sér nýjan forseta í dag. Fólk þar í landi er orðið langþreytt á mannránum, skotárásum og sárri fátækt, og hafa tugir manna boðið sig fram í kosningunum. Þó ríkir mikill ótti í landinu um að kosningadagurinn geti orðið blóðugur og vakta vopnaðir friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna kjörstaðina.

Tveir fyrrverandi forsetar eru í framboði ásamt rúmlega 30 öðrum. Rene Preval er talinn sigurstranglegastur, en hann er jarðræktarfræðingur. **- smk**

## ATHUGASEMD

Vegna umræðna og frétta um brotthvarf Guðmundar Magnússonar frá Fréttablaðinu skal tekið fram að ákvörðun um uppsögn hans á blaðinu hafði ekkert með leiðaraskrif hans, hvorki fyrr né síðar, að gera. Þeir sem halda öðru fram fara villir vegar.

Guðmundi var gerð grein fyrir ástæðum uppsagnarinnar og getur ef hann kærir sig um upplýst um þær. Fréttablaðið sér ekki ástæðu til að tjá sig um mál einstakra starfsmanna í tilfellum sem þessum. **Kári Jónasson ritstjóri**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumannsins ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Leita til lækna til að losna við fíkniefnin

**Fólk sem hefur gleypt fíkniefni hefur farið á slysadeild Landspítala og fengið þar aðstoð til að losa sig við þau. Síðan er það frjálst ferða sinna þar sem starfsfólkið telur sig bundið trúnaði við skjólstæðinga og segir ekki til fólksins.**

**FÍKNIEFNI** Ásgeir Karlsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, segir að komið hafi fyrir að starfsfólk á slysadeild Landspítala háskólasjúkrahúss hafi hjálpað fólki, sem gleypt hefur fíkniefni, að losa sig þau. Efnunum hafi viðkomandi starfsmaður skilað til lögreglunnar, en ekki talið sig geta greint frá nöfnum fólksins, sem gleypti efnin, vegna þagnareiðs sem hann er bundinn. Þeir sem gleypt hafa efnin hafa því verið frjálsir ferða sinna eftir að hafa fengið aðstoð á slysadeildinni.

„Þetta er ekki mjög algengt, en hefur þó komið fyrir“ segir Ásgeir. „Starfsfólkið lítur svo á að það sé bundið trúnaði við skjólstæðinga sína þannig að það tilkynnir ekki um þessa einstaklinga. Ég hef bent á að sú staða gæti komið upp að inn kæmi einstaklingur sem væri með kviðinn fullan af efnum og hefði áhyggjur af því að þau myndu ekki skila sér niður. Eftir skoðun væri honum tilkynnt að efnin væru komin niður í þarmana og væru á góðri leið með að skila sér út. Þá



**KÓKÍNSMOKKAR** Starfsfólk á slysadeild segir ekki til fólks sem gleypir fíkniefni og leitar sér aðstoðar þar. Fíkniefnin afhendir það lögreglunni.



**RÖNTGEN** Starfsfólk slysadeildar hefur þurft að aðstoða fólk við að losa sig við fíkniefni sem það er með innvortis. MYND NORDICPHOTOS/AFP

gæti viðkomandi ákveðið að ganga út og bíða eftir að efnin kæmu.“

Ásgeir segir að umræða hafi verið í gangi að undanförnu milli lækna og lögreglu um þetta mál. Eins og staðan sé í dag þurfi læknar ekki að greina frá nöfnum skjólstæðinga nema grunur leiki á broti á barnaverndarlögum eða að um smitsjúkdóma eða farsóttir sé að ræða, eða að dómaraúrskurður um að trúnaði skuli aflétt liggi fyrir. Þar með sé trúnaður læknis við skjólstæðing ekki óhagganlegur. Spurningin sé því hvort líta eigi á málið sem heildstætt eða ekki.

„Ég tel, að þegar þetta er farið að varða almenna hagsmuni eða grunur leikur á að um alvarlegt



**ÁSGEIR KARLSSON** Segir það vissulega þekkt að fólk hafi leitað til slysadeildar eftir að hafa gleypt fíkniefni.

brot sé að ræða, þá eigi ákvörðun um trúnað heilbrigðisstarfsmanns við sjúkling ekki að vera á einni hendi,“ segir Ásgeir ennfremur. „Hins vegar er ljóst að þarna verður ekki breyting á nema að til komi lagabreyting. Nauðsynlegt er að umræða fari af stað um þessi mál þar sem öll sjónarmið verða skoðuð. Hins vegar verður að tryggja að trúnaður sé milli læknis og sjúklings um sjúkdóma og einkahagi viðkomandi.“ **jss@frettabladid.is**



**HREFNUKJÖT Í KJÖTBORÐI NÓATÚNS** Líklegt er að eitthvað kjöt sé enn til í verslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eftirspurnin er mikil:

## Hrefnukjötið er uppselt

**MATVÆLAMARKAÐUR** „Það er allt farið frá okkur, en líklega er kjötið ennþá til í frystiborðum einhverra verslana,“ segir Gunnar Bergmann, framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna, spurður um hvort hrefnukjöt sé ófáanlegt.

Hann segir að birgðir félagsins, allt frá árinu 2004, séu nú uppurnar og sé það í kjölfarið á stífri markaðssetningu á hrefnukjöti undanfarið. Gunnar segir vísindaveiðarnar sem nú eru stundaðar gefa takmarkað af sér, aðeins fáein tonn. Hann er þó bjartsýnn á að magnið eigi eftir að tvöfaldast nú í sumar þar sem til standi að veiða 50-70 dýr en í fyrra voru einungis veidd 39 dýr. **- mh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Óska eftir upplýsingum** Lögreglan á Ísafirði ætlar að auka eftirlit með fólki sem er grunað um að neyta fíkniefna. Almenningur er hvattur til að gera lögreglu viðvart ef grunur kviknar um fíkniefnamisferli. Nafnleyndar verður gætt.

**Réttindalausir** Lögreglan á Hvolsvelli hefur að undanförnu haft afskipti af nokkrum ökumönnum torfærutækja og vélhjóla. Ökumennirnir reyndust réttindalausir auk þess sem torfærutækin voru ekki með skráningarnúmer.

**Bílvelta í Reykjavík** Jeppabifreið valt á Bústaðaveginum í Reykjavík um hálf eittleytið í fyrrinótt. Tveir menn voru í bílnum og sluppu þeir báðir ómeiddir. Mikil hálka var á veginum þegar slysið varð.




Parið sem handtekið var í Leifsstöð með fjögur kíló af amfetamíni:

# Kaupverð minnst 15 milljónir

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla veitir engar upplýsingar um gang rannsóknar á máli parsins sem handtekið var í Leifsstöð á laugardagskvöld með fjögur kíló af sterku amfetamíni í fórum sínum.

Fíkniefnalögreglan í Reykjavík fer með rannsókn málsins en parið var dæmt til tveggja vikna gæsluvarðhalds. Yfirmaður fíkniefnadeildarinnar, Ásgeir Karlsson, segir rannsóknina á byrjunarstigi og engar upplýsingar veittar að svo stöddu. Vildi hann ekki staðfesta orð Jóhanns R. Benediktssonar, sýslumanns á Keflavíkurflugvelli, að efnin sem gerð voru upptæk hefðu verið sérstaklega sterk né heldur að um umrætt magn hafi verið að ræða.

Sé um fjögur kíló að ræða hefur aldrei áður jafnmikið magn amfetamíns verið gert upptækt hjá



**AMFETAMÍN** Götuvirði fjögurra kílóa af hreinu amfetamíni er talið geta numið allt að 60 milljónum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslendingum í Leifsstöð en fjögur ár eru síðan þýskur maður var tekinn með tæplega fimm kíló og er það mesta magn amfetamíns sem tollgæsla og lögregla í Leifsstöð hefur gert upptækt.

Markaðsvirði efnanna á götu í Reykjavík er talið vera milli 30 og 60 milljónir króna en það fer eftir styrkleika efnisins og hversu mikið hægt er að þynna það út. Parið var á leið frá París þegar það var handtekið en tiltölulega auðvelt er að verða sér úti um amfetamín í Evrópu.

Erfitt er að meta kostnað við kaupin erlendis sem aftur fer eftir gæðum, hvar kaupin eiga sér stað og þeim samböndum sem kaupandinn hefur. Sé efnið af sterkara taginu eins og Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli lét hafa eftir sér er kaupverðið vart undir fimmtán milljónum króna og líklega hærra. Sé það nærri lagi er hagnaðarvonin í þessu tilfelli 15 milljónir hið minnsta. **- aöe**


„Ég taldi visst öryggi að búa á þriðju hæð.“
Þú getur búið við betra öryggi heima hjá þér með Heimavörn. Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma **580 7000**. Við metum þörfina í samráði við þig og gerum þér tilboð í Heimavörn frá 4.900 krónum á mánuði sem er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112.
SECURITAS
HEIMAVÖRN
GOTT FÓLK McCANN

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 6.2.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,08 | 63,38 |
| Sterlingspund | 110,72 | 111,26 |
| Evra | 75,65 | 76,07 |
| Dönsk króna | 10,13 | 10,19 |
| Norsk króna | 9,396 | 9,452 |
| Sænsk króna | 8,148 | 8,196 |
| Japanskt jen | 0,5313 | 0,5345 |
| SDR | 90,81 | 91,35 |

*Gengisvísitala krónunnar*
106,1577

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Anna Kristinsdóttir tekur ekki annað sætið á lista Framsóknar í Reykjavík:

# Finnst eðlilegt að stíga niður

**STJÓRNMÁL** „Ég sóttist eftir umboði til að leiða listann og lagði það bara undir dóm. Niðurstaðan var sú að ég hlaut ekki fyrsta sætið og þar af leiðandi fannst mér bara eðlilegt að draga mig í hlé,“ segir Anna Kristinsdóttir.

Hún lýsti því yfir í gær að hún myndi ekki taka annað sæti lista Framsóknarflokksins í Reykjavík.

„Ég á örugglega eftir að láta á mér kræla fyrir Framsóknarflokkinn í framtíðinni en nú er ég að vinna að lokaverkefni í BA-námi í stjórnmálafræði og get einbeitt mér að því,“ segir hún.

Hún segir ennfremur að þessi ákvörðun hennar hafi ekkert með framgang prófkjörsins að gera.

„Ég hef beðið átektar eftir ákvörðun Önnu og nú liggur hún fyrir og ég virði hana en hefði viljað að hún tæki annað sætið,“ segir Björn Ingi Hrafnsson sem er í fyrsta sæti listans.

„Aðeins tvö efstu sætin voru bindandi þannig að nú er það uppstillinganefndar að raða endanlega á framboðslistann,“ segir hann um framhaldið.

Óskar Bergsson, sem einnig sóttist eftir fyrsta sæti en hafnaði í því þriðja, hefur enn ekki sagt opinberlega hvað hann muni gera. **- jse**



**FRAMBJÓÐENDUR Á KJÖRSTAÐ** Óskar Bergsson, Anna Kristinsdóttir og Björn Ingi Hrafnsson sem buðu sig fram í fyrsta sæti.

Háspennubilun í Grafarvogi:

# Stór svæði án rafmagns

**ORKUMÁL** Háspennubilun varð klukkan hálf sex í gær með þeim afleiðingum að 13 spennustöðvar urðu rafmagnslausar. Við það urðu stór svæði í Grafarvogi rafmagnslaus en rafmagn komst þó aftur á skömmu síðar.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur var ástæða bilunarinnar sú að grafinn var í sundur háspennustrengur við Víkurveg. Í kjölfarið varð svokölluð heitavatnsbilun því dælurnar sem notaðar eru til að dæla heita vatninu ganga fyrir rafmagni. Viðgerð var lokið um klukkan tíu í gærkvöldi og komst þá vatnið aftur á. **-shá**



**FROST EN EKKI Á FRÓNI** Meðalhitastig í Rússlandi í gær var mínus 19 gráður og því kær bærilega sloppið miðað við frosthörkurnar í Kamchatka-héraðinu.

NORDICPHOTOS/AFP

Ekkert lát á frosthörkum:

# 47 gráðu frost

**RÚSSLAND** Ekkert lát virðist á frosthörkum í stórum hluta Rússlands og fór hitastig í Kamchatka héraðinu niður í 47 gráðu frost í gær.

Íbúar þar um slóðir eru vanir kuldum þótt ekki séu þeir svo miklir og er ekki vitað til að neinn hafi látist vegna frostsins. Samgöngur gengu að mestu eðlilega og engar bilanir urðu á dreifingu rafmagns og hita eins og gerst hefur áður í miklum frosthörkum. Annars staðar í landinu var hitastigið hærra og meðalhiti í Rússlandi öllu var mínus 19 gráður. ■

## TYRKLAND

**Prestur myrtur** Unglingspiltur skaut ítalskan prest til bana inni í kaþólskri kirkju í Tyrklandi á sunnudag. Vitni segja prestinn hafa kropið á bæn þegar hann var skotinn tveim skotum í bakið. Óljóst var um ástæður drengsins, sem komst undan á hlaupum. Lögregla leitar hans nú.

## ÍÞRÓTTIR

**Góð afkoma** Heildartekjur Knattspyrnusambands Íslands voru 462,2 milljónir króna og heildargjöld voru 435,2 milljónir króna árið 2005. Hagnaður varð því 27 milljónir króna. Stjórnin ákvað að greiða sérstakt framlag til aðildarfélaga af hagnaði, alls 10,7 milljónir króna.



**FRIÐSAMLEG MÓTMÆLI** Á sunnudag söfnuðust um fimm þúsund manns saman á Kongens Nytorv í Kaupmannahöfn til að láta í ljós áhyggjur sínar af atburðarás síðustu daga. Fundurinn fór friðsamlega fram. NORDICPHOTOS/AFP

# Öllum þykir nóg um

**Múslimar í Danmörku reyna nú að stöðva mótmælaölduna sem riðið hefur yfir heiminn seinustu dagana. Sjö manns hafa farist í mótmælum í Afganistan, Sómalíu og Líbanon, og segja danskir múslimar að nú sé nóg komið.**

**DANMÖRK** Ritstjóri Jótlandspóstsins þáði í gær boð samtaka múslima í Danmörku um að senda frá sér sameiginlega yfirlýsingu vegna Múhameðsteikninganna sem blaðið birti í haust. Á vefsíðu Politiken er haft eftir ritstjóranum að Jótlandspósturinn muni ekki ganga lengra í þessari fréttatilkynningu en þeirri sem blaðið hefur þegar gefið út, en hann telji hins vegar að sameiginleg yfirlýsing kunni að hafa betri áhrif.



**DÖNSK DAGBLÖÐ** Forsíður danskra dagblaða bera vott um óttann sem kominn er í Dani vegna Múhameðsteikninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/KS

Yfirlýsingin var ein þeirra hugmynda sem talsmaður samtakanna, Ahmed Akkari, nefndi sem mögulega lausn á vandanum í viðtali við danska ríkisútvarpið á sunnudag. Akkari sagðist einnig reiðubúinn til að fara í beina sjónvarpsútsendingu með Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Dana, sem sýnd yrði um allan heim, í því skyni að róa mótmælendur og koma með tillögur að lausn deilunnar. Akkari sagðist vona að forsætisráðherrann tæki jákvætt í hugmyndina enda hafi hann sjálfur óskað eftir óheftbundnum leiðum til að leiða málið til lykta.

Bæði Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, og Jacques Chirac, forseti Frakklands, lýstu í gær yfir stuðningi við Dani vegna teikninganna. Bandaríski sendiherrann í Danmörku gaf líka út stuðningsyfirlýsingu í gær fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar.

Á sama tíma héldu mótmælafundir áfram víða um heim, og færist ofbeldið í aukana. Alls var tala látinna vegna mótmælanna víða um heim komin upp í sjö manns í gærkvöldi og virðast mótmælin ekki lengur eingöngu bundin við þau lönd þar sem myndirnar hafa birst, heldur hafa hópar líka ráðist að ræðismannaskrifstofum og herstöðvum Bandaríkjanna.

Jafnframt tilkynnti viðskiptaráðherra Írans að þeir hafa slitið öllum viðskiptatengslum við Danmörku. Frá og með deginum í dag verða engar danskar vörur fluttar inn á viðskiptasvæði sem Íran hefði stjórn yfir. Á síðasta ári nam sala á dönskum vörum í Íran tæplega átján milljörðum íslenskra króna.

Þrjú þúsund Danir hafa afpantað frí sín til Arabalanda og Sterling er hætt að fljúga til Egyptalands. Dönsk stjórnvöld hvetja Dani eindregið til að ferðast ekki til fjórtán landa þar sem öfgasinnaðir múslimar hafa hótað að drepa danska ríkisborgara. Löndin sem um ræðir eru Afganistan, Alsír, Barein, Egyptaland, Íran, Jórdanía, Katar, Líbía, Marokkó, Óman, Pakistan, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Súdan og Túnis. Þá er einnig varað við ferðum til Sýrlands og Jemen.

**kristjáns@frettabladid.is**
**smk@frettabladid.is**

Listi fólksins býður fram:

# Oddur Helgi áfram í forystu

**BÆJARSTJÓRNMÁL** Listi fólksins á Akureyri, L-listinn, mun bjóða fram á ný í komandi sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Helstu stuðningsmenn framboðsins hittust í gærkvöld til að taka endanlega ákvörðun og verður niðurstaða fundarins kynnt í dag. Samkvæmt heimildum blaðsins mun Oddur Helgi Halldórsson, oddviti og framkvæmdastjóri Blikkrásar á Akureyri, halda áfram að leiða listann.



**ODDUR HELGI HALLDÓRSSON** L-listinn fékk einn mann kjörinn árið 1998 og tvo menn 2002.

Að baki L-listans stendur hópur áhugafólks með það sameiginlega markmið að auka velferð Akureyrar og þeirra sem þar búa. **- kk**

Ný stefna hjá Bandaríkjaher:

# Vandið valið á makanum

**BANDARÍKIN, AP** Prestar í bandaríska hernum hafa fengið það verkefni að kenna hermönnum hvernig forðast megi að enda í slæmu hjónabandi eða því sem er dæmt til að endast ekki. Mikill stríðsrekstur og langvarandi herskylda í öðru landi orsakar oftar en ekki upplausn í hjónaböndum er heim er komið.

Talið er að um 56.000 manns í herþjónustu hafi staðið í skilnaði frá upphafi stríðsins í Afganistan árið 2001. Ríkisstjórn Bush stefnir að því að verja 5,6 milljörðum dala af næstu fjárhagsáætlun til velferðarmála meðal hermanna og fjölskyldna þeirra. ■



Ræðum málin.
Ég verð á beinni línu á Útvarpi Sögu fm 99.4 í dag kl. 17. Sími: 588 1994

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VETUR Á VESTFJÖRÐUM**

Fyrirsögnin vísar ekki til slagorðs fyrir Vestfirði þótt það fari nú að verða umhugsunarefni, skortur á vetri!! En semsagt, í dag verður stíf norðaustanátt á Vestfjörðum auk éljagangs og skafrennings, einkum á heiðum. Það er því óhætt að tala um vetur þar. Annars verður kalt á landinu næstu daga.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Fremur hæg norðlæg átt. Éljagangur nú í morgunsárið en úrkomuminna síðdegis. Frost 0-4 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Allhvasst austast annars mun hægari.

*» fimmtudagur*




Vaxandi sunnanátt. Hægt hlýnandi veður.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C alskýjað | París | 8°C alskýjað | Alicante | 15°C heiðskírt |
| Osló | 1°C hálfskýjað | Berlín | 4°C skúrir | Mílano | 9°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | -3°C alskýjað | Frankfurt | 5°C alskýjað | New York | 6°C léttskýjað |
| Helsinki | -11°C alskýjað | Madríd | 14°C heiðskírt | San Francisco | 20°C heiðskírt |
| London | 9°C léttskýjað | Barcelona | 12°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 21°C skúrir |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Frá 6.073 kr. aðra leið, London hefur aldrei verið nær

Kynntu þér málið núna, á ba.com

oneworld

BRITISH AIRWAYS

Skráðu þitt tölvupóstfang á ba.com fyrir 31. mars 2006 til að njóta þessa afsláttarfargjalds. Gildir fyrir flug frá Reykjavík til London. Ljúka þarf ferð fyrir 31. ágúst 2006.
Skattar og flugvallargjöld innifalin. Athugið skilmála og skilyrði, nánar á ba.com



## KJÖRKASSINN

*Á Handknattleikssamband Íslands að semja aftur við Viggó Sigurðsson?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 57,1% |
| NEI | 42,9% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Á að vísa Silvíu Nótt úr forkeppni Eurovision?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Ögmundur spurði hvort brotamenn sætu við stjórn ríkisins og hlaut ákúrur:

# Leyniþjónusta og landráð

**STJÓRNMÁL** Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, spurði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á Alþingi í gær hvað fyrir honum vekti með því að koma á fót íslenskri leyniþjónustu.

„Sjálfur kallar dómsmálaráðherran það greiningardeild hjá embætti ríkislögreglustjóra sem hafi meðal annars með landráð að gera,“ sagði Ögmundur og vildi að Alþingi hefði meira um þessi mál að segja en raun væri á.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði efnið hluta af frumvarpi um breytingar á lögreglulögum og kæmi brátt til umræðu á Alþingi.



**BJÖRN BJARNASON** Kölluð greiningardeild í frumvarpi dómsmálaráðherra, en leyniþjónusta af þingmanni Vinstri grænna.

„Getur verið að óvinir og hugsanlega brotamenn í þessum efnum sitji við stjórn ríkisins. Og ég er til dæmis að vísa í það þegar íslensk stjórnvöld skuldbundu íslensku þjóðina til árása á erlendar þjóðir,“ sagði Ögmundur og vísaði til Afganistan og samþykki stjórnvalda fyrir innrás í Írak.

Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, bað þingmanninn gæta orða sinna. Ögmundur spurði á móti fyrir hvað athugasemdin hefði verið gerð.

Forseti kvaðst ekki hafa heyrt betur en að þingmaðurinn hefði talað um landráð í sambandi við stjórnvöld.

Ögmundur svaraði að hann skyldi bera ábyrgð á orðum sínum. **- jh**

Fólksflutningar til Bólivíu:

## Morales færir fólki nýja von

**ARGENTÍNA** Fjöldi Bólivíumanna sem búsettur er í Argentínu hyggur nú á flutning aftur til heimalandsins. Ástæðan er sigur hins vinsæla Evo Morales í nýafstöðnum forsetakosningum í Bólivíu.

Í Argentínu búa flestir Bólivíumenn utan heimalandsins og talið er að fjöldi þeirra í Argentínu sé nálægt tveimur milljónum.

Undanfarið hefur fólksflutninga orðið vart og margir munu vera að pakka saman til að geta haldið heim á leið.

Fólk virðist vongott um að Morales forseti færi þjóð sinni betri lífskjör en þekkst hafa í landinu hingað til. ■



**VÍGALEGT** Eitt stærsta farþegaskip veraldar í dag er Grand Princess sem bliknar við hlið þess sem sjósetja á að þremur árum liðnum. NORDICPHOTOS/AFP

Skipafélagið Royal Caribbean:

## Smíðar stærsta skip heims

**BANDARÍKIN** Skipafélagið Royal Caribbean hefur skrifað undir samning um smíði stærsta farþegaskips heims sem ætlunin er að sjósetja haustið 2009.

Mun skipið kosta rúma fjóra milljarða króna en á þeim 24 hæðum sem skipið verður á verður pláss fyrir 5,400 farþega auk spilavíta, sundlauga, bíósala, skemmtistaða, verslana og alls annars sem finnst um borð í nútímalegum farþegaskipum. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fjögurra bíla árekstur** Fjórir bílar lentu saman á Reykjanesbraut rétt norðan við Vífilsstaðaveg í Garðabæ klukkan hálf sjö í gærkvöld. Einn maður var sendur á slysadeild og fjarlægja þurfti tvo bíla með kranabíl.

**Bílvelta á Reykjanesi** Ökumaður missti stjón á bíl sínum á Ísólfsskálavegi skammt frá Grindavík í gærmorgun með þeim afleiðingum að bíllinn hafnaði utanvegar og valt. Ökumaður var sendur ásamt tveimur farþegum til skoðunar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja en meiðsl voru minniháttar.

## KANADA

**Niðurskurður í ríkisstjórn** Stephen Harper, nýkjörinn forsætisráðherra Kanada, stendur við stóru orðin. Ný ríkisstjórn hans verður fámennari en fyrri stjórnir auk þess sem stöður aðstoðarráðherra verða lagðar niður.

# Ríkið endurnýjaði samninga án útboðs

**Samningar sem Ríkiskaup gerði við Olíufélagið hf. og Skeljung voru endurnýjaðir án útboðs á síðasta ári. Markaðsstjóri Atlantsolíu og Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, eru ósáttir við verklag Ríkiskaupa.**

**RÍKISINNKAUP** Hugi Hreiðarsson, markaðsstjóri Atlantsolíu, furðar sig á því að Ríkiskaup hafi framlengt samninga sína við olíufélögin um kaup á eldsneyti, olíum og rekstrarvörum í ljósi þess að olíufélögin hefðu verið úrskurðuð til sekta vegna samráðs.

Sérstaklega er minnst á það í skýrslu samkeppnisráðs um samráðið að Ríkiskaup hafi hugsanlega verið fórnarlamb samráðsins. Þetta telur Hugi vera algjörlega ótækt. „Árið 2003, þegar útboðið fór fram, lágu niðurstöður úr rannsókn samkeppnisyfirvalda ekki fyrir, en tveimur árum seinna var öllum ljóst hvernig mál stóðu. Sekt olíufélaganna hafði verið sönnuð af samkeppnisyfirvöldum og því er það alvarlegt mál að samningar við fyrirtæki, sem að samráðinu komu, skuli vera framlengdir án útboðs.“

Í samningunum sem Ríkiskaup gerði við Olíufélagið hf. og Skeljung, stendur að þá megi framlengja tvisvar sinnum um eitt ár í senn, en báðir samningarnir voru til 30. apríl í fyrra. Þeir voru framlengdir án útboðs. Ríkiskaup hefur rétt til þess að segja upp samningunum með þriggja mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi níu mánuðum eftir undirritun þeirra.

Tilboð olíufélaganna fólst í föstu verði á boðinni vöru og þjónustu, óháð því magni sem keypt er hverju sinni. Verðið sem um er samið felur í sér allan kostnað við kaup á vöru og þjónustu. Inni í verðinu er 0,8 prósenta umsýsluþóknun Ríkiskaupa.

Lúðvík Bergvinsson, lögmaður og þingmaður Samfylkingarinnar, undrast það að Ríkiskaup hafi ekki hagað málum með öðrum hætti þar sem forsendur höfðu vitanlega breyst eftir að komst upp um margra ára samráð olíufélagana á markaði. „Mér finnst óskiljanlegt að það skuli ekki verið haldið útboð í ljósi aðstæðna á markaðnum. Ríkiskaup eiga auðvitað að leita eftir hagstæðasta verði á markaði en þar sem samkeppnisfirvöld höfðu úrskurðað olíufélögin, sem samið hafði verið við, til sekta get ég ekki séð annað en starfsaðferðir Ríkiskaupa séu gagnrýniverðar.“

**magnush@frettabladid.is**




**OLÍUTANKAR OLÍUFÉLAGANNA Í ÖRFISEY** Samráð olíufélagana var víðtækt en í skýrslu samkeppnisyfirvalda segir meðal annars að samráðið hafi beinst að viðskiptum við Ríkiskaup. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÚÐVÍK BERGVINSSON** Lúðvík segir óskiljanlegt að samningarnir hafi verið endurnýjaðir án útboðs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HUGI HREIÐARSSON** Hugi er ekki sáttur við starfsaðferðir Ríkiskaupa. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Silvía Nótt og Eurovision:

## Kæran tekin fyrir í dag

**SÖNGVAKEPPNIN** Útvarpsráð fjallar um stjórnsýslukæru Kristjáns Hreinssonar í dag en hann kærði ákvörðun útvarpsstjóra um að breyta reglum forkeppninnar. Kristján telur að vísa hefði átt laginu Til hamingju Ísland í flutningi Silvíu Nóttar frá keppni eftir að ljóst var að því hafði verið dreift á netinu. Silvía Nótt komst áfram í forkeppninni og samkvæmt því keppir hún ásamt fjórtán öðrum í úrslitakeppninni.



**SILVÍA NÓTT** Þátttaka hennar hefur verið kærð. FRÉTTABLAÐIÐ/SK

Gunnlaugur Sævar Gunnarsson, formaður Útvarpsráðs, staðfesti að málið yrði tekið fyrir í dag en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um það. **-shá**

Úthlutun Menntaráðs:

## Styrkir hækka um 30 milljónir

**MENNTAMÁL** Menntaráð Reykjavíkur úthlutaði í gær styrkjum til fræðslu og þróunarverkefna fyrir skólaárið sem hefst í haust. Lögð var áhersla á verkefni sem tengjast samstarfi leik- og grunnskóla, kennslu bráðgerra barna, enskukennslu og íslenskukennslu fyrir börn innflytjenda.

Stefán Jón Hafstein, formaður Menntaráðs Reykjavíkurborgar, segir það hafa verið ákveðið að styðja við þróunar- og nýsköpunarstarf í skólunum í meira mæli en áður hefur verið gert og var framlagið því hækkað úr 40 milljónum í 70 milljónir. „Við ákváðum að hækka styrkina um þrjátíu milljónir króna. Það er stefna Menntaráðsins að styrkja sérstaklega skólafólk til þess að efna til nýsköpunarverkefna.“ **- mh**






Urgur í kennurum í Menntaskólanum á Akureyri og í Reykjavík:

# Telja formanninn hafa svikið lit

**MENNTAMÁL** „Þau tíu skref sem þarna um ræðir eru óljós og loðmolluleg og ég fæ ekki annað séð en að aðeins hafi tekist að fresta skerðingu framhaldsskólans um eitt ár,“ segir Sverrir Páll Erlendsson, kennari við Menntaskólann á Akureyri.

Urgur er meðal allmargra kennara með samkomulag það sem Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, gerði við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra í vikunni um samstarf til sóknar í skólastarfi með það að leiðarljósi að stytta nám til stúdentsprófs. Sagði Eiríkur að með samkomulaginu um „tíu skref til sóknar í skólakerfinu“ gæfist nauðsynlegur tími til að undirbúa fyrirhugaða styttingu námsins hvað innihald námsins snerti.

Allnokkrir kennarar, bæði í Menntaskólanum á Akureyri og í Menntaskólanum í Reykjavík, telja Eirík hafa svikið lit. Sverrir tekur undir með kennurum fyrir sunnan að furðu megi sæta að forysta Kennarasambands Íslands gangi með þessum hætti fram fyrir skjöldu án þess að ræða nokkuð við kennara.

„Með þessu er verið slá vopnin úr höndum þeirra fjölmörgu kennara sem reynt hafa að koma í veg fyrir það slys sem stytting náms hefði í för með sér og eins nemenda sem barist hafa gegn því að fá lélegri undirb úning til stúdentsprófs. Þarna er verið að hunsa óskir fjölmargra sem höfðu á þessu skoðun.“ **- aöe**



**SVERRIR PÁLL ERLENDSSON** Segir urg í mönnum þar sem óskir félagsmanna Kennarasambandsins hafi verið virtar að vettugi við samkomulag það er gert var við menntamálaráðherra fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/KK


Landsbankinn
Banki allra námsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is
Námsmenn glíma við hin ótrúlegustu vandamál á meðan á námi þeirra stendur. Okkar hlutverk er að létta undir með þeim þegar mest á reynir.
Í Námunni færðu tillitssemi og ...
• Mitt kort, bæði debet- og kreditkort
• tölvulán
• námsstyrki
• Einkabankann
• framfærslulán vegna LÍN
• bankaábyrgð á námslánum
• hagstæðari kjör á yfirdráttarlánum
• eigin þjónustufulltrúa
• greiðsluþjónustu
sýnum námsmönnum tillitssemi
„Vinsamlegast virðið símatíma minn milli kl. 9 og 9:30 svo ég geti einbeitt mér nægilega að náminu.“
Nemi á fyrsta ári í lögfræði.



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað heitir forseti Venesúela?*

2 *Hversu lengi lá ísmaðurinn, Oetzi, frosinn í jökli?*

3 *Hver var valinn besti leikmaðurinn á EM?*

SVÖR Á BLS. 34

Ættingjar bíða enn frétta af afdrifum farþega ferjunnar sem fórst í Rauðahafi:

# Réðust inn á skipafyrirtækið

**EGYPTALAND, AP** Tugir ættingja farþeganna sem voru um borð í egypsku ferjunni Al-Salaam Boccaccio 98, sem sökk í Rauðahafið í síðustu viku, réðust inn á skrifstofur skipafyrirtækisins í gær. Yfir 1400 manns voru um borð í ferjunni þegar hún sökk. Alls hefur 388 verið bjargað og 244 lík hafa fundist, en um 800 manns er enn saknað.

Hundruðir ástvina þeirra sem um borð voru komu til hafnarborgarinnar Safaga í Egyptalandi á föstudag, og þar bíður fólkið enn frétta. Í gær kom svo til óeirða þegar fólkið, viti sínu fjær af ótta og sorg, réðst inn á skrifstofur fyrirtækisins með miklum látum og lagði eld að skilti fyrirtækisins. Óeirðalögregla beitti táragasi til að dreifa mannfjöldanum. Einnig kom til óeirða fyrir utan sjúkrahús í nágrannaborg í gær eftir að sjúkrahúsyfirvöld birtu myndir af hinum látnu. Fólkið var að reyna að komast inn í líkhúsið.

Yfirvöld eru sökuð um seinagang og að sitja á upplýsingum, sem og að hafa ekki sinnt björgunaraðgerðum sem skyldi. Flestir farþegar um borð voru egypskir verkamenn á heimleið frá störfum í Sádi-Arabíu og nágrannaríkjunum. - smk



**VITI SÍNU FJÆR AF SORG** Mikil reiði í garð yfirvalda og eiganda ferjunnar hefur gripið um sig meðal þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjóvá verðlaunar árangur:

## Veruleg fækkun tjóna

**UMFERÐARMÁL** Undanfarin ár hefur Sjóvá unnið markvisst forvarnarstarf meðal fyrirtækja sem eru tryggð hjá félaginu. Eins og undanfarin ár verðlaunar félagið það fyrirtæki sem náði bestum árangri í forvarnarstarfi meðal ökumanna sinna.

Í ár var það fyrirtækið ISS-Ísland sem hlaut Sjóvá-bikarinn að launum fyrir framúrskarandi árangur. Fyrirtækið sendi alla bílstjóra sína á námskeið hjá Sjóvá með þeim árangri að tjónum fækkaði um 70 prósent á milli ára. Eftir námskeiðið hafa aðeins tvö umferðartengd tjón orðið hjá 50 bíla flota fyrirtækisins. -shá



**HELLAMYNDIR Í LASCAUX** Hin nýfundnu listaverk gætu reynst eldri.

Merk tíðindi frá Frakklandi:

## 25 þúsund ára hellamálverk

**PARÍS, AP** Hellamyndir, sem taldar eru vera eldri en hinar frægu hellamyndir í Lascaux, fundust nýverið í Charente-héraði í Vestur-Frakklandi.

Myndirnar uppgötvuðust í helli nálægt þorpinu Vilhonneur og eru taldar vera um 25.000 ára gamlar að sögn bæjarstjóra þorpsins. Hann segir þó að enn sé fullsnemmt að ákvarða nákvæmlega um aldur hellamyndanna. Verði þetta staðfest þýðir það að þessar hellamyndir eru talsvert eldri en hellamálverkin í Lascaux og í Altamira á Norður-Spáni sem hingað til hafa verið talin með elstu listaverkum mannsins. ■

Hótelgisting hér á landi:

## Mikil fjölgun á fimm árum

**FERÐAMÁL** Gistinóttum á hótelum fjölgaði um sex prósent á milli ára en þær voru rúmlega ein milljón talsins á síðasta ári. Aukningin nam rúmlega 60 þúsund gistinóttum.

Hlutfallslega mesta fjölgunin var á Suðurnesjum, Vestfjörðum og Vesturlandi en fjölgun gistinótta þar var um 21 prósent miðað við árið á undan.

Á Norðurlandi og Suðurlandi dróst fjöldi gistinátta saman um tvö prósent á hvoru svæði fyrir sig.

Frá árinu 2001 hefur fjöldi gistinátta á hótelum aukist um 32 prósent. Mest hefur fjölgunin verið á Suðurlandi en þar var hún 75 prósent. - mh



**ÁLAG HVERGI MEIRA** Algengt er að lögreglumenn verði fyrir líkamsárás við vinnu sína. Þeir þurfa að eiga við alvarlegar hótanir í sinn garð og fjölskyldu sinnar og þetta eilífa álag í starfi virðist minnka lífslíkur þeirra til muna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Segja lögreglumenn lifa skemur en aðra

**Nýleg könnun sýnir að álagið á íslenskum lögreglumönnum er það mikið að þeir lifa heilum þrettán árum skemur en aðrir landsmenn að meðaltali.**

**LÖGREGLUMÁL** „Niðurstöðurnar komu okkur verulega á óvart en sýna sennilega betur en annað hversu mikið álag fylgir því að starfa sem lögreglumaður," segir Páll E. Winkel, framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna. Sláandi niðurstöður er að finna í nýlegri úttekt sem sambandið gerði á lífaldri lögreglumanna og sýna þær svo ekki verður um villst að lögreglumenn lifa að meðaltali þrettán árum skemur en aðrir landsmenn.

Niðurstöðurnar hér á landi staðfesta það sem erlendar kannanir hafa sýnt, að andlegt álag á lögreglumönnum er gríðarlega mikið. Það er mun meira en líkamlegt álag og er það talin orsök að hluta fyrir því að meðalaldur lögreglumanna er almennt lægri.

Úttektin tók til tæplega 300 látinna lögreglumanna og segir Páll að þótt ekki hafi verið beitt öllum þeim vísindalegu aðferðum sem hægt er við úrvinnsluna séu niðurstöðurnar engu að síður marktækar. „Þegar tillit er tekið til þess að líkamlegt ástand lögreglumanna er almennt gott, sér í lagi eftir að Lögregluskólinn hóf starfsemi sína, því standast þarf ítarleg líkamleg próf til að komast þar inn, eru þetta enn meiri tíðindi."

Hann segir fullvíst sambandið muni notfæra sér þessar upplýsingar í næstu kjarasamningum enda fáar, ef einhverjar, starfsstéttir þar sem annað eins þekkist. „Lögreglumenn búa við mikið álag og það er eflaust höfuðorsök þess að þeir deyja fyrr. Okkur þykir þess vegna eðlilegt að tekið verði tillit til þessa í samningum og það má jafnvel hugsa sér að lífeyrisaldur lögreglumanna verði lækkaður vegna þessa."

Samkvæmt rannsóknum Félagsvísindastofnunar á starfsumhverfi lögreglumanna hafa 64 prósent þeirra fengið alvarlegar hótanir í starfi. Yfir helmingur þeirra hefur orðið fyrir líkamsmeiðingum í starfi og það versta er sennilega að yfir 40 prósent lögreglumanna hafa þurft að þola hótanir og svívirðingar sem beint er að fjölskyldum þeirra.

Páll segir pott víða brotinn í umhverfi og starfi lögregluþjóna landsins en það að álagið stytti líf þeirra að meðaltali um þrettán ár sé það sem brýnast sé að ráða bót á. „Það þarf sterk bein til að þola slíkt áreiti sem lögreglumenn verða fyrir í starfi sínu og þessar niðurstöður sýna svo ekki verður um villst að þetta tekur þrettán ára toll af líkama og sál."

albert@frettabladid.is

Lögreglan á Selfossi:

## Handtekin í Kömbunum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi handtók tvo karlmenn og eina konu í Kömbunum á miðvikudagskvöldið. Bifreið þeirra hafði lent í árekstri, en í ljós kom að ökumaðurinn var ekki með ökuréttindi.

Við leit í bifreiðinni fundust fimm grömm af efni sem lögregla telur að sé amfetamín, auk nokkurs magns af annars konar hvítu dufti sem ætla má að hafi verið til íblöndunar.

Einnig fannst í bílnum fartölva sem hafði verið stolið úr framhaldsskóla í Reykjavík.

Fólkinu var sleppt sólarhring seinna eftir yfirheyrslur. - sdg

Velferðarsvið Reykjavíkur:

## Tæplega sextíu styrkir veittir

**FÉLAGSMÁL** Velferðarráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum þann 18. janúar styrkveitingar til félagsmála fyrir árið 2006. Flestar tilnefningarnar eru til félagasamtaka sem sinna verkefnum í velferðarmálum í Reykjavík.

59 aðilar fá styrki af einhverju tagi, bæði almenna styrki til eins árs og einnig hefur Velferðarsvið gert þriggja ára þjónustusamninga við 14 félagasamtök og aðrir fimm eru í undirbúningi. Ennfremur eru greiddir árlegir styrkir til reksturs átta áfangaheimila og veittur stuðningur til aðila sem reka félagslegt leiguhúsnæði. -shá

## KJARAMÁL

**Samningur í höfn** Félag íslenskra náttúrufræðinga hefur gert nýjan kjarasamning við Reykjavíkurborg fyrir fimmtíu félagsmenn sína. Samningur, sem gildir til hausts 2008, verður kynntur í vikunni og um hann greidd atkvæði.




Virkjum velferðina
– í þágu allra
– til að auka jöfnuð í Reykjavík
– til að fólk geti búið við öryggi
– til að samfélagið njóti góðs af

Veljum BJÖRK í 3.–4. sæti

www.bjorkv.is

Kosningaskrifstofa á Skólavörðuholtinu
Lokastíg 28, sími 551 2859, bjork@reykjavik.is, opið kl. 15-19.
Opið prófkjör Samfylkingarinnar og óháðra 11.–12. febrúar 2006.


Leiðtogaefni VG á Akureyri andsnúinn álveri í Eyjafirði:

# Vill álver við Húsavík

**STÓRIÐJA** Baldvin H. Sigurðsson, væntanlegur oddviti Vinstri grænna á Akureyri, segist sáttur við að álver rísi á Bakka við Húsavík en er hins vegar alfarið á móti álveri í Eyjafirði. „Ef Húsvíkingar vilja fá álver við bæjardyrnar sem styðst við jarðvarma á Norðausturlandi, þá er það þeirra mál og ég leggst ekki gegn því. Ég vil hins vegar ekki sjá álver í Eyjafirði sem kallar á vatnsaflsvirkjanir þannig að að sökkva þurfi dýrmætu landi," segir Baldvin.

Leiðtogaefni VG á Akureyri segir að ekki megi líta á sig sem sérstakan álverssinna en segist þó sjá ýmsa atvinnuskapandi möguleika sem felast í áliðnaðinum. „Ef Húsvíkingar fá álverið er ég ekki andsnúinn því að reist yrði verksmiðja í Eyjafirði sem myndi fullvinna vörur úr álinu. Ég legg þó áherslu á að stóriðja okkar Akureyringa felst í því að efla háskólann, sjúkrahúsið og ferðaþjónustuna á svæðinu," segir Baldvin. - kk



**BALDVIN H. SIGURÐSSON** Væntanlegur oddviti VG á Akureyri segist ekki vera álverssinni en sér þó ýmis tækifæri til atvinnusköpunar í tengslum við áliðnaðinn.

# SJÓÐIR Í SÉRFLOKKI

Innlendir hlutabréfasjóðir KB banka skiluðu hæstu ávöxtun innlendra hlutabréfasjóða á Íslandi ári 2005 líkt og síðastliðin 5 ár. Árið 2005 náðu allir innlendir hlutabréfasjóðir KB banka betri ávöxtun en samanburðarvísitölur, sem eru Úrvalsvísitala og Heildarvísitala. Þrír innlendir hlutabréfasjóðir KB banka náðu betri ávöxtun á árinu 2005 en 12 af 15 skráðum félögum í Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands. Nánari upplýsingar í síma 444 7000 eða í næsta útibúi KB banka.

ÁVÖXTUN INNLENDRA HLUTABRÉFASJÓÐA KB BANKA ÁRIÐ 2005




Upplýsingar um ávöxtun verðbréfasjóða er að finna á vefsíðu Lánstrausts, www.sjodir.is, sem er óháður aðili.

[1] Fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði.

[2] Iceland Equity er sjóður með starfsleyfi og undir eftirliti fjármálaeftirlitsins í Lúxemborg og lýtur þarlendum lögum um sjóði og eftirlit yfirvalda. Sjóðurinn flokkast sem Part II sjóður og telst því ekki til verðbréfasjóða (UCITS) en fjárfestingarheimildir eru svipaðar þeim heimildum sem fjárfestingarsjóðir hafa hérlendis.

[3] Verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Þessir sjóðir eru vísitölusjóðir sem hafa það að markmiði að endurspegla viðmiðunarvísitölu þeirra hverju sinni. Þar af leiðandi ætti ávöxtun þessara sjóða ávallt að vera mjög nærri breytingu viðmiðunarvísitölu þeirra. Úrvalsvísitölusjóður endurspeglar ICEX -15 og ICEQ endurspeglar ICEX-15 Cap.

Framangreindum sjóðum er stýrt af af Rekstarfélagi Kaupþings banka hf.

Útboðslýsingar og nánari upplýsingar má nálgast í höfuðstöðvum og útibúum KB banka.

KB BANKI
– kraftur til þín!

ENNEMM / SÍA / NM20133



**ÁRAMÓT Í KÍNAHVERFI** Þessi karlmaður, klæddur afar mikilfengnum hefðbundnum kínverskum búningi, ók um stræti Manhattan í New York á sunnudag, í tilefni kínversku áramótanna. Hátíðin er sú stærsta sem haldin er í Kínahverfi New York-borgar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Elsti þingmaður þjóðarinnar krefur ráðherra um svör:

# Vill lækka skatta á lyfjum

**ALÞINGI** Jón Kr. Óskarsson, varaþingmaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, lagði í síðustu viku fram fyrirspurn til Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra um hvort hann væri tilbúinn að lækka virðisaukaskatt á lyfjum. Jón segir að allir viti að öryrkjar, eldri borgarar og barnafólk séu þeir sem þurfa mest á lyfjum að halda og lækkun á virðisauka yrði gífurleg kjarabót fyrir þá sem minnst hafa milli handanna.

Jón lagði fram fyrirspurn um þetta sama efni árið 2004 til þáverandi fjármálaráðherra, Geirs H. Haarde, og fékk þau svör að við sjö prósenta lækkun virðisaukaskatts, sem nú er 24,5 prósent, yrði ríkissjóður af 540 milljónum króna. Jón segir staðfest að lyfjanotkun hefur aukist og verð hækkað mikið á þeim tíma sem liðinn er frá því hann vakti máls á þessu síðast.



**JÓN KR.** Veit hvað hann syngur enda á hann fimm börn og 11 barnabörn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann reiknar ekki með því að ráðherra sé tilbúinn að lýsa því yfir að stefnt verði að lækkun virðisaukaskatts á lyf fljótlega en hann hlakkar til að heyra svör hans og rök fyrir því að gera það ekki.

Að lokum vill Jón minna á að hann er elsti þingmaður þjóðarinnar og veit svo sannarlega hvar skórinn kreppir því hann á fimm börn og ellefu barnabörn. -shá

Bílvelta á Hellisheiði:

# Á sumardekkjum í hálkunni

**BÍLSLYS** Mikil mildi þykir að ekki fór verr þegar fólksbíll valt á Hellisheiði um tvöleytið í fyrrinótt en ökumaður bílsins var einn í bílnum þegar slysið varð.

Mikil hálka var á heiðinni en bíllinn var illa útbúinn til keyrslu í hálku þar sem hann var á sumardekkjum. Að sögn lögreglunnar á Selfossi voru aðstæður allar hinar verstu því auk hálkunnar er vegurinn á Hellisheiði illa farinn og beinlínis hættulegur í slæmu skyggni.

Ökumaður bílsins var fluttur á slysadeild. Hann er grunaður um ölvun við akstur. - mh

Félag múslima á Íslandi:

# Enn langt í framkvæmdir

**SAMFÉLAGSMÁL** „Búið er að finna okkur stað fyrir moskuna og það er nokkuð stór áfangi sem við fögnum innilega," segir Salmann Tamimi formaður Félags múslima á Íslandi.

„Enn er of snemmt að segja nokkuð til um það hvenær framkvæmdir geta hafist. Þetta er í umhverfismati og við múslimar bíðum rólegir eftir því en svo er eftir að gera teikningar. Síðan þurfum við náttúrlega að eiga fyrir þessu," segir hann kankvís.

Múslimar á Íslandi áætla að fjármagna moskuframkvæmdirnar með framlögum félaga hér á landi en einnig vonast þeir eftir aðstoð frá samtökum múslima á öðrum Norðurlöndum.

„Svo væri náttúrlega æskilegast að ríkið styrkti okkur líka," bætir Salmann við. - jse

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hass fannst í bíl** Lítilræði af hassi fannst í bíl sem var stöðvaður í Keflavík í síðustu viku. Í húsleit sem var gerð í kjölfarið fannst lítið magn af hvítu efni sem lögregla telur vera amfetamín.

**Lenti utan vegar** Alvarlegt umferðarslys varð í Súgandafirði um helgina þegar fólksbíll lenti utan vegar og valt. Þrír voru í bílnum og þurfti að nota klippur til þess að ná tveimur þeirra út. Betur fór en á horfðist í fyrstu og sluppu allir sem í bílnum voru við alvarleg meiðsli.

**Tveir slösuðust** Lögreglan í Borgarnesi þurfti að koma til aðstoðar á föstudagskvöldið þegar tveir bílar sem komu úr gagnstæði rákust saman á Vesturlandsvegi. Alvarleg slys urðu ekki á fólki en flytja þurfti ökumann og farþega annars bílsins með sjúkrabíl til Akraness.



**MOSKA VIÐ HLIÐINA Á STALDRINU** Múslimar fá líklega lóð á hálfgerðu malarsvæði í jaðrinum á Elliðaárdalnum, nánar tiltekið við hliðina á Staldrinu í Reykjavík. Þar ætla þeir að reisa mosku. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




**HÉR VERÐUR HOF OG DÓMHRINGUR** Bygging hofs og dómhrings er fyrirhuguð í skógarrjóðri við Öskjuhlíðina. Þar er talið að hof og dómhringur geti fallið vel inn í umhverfið. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Ný bænahús rísa í borginni

**Rússneska rétttrúnaðarkirkjan, ásatrúarmenn og múslimar reisa bænahús í Reykjavík á næstu árum. Fulltrúar rétttrúnaðarkirkjunnar vonast til að framkvæmdir við kirkjubyggingu geti hafist þegar í sumar.**

**REYKJAVÍKURBORG** Þrjú bænahús verða væntanlega reist í Reykjavík á næstu árum. Það er Rússneska rétttrúnaðarkirkjan, Félag ásatrúarmanna og Félag múhameðstrúarmanna sem hafa fengið vilyrði um lóðir í Reykjavík og er málið þessa dagana til umfjöllunar hjá umhverfisráði.

Félag íslenskra múslima þarf 4.000-5.000 fermetra lóð undir mosku og er stefnt að því að byggingin verði rúmlega 2.000 fermetrar að stærð. Verið er að gera úttekt á lóðinni við hliðina á Staldrinu norðan við Garðheima í krikanum hjá Stekkjarbakka og Reykjanesbraut. Lóðin tilheyrir Elliðaárdalnum og þarf því að gera breytingu á aðalskipulagi dalsins ef þetta á að ná fram að ganga.

Helga Bragadóttir, skipulagsfulltrúi í Reykjavík, segir að lagt verði til við skipulagsráð að svæðið verði tekið til deiliskipulags sem allra fyrst ef ákveðið verður að úthluta múhameðstrúarmönnum þessari lóð. Á þetta svæði geti komið til viðbótar önnur starfsemi, til dæmis sem tengist dalnum.



**RÚSSNESKA RÉTTTRÚNAÐARKIRKJAN** Kirkja í þessum stíl gæti risið á Landakotstúni á næstu árum. Faðir Timofej segir að hún verið um 600-700 fermetrar að stærð og allt að 21 metri á hæð.

Tveir til þrír staðir koma til greina fyrir kirkju og félagsheimili Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar, annað hvort norðan við fyrirhugaðan duftgarð við Leynimýri í Öskjuhlíð, á Landakotstúni við bílastæðið gegnt rússneska sendiráðinu eða við Hávallagötu 14 þar sem nú eru byggingar kaþólsku kirkjunnar.

Faðir Timofej, yfirmaður Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar á Íslandi, segir að kirkjan verði byggð í hefðbundnum stíl með kúplum í anda kirkjunnar og að hönnun og framkvæmdir hefjist vonandi strax í sumar eða um leið og borgaryfirvöld gefa grænt ljós. Hann segir að byggingin verði 600 fermetrar að stærð, kirkja, safnaðarheimili og skóli.

Faðir Timofej segir að allir staðirnir séu góðir en kannski sé Landakotstúnið besti staðurinn því að þaðan sé stutt í rússneska sendiráðið auk þess sem kirkjan sé í góðu sambandi við bræður sína í kaþólsku kirkjunni.

Þá er til umræðu að úthluta ásatrúarmönnum 1.500-2.000 fermetra lóð undir byggingu um 700 fermetra hofs, félagsheimilis og dómhrings í skógarjaðri í Leynimýrinni. Ásatrúarmenn myndu þar hafa sameiginlega aðkomu með Perlunni.

ghs@frettabladid.is


LEGACY

ALLIR VEGIR FÆRIR

30 ÁRA FARSÆLD Á ÍSLANDI SUBARU

– Ný 2,0 lítra vél - 165 hö.
– Tölvustýrð loftkæling
– Sítengt aldrif (AWD)
– Kastarar í stuðara
– 17" álfelgur
– Hraðastillir

| Tegund | Verð |
|---|---|
| LEGACY Sedan beinsk. | 2.210.000,- |
| LEGACY Sedan sjálfsk. | 2.440.000,- |
| LEGACY Wagon beinsk. | 2.390.000,- |
| LEGACY Wagon sjálfsk. | 2.590.000,- |

www.subaru.is



SYMMETRICAL AWD SUBARU MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Sóllúga er aukabúnaður á mynd.

# SETTU MARKIÐ HÁTT!




Nýr Grand Vitara, er lúxusjeppi byggður á grunni Grand Vitara frá Suzuki, einum stærsta bílaframleiðanda Japans. Grand Vitara er alvöru jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um aksturseiginleika, öryggi og hagkvæman rekstur. Undir glæsilegri yfirbyggingu leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif með háu og lágu sídrifi með læsingu á milli fram- og afturhjóla. Það skiptir ekki máli hvort þú ert í borgarumferðinni, eða uppi á fjöllum, einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara gera aksturinn ánægjulegan.

Verð frá kr. 2.630 þús.

Hugtök Feb. 06



# NÝR GRAND VITARA

SUZUKI ...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is

„ORÐRÉTT“

### Maður með skoðanir

**„Ég vil að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni ekki seinna en árið 2010 og að Sundabraut verði í ytri leið.“**

GUNNAR H. GUNNARSSON FRAMBJÓÐANDI Í PRÓFKJÖRI SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK Í GREIN Í FRÉTTABLAÐINU.

### Og þessi líka

**„Í guðs bænum finnið eitthvert annað ráð til þess að velja þetta eina lag, sem á að fara út, en þessi ósköp.“**

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON RITSTJÓRI DV UM SÖNGVAKEPPNI SJÓNVARPSINS.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KRISTJÁN KRISTJÁNSSON, PRÓFESSOR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

## *Rannsakar siðferði og tilfinningar*

Kristján Kristjánsson, prófessor við kennaradeild Háskólans á Akureyri, dvelur nú í Cambridge á Englandi og er hann í rannsóknarleyfi frá störfum sínum við háskólann.

Kristján er með doktorspróf í heimspeki og hefur skrifað fjölda greina og bóka um hugðarefni sín. Á undanförnum árum hefur hann mikið skrifað um siðfræði við kennslu og tilfinningaþroska.

Þetta er í þriðja sinn sem Kristján dvelur í Englandi við rannsóknir og segir hann dvölina þar alltaf ánægjulega. „Það er alltaf gaman að vera í Englandi. Það er að vísu sumt sem er erfitt að venjast, eins og skilningsskortur Englendinga á því að búa í almennilegu húsnæði og við þokkalegt hreinlæti. En að öðru leyti er einstaklega gott að vera hér og háskólalífið er líflegt og skemmtilegt.“

Kristján vinnur nú að því að skrifa um kenningu Daniels Goleman um tilfinningagreind. „Ég hef sett mér það metnaðarfulla markmið að reyna að bæta kenningu Golemans um tilfinningagreind. Mér finnst vanta siðferðislega dýpt í annars áhugaverða kenningu Golemans og ég ætla mér að hverfa aftur til Aristótelesar og skoða sérstaklega hans kenningar um tilfinningar og tilfinningakennslu. Vonandi gef ég út bók um þetta efni á endanum en mér finnst nú líklegra að hún verði á ensku en íslensku þar sem lesendahópurinn á Íslandi er svo lítill, því miður.“

Kristján hefur í áranna rás verið ötull talsmaður nytjastefnu og í stórskemmtilegri bók hans, Af tvennu illu, veltir hann fyrir sér ýmsum hliðum hennar. „Ég mun í vor fjalla um nytjastefnu á ráðstefnu um John Stuart Mill og mun þar halda uppi vörnum fyrir nytjastefnuna.“



Kristján Kristjánsson, prófessor í heimspeki.

## SJÓNARHÓLL

**UPPSÖGN VIGGÓS SIGURÐSSONAR HANDBOLTAÞJÁLFARA**



**MAGNÚS ÞÓR GYLFASON, STARFSMAÐUR BORGARSTJÓRNARFLOKKS SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS**

### *Treystir HSÍ*

„Hann finnur sér bara aðra vinnu,“ segir Magnús Þór Gylfason, starfsmaður borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, um uppsögn Viggós Sigurðssonar hjá karlalandsliðinu í handbolta. Viggó sagði starfi sínu lausu fyrir Evrópumótið sem fram fór á dögunum en uppsögninni var haldið leyndri þar til á laugardag. Magnús hefur ekki þungar áhyggjur þótt Viggó hafi sagt starfi sínu lausu og er fjarri því að missa svefn vegna þess. Eins og gengur eru margir nefndir þegar völlum er velt yfir hver taki við liðinu og ætlar Magnús Þór að láta forystumönnum handboltasambandsins það algjörlega eftir. „Ég treysti HSÍ vel til þess, betur en sjálfum mér,“ sagði hann þegar hann er spurður um hugsanlegan eftirmann.

# Íbúinn týndi rostungstönnum

**Sýning á landnámsskálanum í Aðalstræti í Reykjavík verður opnuð almenningi í maí. Þrjár rostungstennur og franskt glerbrot fundust í rústum skálans. Aldrei fæst úr því skorið hvort þar bjó Ingólfur Arnarson.**



**LANDNÁMSSKÁLINN** Sýning á fornleifunum í Aðalstræti verður opnuð við setningu Listahátíðar 12. maí. Hjörleifur Stefánsson arkitekt segir viðfangsefnið spennandi enda rústirnar einstakar fyrir margra hluta sakir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrir fimm árum fannst skálarúst frá upphafi 10. aldar ásamt veggjabrotum frá því um 870 og eru þetta elstu mannvirki sem fundist hafa í Reykjavík. Sýning á rústunum og rannsóknum á þessum menningarminjum verður opnuð við upphaf Listahátíðar 12. maí.

„Þetta er mjög spennandi viðfangsefni,“ segir Hjörleifur Stefánsson arkitekt sem er verkefnisstjóri sýningarinnar. Hann segir sýninguna verða nýstárlega og eru sérfræðingar frá útlöndum kallaðir til ráðgjafar.

Þrjár rostungstennur, sem voru taldar dýrgripir á þeim tíma, fundust í rústinni og glerbrot úr íláti sem að öllum líkindum er franskt að uppruna. „Rostungsbyggð við Faxaflóa kann að hafa stuðlað að því að menn settust hér að. Að komast í svona náttúruauðlind hefur hvatt menn frekar en latt,“ segir Hjörleifur og bætir við að franska glerbrotið segi svo nokkuð um sambönd manna á þessum tíma.

Rannsóknir á öskulagi úr rústunum sýna aldur þeirra en til hliðsjónar voru hafðar borkjarnarannsóknir úr Grænlandsjökli. Öskulagið féll 871 en talið er að tímasetningunni geti skeikað um tvö ár af eða á. Mun sýningin því heita Reykjavík 871 +/- 2.

Getum hefur verið leitt að því að sjálfur Ingólfur Arnarson hafi búið í skálanum en Hjörleifur segir ógjörning að segja til um það. „Enginn maður mun nokkurn tíma geta sagt til um hvort Ingólfur bjó þar eða ekki. Menn geta aðeins látið sig dreyma um það.“ En hvort svo var eða ekki eru rústir skálans mikilvægar. „Landnámabók og Íslendingabók segja frá þeirri helgisögn að það hafi verið hér í Reykjavík sem byggðin hófst og það að við skulum finna mannvirki frá nákvæmlega þessum tíma á nákvæmlega þessum stað gerir það að verkum að þessar rústir hafa táknræna merkingu umfram það sem rústir annars staðar hafa,“ segir Hjörleifur.



**ALVÖRUMÁL** Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi, Hjörleifur Stefánsson arkitekt og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður verkefnisstjórnar, voru íbyggin á svip þegar sýning skálans var kynnt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Um íbúann í skálanum við Aðalstræti er annars fátt vitað, utan hvað telja má að hann hafi verið slóði að týna rostungstönnunum þremur. ■






Lítill sómi er að húsi gömlu Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík við Mýrargötu:

# Horfið frá fyrri áformum

Þrátt fyrir fögur fyrirheit um annað stendur hús gömlu Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík við Mýrargötu óbreytt. Langt er síðan frysting lagðist af í húsinu og sameinaðist Hraðfrystistöðin Granda fyrir sextán árum. Ýmis starfsemi hefur verið í húsinu á síðustu árum, meðal annars bílasala og geisladiskaútgáfa. Ítrekað var reynt að kveikja í húsinu fyrir um ári.

Áform um framtíð hússins eru tíunduð á miklu skilti á hlið þess. Þar kemur fram að Nýja Jórvík ehf. byggi nýtísku íbúðir og vinnustofur og eru verklok sögð 2005. Það ár er liðið og ekkert að frétta af verklokum.

Magnús I. Erlingsson lögfræðingur er í forsvari fyrir húseigendur. Hann segir að horfið hafi verið frá þeim hugmyndum sem uppi voru en nýjar hafi skotið upp kollinum. Vildi hann ekkert segja til um hvort húsið verður rifið eða gert upp, né tjá sig frekar um áætlanir húseigenda. Sagði hann þær verða kynntar þegar að því kemur en ekki sé ljóst hvenær það verður. -bþs




**MÝRARGATA 26** Hér var fiskur frystur af miklu kappi á árum áður en Hraðfrystistöðin sameinaðist Granda árið 1990. Lítil prýði er af húsinu eins og er en engar upplýsingar er að hafa frá eigendum þess um framtíðaráform. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.480 **+0,62%** **Fjöldi viðskipta:** 533 **Velta:** 2.973 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Dagsbrún** | +2,89% | **Tryggingamiðstöðin** | -2,44% |
| **Atorka** | +1,64% | **Actavisi** | -0,73% |
| **Íslandsbanki** | +1,52% | **Landsbankinn** | -0,72% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 54,20 -0,730% ... Atorka 6,20 +1,64% ... Bakkavör 54,70 +0,55% ... Dagsbrún 5,70 +2,89% ... FL Group 23,00 +0,88% ... Flaga 3,88 +0,00% ... Íslandsbanki 20,10 +1,52% ... KB banki 938,00 +0,97% ... Kögun 63,00 +0,00% ... Landsbankinn 27,70 -0,72% ... Marel 70,10 +0,57% ... Mosaic Fashions 17,70 +0,00% ... SÍF 4,08 +1,24% ... Straumur-Burðarás 20,70 +0,98% ... Össur 105,00 +0,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Dagsbrún græddi 718 milljónir



**GUNNAR SMÁRI EGILSSON** Forstjóri Dagsbrúnar segir starfsemi félagsins hafa styrkst .

Tekjur Dagsbrúnar í fyrra námu rúmlega 15 milljörðum, að því er fram kemur í ársuppgjöri félagsins, en það er aukning upp á 119 prósent milli ára. Hagnaður eftir tekjuskatt nam 718 milljónum króna, miðað við 509 milljónir árið áður.

Afkoman er undir meðalspá greiningardeilda bankanna sem hljóðaði upp á 785 milljón króna hagnað. Félagið segir afkomuna í takt við áætlun.

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 3.082 milljónir króna, en var árið áður 1.922 milljónir. Aukningin milli ára nemur 60 prósentum.

Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar segir stefnt að enn frekari vexti félagsins á þessu ári, innanlands sem utan. „Á síðasta ári keyptum við fjarskiptafélagið Kall í Færeyjum. Við stefnum að því að auka umsvif okkar utan Íslands enn frekar,“ segir hann og kveður uppbyggingu Dagsbrúnar og skipulag gera félaginu fært að sækja til útlanda á fleiri en einu sviði samtímis.

Í gær var einnig greint frá kaupum Dagsbrúnar á öllu hlutafé Senu, en þau eru gerð með fyrirvara um samþykki samkeppnisyfirvalda. Sena er hluti af Degi Group og með kaupunum fylgir tónlistarútgáfa, umboð fyrir tölvuleiki, tónlist, kvikmyndir og allur annar rekstur Dags Group sem heyrir undir afþreyingarsvið. Greitt verður fyrir Senu með 1.600 milljónum króna í reiðufé og með hlutafé í Dagsbrún að nafnvirði 266,7 milljónir króna, auk viðbótargreiðslu upp á allt að 400 milljónir króna, verði gengi félagsins undir 7,5 í lok þessa árs.

„Með kaupunum á Senu og Securitas fyrir tveimur vikum hefur Dagsbrún breikkað starfsvið sitt. Við höfum trú á að þessi fyrirtæki eigi eftir styrkjast af tengslum sínum við Dagsbrún,“ segir Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar. **- óká**



**JEFF BEZOS FORSTJÓRI AMAZON.COM** Hagnaður Amazon nam á síðasta ársfjórðungi 12,4 milljörðum króna.

# Minni hagnaður Amazon

Hagnaður netbóksölunnar Amazon nam rúmum 12,4 milljörðum íslenskra króna á síðasta fjórðungi ársins 2005. Er það rúmum níu milljörðum minni hagnaður en á sama tíma árið 2004.

„Þetta er ekki góð niðurstaða. Sérstaklega ekki í ljósi þess að desembermánuður er sá langbesti fyrir smásölukaupmenn,“ sagði Todd Chanko, sérfræðingur hjá ráðgjafarfyrirtækinu Jupiter Research.

Forsvarsmenn Amazon kenna um harðari samkeppni frá keppinautum á borð við eBay og Google og segja heimsendingarþjónustu Amazon of dýra í rekstri. Hlutabréf í Amazon féllu um tíu prósent í kjölfar uppgjörsins. **-jsk**

# Erlendir draga úr kaupum

Verulega dró úr kaupum erlendra aðila á íslenskum verðbréfum á fjórða ársfjórðungi síðasta árs samanborið við árið á undan.

Alls voru kaup erlendra aðila á verðbréfum 7,3 milljörðum króna á fjórðungnum, en árið áður námu þau 43 milljörðum. Hrein kaup á hlutabréfum drógust saman um 74 prósent.

Greiningardeild KB banka segir helstu skýringuna vera væntingar um veikingu krónunnar og mikillar hækkunar á innlendum hlutabréfamarkaði. Þó hafi dregið úr væntingum um veikingu krónunnar í kjölfar frétta af frekari stóriðjuframkvæmdum. **-hh**

# Hægir á húsnæðisverði

Verulega hefur dregið úr hækkun húsnæðisverðs á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt tölum Fasteignamats ríkisins. Birtar hafa verið ársfjórðungs- og misseristölur um þróun íbúðaverðs eftir borgarhlutum.

Fram kemur að verð fasteigna í fjölbýli innan Hringbrautar, í hverfi 101, hafi hækkað um 48,6 prósent sé miðað við tímabilið janúar til júní árið 2004, en aðeins um 9,1 prósent miðað við sama tímabil í fyrra.

Þá kemur fram að frá þriðja ársfjórðungi í fyrra hafi íbúðaverð í fjölbýli á svæði 101 í Reykjavík hækkað um 7,7 prósent, mest allra hverfa í Reykjavík. Í Laugarnesi lækkaði íbúðaverð um eitt prósent miðað við sama tímabil. **- óká**





99 kr. dagurinn
99 kr/stk.
Drykkjarkönnur
99 kr/stk.
Bast borðmottur
99 kr/stk.
Pottaleppar
99 kr/pk.
Celebration glös 3 stk.
99 kr/stk.
Ilmkerti margir litir
99 kr/stk.
Bell Bear skrifbók
99 kr/pk.
Litapennar 6 stk.
99 kr/stk.
Lego Bionicle karlar
99 kr/stk.
Neon boltar
99 kr/stk.
Verkfærasett
99 kr/stk.
Nærbuxur m/streng
99 kr/stk.
Nærbuxur m/streng
99 kr/parið
Inniskór
Gildir 7. febrúar á meðan birgðir endast.



99 kr/stk.
Nestle ís 2 teg.
99 kr/pk.
Holta pylsur 5 stk.
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
Júmbó samlokur 3 teg.
m/ rækjum, túnfisk og skinku
99 kr/pk.
Kjúklingavængir 400 g
99 kr/stk.
Stjörnu karamellupoppkorn
99 kr/stk.
Corny Knusbits
99 kr/pk.
Pickwick te
99 kr/pk.
Sun-Maid rúsínur 250 g
99 kr/stk.
Doritos Nacho Cheese
99 kr/stk.
Sápudýr
99 kr/stk.
Bomba
99 kr/kg.
Kirsuberjatómatar
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> FJöldi almennra skurðaðgerða á Landspítala-háskólasjúkrahúsi




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SAMKEPPNI Í FLUGINU

# *Lágfargjaldsflug með fullri þjónustu*

Breska flugfélagið British Airways tilkynnti fyrir skömmu að félagið hæfi reglubundið áætlunarflug til og frá landinu í mars. Þetta er í fyrsta sinn sem stórt flugfélag lítur markaðinn hér á landi hýru auga. Verðflokkar þeir er félagið hefur kynnt eru afar samkeppnishæfir og alveg ljóst að Iceland Express og Icelandair verða að spýta í lófana ætli þau sér að halda sínum hlut.

**Hvað hefur tilkoma BA í för með sér?**

Segja má að harðari keppinaut geti íslensku flugfélögin vart fengið. BA er eitt stærsta flugfélag heims og telja má fullvíst að hingað fljúga þeir ekki nema að vel athuguðu máli. Markaðsrannsóknir þeirra benda til að Ísland sé enn vaxandi markaður enda sýna tölur um ferðamenn hingað til lands að miðað við hversu stutt er milli Bretlands og Íslands eru breskir ferðamenn hingað til lands ekki ýkja margir.



**Mun verðið lækka?**

Fyrir utan sértilboð á fyrstu 20 þúsund sætunum selur BA ferðir sínar á 22.990 krónur fram og til baka. Sé pantað með fyrirvara er það svipað verð og hægt er að fá hjá Iceland Express í dag en ódýrara en hjá Icelandair. Hins vegar er mun meira pláss í vélum BA og full þjónusta er um borð. Allur matur og drykkir eru fríir og dagblöðum dreift ókeypis meðan Iceland Express selur allar sínar vörur um borð og drykkir eru ekki fríir hjá Icelandair. Aðalatriðið fyrir kröfuharða íslenska neytendur verður þó án efa að lengra er milli sæta í vélum BA en fótapláss í vélum Icelandair og Iceland Express er með því minnsta sem þekkist.

**Hvað gera samkeppnisaðilarnir?**

Víst er að Icelandair þarf að spýta í lófana. Fyrirtækið tók kipp þegar Iceland Express tók til starfa og bauð lengi vel samkeppnishæf fargjöld undir nafninu Netsmellir. Lítið hefur farið fyrir þeim á vefsíðum félagsins undanfarna mánuði og þeir sem finnast eru dýrari en hjá Iceland Express. Líklegt má telja að verð þeirra á flugleiðinni til London lækki fljótlega og mögulega bjóða þeir sömu þjónustu og BA hyggst gera. Verra er að spá um viðbrögð Iceland Express þar sem þar er um lággjaldsflugfélag að ræða. Að öllum líkindum mun félagið fremur einbeita sér að öðrum flugleiðum félagsins en að takast á við risann í verðstríði.

## SPURT OG SVARAÐ:

**LOÐNUSTOFNINN**

### *Enn er von með loðnuna*

Mikil umræða hefur átt sér stað um göngu loðnunnar og rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar benda til þess að hún sé með minna móti í ár.



JÓHANN SIGURJÓNSSON

**Er hvalurinn að éta frá okkur loðnuna?**

Í eðlilegu árferði étur hvalurinn verulegt magn af loðnu þótt hún sé frekar lítill hluti af fæðunni hjá honum, að minnsta kosti sumra tegunda.

**Hefur þú áhyggjur af því hversu lítið virðist vera af loðnu í ár?**

Vissulega eru það vonbrigði að við skulum ekki mæla meira.

**Hefur stofninn mælst svona lítill áður?**

Já, það var upp úr 1980 og svo um tíu árum síðar. Enn er von að úr rætist í ár.

# Okkur er ekkert heilagt lengur

**Af hverju brugðust múslímar svona illa við myndbirtingum Jótlandspóstsins? Af hverju er fólk víða á Vesturlöndum svona hissa á viðbrögðum múslíma? Hver er sá grundvallarmunur á menningu og trúarbrögðum okkar og múslíma að síendurteknir árekstrar um stórt sem smátt virðast vera óumflýjanlegir?**

Þessum spurningum og fleiri þessu tengdum beindi Fréttablaðið til Dags Þorleifssonar, sagnfræðings og sérfræðings í sögu íslamstrúar, í von um aukinn skilning.

**Myndir hafa oft verið birtar**

Það sem kemur kannski mest á óvart er að myndir hafa birst af spámanninum Múhameð í gegnum aldirnar í fjölda rita sem gefin eru út af múslímum sjálfum, segir Dagur og bætir við að myndabannið hafi aldrei verið algert og að múslímar taki þetta bann misalvarlega eftir því hvar þeir standa í flokki. „Munurinn á trú múslíma innbyrðis er nefnilega mikill rétt eins og áherslur eru ólíkar í kristnum trúfélögum. Grunnurinn að deilunni í heild sinni er því ekki sá að myndir hafi verið birtar. Grundvallaratriðið er hvað var birt og hvernig staðið var að birtingunni. Ef birt hefði verið mynd af Múhameð sem hefði átt að gefa hugmynd um hvernig maður á sjöundu öld leit út hefði enginn múslími hugsað um það tvisvar, segir Dagur og heldur áfram: „En það sem kemur þessu af stað núna er að þetta er gert til að ögra, til þess að móðga, til þess að æsa upp. Önnur ástæða er að þegar svona nokkuð kemur upp er það hertekið af mestu öfgamönnunum til beggja handa. Það eru alltaf aðilar sem nærast á svona átökum sem er afskaplega slæmt fyrir íslam. Í þessu sambandi má nefna að talið er að sumar af myndunum sem haldið var að múslímum birtust ekki í Jótlandspóstinum eins og sú sem sýndi hann með svínshöfuð. Talið er að hún hafi jafnvel verið teiknuð af harðlínumönnum til að fá enn harðari viðbrögð og til að skapa enn meiri glundroða."



**STYTTAN FRÆGA Í RÍÓ** Það væri óhugsandi fyrir múslíma að birta mynd sem þessa af Múhameð spámanni.

**Jesú og Múhameð**

„Við verðum líka að hafa hugfast að íslam er lögmálstrú en það hefur kristnin aldrei verið. Stjórnmál, efnahagsmál og félagsmál og allt annað eru hluti af lögmálinu og menn verða að fara eftir því í stóru og smáu. Það er líka mikill munur á því hvernig við lítum á Krist og múslímar á Múhameð." Dagur segir að á meðan Kristi er lýst sem guðlegri veru er Múhameð ekkert meira en málpípa Allah. Kristi er lýst sem ljúfmenni og birtist þannig í guðspjöllunum yfirleitt. „Kærleikurinn er aðalatriðið og að bjóða hina kinnina. Allt er þetta óhugsandi fyrir múslímum og reyndar skammarlegt í þeirra augum. Kristur fórnar sér fyrir mannkynið, lætur auðmýkja sig og drepa. Þetta er algjörlega óhugsandi hlutur í íslam. Múslímum finnst það fyrirlitlegt að láta fara svona með sig og fáránlegt að guð hafi látið fara svona með spámann sinn, sem þeir reyndar virða mjög og telja vera einn af spámönnunum. Múhameð hafi aftur verið sá síðasti í langri röð spámanna og því eru orð hans óumbreytanleg og ekki hægt að rengja á nokkurn hátt. Það að biðja fyrir ofsækjendum sínum er líka mjög fjarri múslímum. Þeir biðja fyrir því að gyðingum og aðrir óvinir þeirra tortímist. Íslam er herská trú og hernaður er sjálfsagður hlutur samkvæmt trúarkenningu þeirra ef þannig ber undir." Ekki má heldur gleyma því að Kristur, Búddha, Konfúsíus og Lao Tse voru allir friðsemdarmenn en Múhameð ekki. „Honum er lýst sem leiðtoga í hernaði, sem ræningja og hann drepur hiklaust menn sem honum líkar ekki við. Múhameð breiddi út trú sína með hernaði og það gerðu múslímar líka eftir hans daga. Það er lögð áhersla á það í íslam að Múhameð sé syndlaus og alfullkomin fyrirmynd. Þegar Múhameð er sýndur sem hryðjuverkamaður með sprengju á höfði eða með svínshöfuð er ekki skrítið að viðbrögðin verði harkaleg. Svínið er óhrein skepna og í raun djöfulleg í íslam. Þetta skýrir að hluta þau viðbrögð múslíma sem raun ber vitni og ástæðan fyrir því að við skiljum ekki reiði þeirra."



Dagur Þorleifsson

**Okkur er ekkert heilagt**

Því hefur verið haldið fram að okkur Vesturlandabúum sé ekkert heilagt lengur. Einn viðmælenda Fréttablaðsins, sem ekki vildi láta nafns síns getið, segir að fólk á Vesturlöndum geti ekki skilið viðbrögð múslíma við einhverju sem við lítum á sem saklaust grín. „En það er kannski hægt að reyna að skilja tilfinningar múslíma með því að hugsa málið frá annarri hlið. Það er hægt að bera þetta saman við þær tilfinningar sem við höfum gagnvart ofbeldi gegn börnum, helförinni eða því að tala illa um dáinn mann í hans eigin jarðarför. Allt er þetta hluti af því sem við sameinumst um og er oft kallað pólitísk rétthugsun. Þetta er það sem hreyfir við okkur og allir úthrópa og kalla óhæfu. Kannski líður múslímum á svipaðan hátt."



FRÉTTASKÝRING

SVAVAR HÁVARÐSSON

blaðamaður


International Studies in Denmark?

– Information meeting, 8 February at 17.00



**Market Economist** (2 years)
Marketing Coordinator, Advertising Consultant, Account Manager, Purchasing Assistant, Trainee.

**Advanced Computer Studies** (2¼ years)
Systems Designer, Programmer, IT Consultant, Project Manager, Systems Administrator.

- Higher education academy programmes.
- Teaching in small groups. Case studies and solving of practical tasks.
- Cooperation with more than 300 enterprises.
- Flexible programmes. Direct qualifications for employment, or 1-1½ years top-up to become a Bachelor.

**Information meeting, 8 February at 17.00**
Icelandair Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2, Reykjavik 108

**www.aabc.dk/english**

THE BUSINESS ACADEMY
Aarhus Business College
Phone +45 8936 3535, E-mail eak@aabc.dk

AARHUS BUSINESS COLLEGE



Milljónamiði fundinn!
Hann fannst í Select, Suðurfelli.
Finnur þú þann næsta?
Gerir lífið meira spennandi
HAPPA
ÞRENNAN

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Viðbrögð við tillögum dómsmálaráðherra um svokallaðar greiningadeildir eru skrítin en um leið skiljanleg.

# Öryggislögregla ríkisins

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur lengi mátt sitja undir því að vera álitinn sérstakur áhugamaður um að koma upp ekki aðeins íslenskum her heldur líka innlendri leyniþjónustu. Björn er því í gamalkunnugri stöðu nú þegar hann má verja nýtt frumvarp sitt um breytingar á lögreglulögunum, en í því má einmitt sjá vísir að starfsemi sem hægt er að kalla öryggislögreglu ríkisins.

Í frumvarpi Björns, sem hann lagði fram á fundi ríkisstjórnarinnar síðastliðinn föstudag, er kveðið á um að við embætti ríkislögreglustjóra og önnur lögregluembætti verði settar á laggirnar svokallaðar greiningardeildir til að meta áhættu og sinna greiningu á því sem tengist alþjóðlegri glæpastarfsemi og hryðjuverkum.

Viðbrögðin við þessari tillögu dómsmálaráðherra eru hálf einkennileg. Annars vegar er talað um hana í hálfkæringi, eins og þetta sé eitthvað grín, „íslensk leyniþjónusta ha ha“, eða af æsingi og með skömmum eins og hér eigi að fara að stunda stórfelldar njósnir um andstæðinga ríkisins.

Staða heimsmála í þessum tveimur málaflokkum, skipulagðri alþjóðlegri glæpastarfsemi og hryðjuverkum, gefur hins vegar fyllstu ástæðu til að herða viðbúnað og styrkja innviði lögreglunnar. Er því óskandi að umræðan komist hratt í hófstilltan og viðeigandi farveg innan sem utan þings. Það er engin ástæða til að ætla að ekki sé ástæða hér á landi til að setja vinnu við þessi verkefni undir sérstaka deild, eða embætti eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar.

Dómsmálaráðherra hefur sjálfur bent á að eins og staðan er núna getur skortur á löggjöf í þessum málaflokkum vakið upp spurningar um heimildir lögreglu til aðgerða. Skýr löggjöf getur eytt slíkri óvissu og er það mikið hagsmunamál bæði fyrir lögregluyfirvöld, en ekki síður almenning í landinu og erlenda ríkisborgara sem dveljast hér í lengri eða skemmri tíma.

Það er svo annað mál að Björn Bjarnason hefur sjálfur kallað yfir sig að hugmyndum hans um breytt verklag lögreglunnar sé mætt með ákveðnum fyrirvara. Til dæmis eru ekki nema rétt tæp tvö ár frá því hann lagði fram frumvarp um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála sem meðal annars fól í sér að lögreglan fengi heimild til að hefja símahleranir án dómsúrskurðar. Góðu heilli var sú tillaga felld úr frumvarpinu fyrir afgreiðslu þess en þó ekki fyrr en eftir kröftug mótmæli úr ýmsum áttum.

Eftir sátu menn með þá óþægilegu tilfinningu að núverandi dómsmálaráðherra væri tilbúinn að réttlæta skerðingu á mannréttindum borgaranna með því að segja að tilgangurinn væri að berjast gegn hættulegum mönnum.

Ef rétt er að nýtt frumvarp Björns feli í sér vísir að öryggislögreglu, er ekkert við það að athuga. Það þarf hins vegar að taka þá umræðu alvarlega, ekki síst þá hlið sem snýr að eftirlitsþættinum með slíkri starfsemi, en núverandi fyrirkomulag felur í sér að dómsmálaráðuneyti hefur þá skyldu.

Í umræðum á alþingi um þessi mál fyrir réttu ári viðraði Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, þá góðu hugmynd að sérstök þingnefnd sinnti eftirliti með þessari viðkvæmu starfsemi lögreglunnar svo hún hefði það aðhald sem nauðsynlegt er. ■

www.sigrunelsa.is

Ég vil
vinna . . .
. . . að enn betri Reykjavík

Ég þarf stuðning þinn í

2.-4. sæti

í opnu prófkjöri Samfylkingarinnar

11.-12. febrúar



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Heilagleiki

Í Hall of Fame í New York koma milljónir gesta ár hvert og berja þar augum muni og raunar allt milli himins og jarðar um átrúnaðargoð og frægt fólk fyrr og síðar. Þar er meðal annars að finna glerbúr sem geymir hafnarboltakylfu Babe Ruth, frægustu hafnarboltahetju fyrr og síðar.

Unnendur hafnarbolta koma unnvörpum í Hall of Fame til þess að berja þessa trékylfu augum. Þeir ganga að glerbúrinu með lotningu rétt eins og sanntrúaðir ganga að altari. Augnablikið hefur á sér blæ helgisiðahalds.

Það er tilgangslaust fyrir nokkurn mann að benda hafnarboltaunnendum á að þetta sé ósköp venjuleg trékylfa. Að ganga að búrinu, opna það og brjóta kylfuna og segja sem svo, að kylfan sé úr ósköp venjulegri eik og til séu hundruð þúsunda slíkra, er þýðingarlaust. Samfélag hafnarboltaunnenda rís gegn þeim hinum sama. Hann hefur vanvirt hafnarboltann og minningu Babe Ruth.



Verðmætamat hafnarboltaunnenda hefur verið fótum troðið.

Heilagleikinn tekur á sig ýmsar myndir.

### Varnaðarorð

Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar, heldur því fram í Morgunblaðsviðtali síðastliðinn sunnudag að alþjóðavæðingin eigi með réttu að leiða íslenska þjóðfélagið frá áherslum á framleiðslu að áherslum á þjónustu. En ef marka megi fréttir undanfarnar vikur standi til að byggja ný álver og stækka þau sem fyrir eru.

„Þetta segir okkur auðvitað að krónan mun halda áfram styrk sínum þannig að önnur íslensk iðnfyrirtæki geta farið að pakka saman og flytja starfsemi sína. Þetta gefur augaleið. Hvaða útflutningsgreinar munu þola samfellt uppbyggingarskeið í stóriðju næsta áratug, frá 2003 til 2013. Afleiðingin gæti einfaldlega orðið sú að útflutningur aukist í raun og veru ekkert þegar upp er staðið heldur færist útflutningsframleiðslan á milli greina. Þær útflutningsgreinar sem hafa háan virðisauka og byggja á þekkingu og hugviti hverfi einfaldlega á braut,“ segir Ágúst. Skyldu Halldór og Geir vita af þessu?



johannh@frettabladid.is

# Allir kennarar eru íslenskukennarar

Í DAG
ÍSLENSKA



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

*Spyrna þarf hraustlega við fæti svo við missum ekki tökin á tungunni. Þar þarf viðspyrnan að vera mest og best í Kennaraháskóla Íslands...*

Það er leikur að læra, leikur sá er mér kær, vita meira og meira, meir‘ í dag en í gær.“ Þannig hljómar gömul vísa, sem enn heldur gildi sínu þrátt fyrir tímabundna andstöðu flestra við innihald hennar einhvern tíma á ævinni.

Ég held ég geti fullyrt að ég hafi aldrei kynnst nokkrum manni sem ekki þykir gaman að læra. Sá fjöldi fólks sem sækir námskeið af ýmsu tagi á ári hverju bendir líka til þess. Reyndar væru flestir nemendur mínir vísir til að mótmæla þessu harðlega enda ekki alltaf gaman að læra það sem manni er sett fyrir hverju sinni. En nám er skemmtilegt. Það er gaman að læra eitthvað nýtt, tileinka sér nýja þekkingu og færni á einhverju sviði og ná árangri. Það er gaman að læra ný tungumál, kynnast nýjum hugmyndum í matseld, læra stærðfræði, trjáklippingar, dönsku, forritun og fjármálastjórnun og svo mætti lengi, lengi áfram telja.

Þess vegna er svo ánægjulegt hvað við eigum margra kosta völ í námi og getum bætt við okkur þekkingu á fjölbreyttum sviðum á meðan líf og heilsa endist. Að loknu grunnskólanámi stefna flestir á eitthvert framhaldsnám. Reyndar hefur okkur alls ekki tekist sem skyldi að gera verknámi á framhaldsskólastigi nógu hátt undir höfði og flestir nemendur stefna á bóknámsbraut til stúdentsprófs. Það er hins vegar kostur hversu margar leiðir eru í boði á þeirri braut. Nemendur geta lokið stúdentsprófi með fjölbreyttum hætti, valið sér ýmsar leiðir og námshraða. Og takist einhverjum ekki að ná því hugsanlega markmiði að ljúka stúdentsprófi á tilteknum tíma ævinnar er hægt að gera það seinna. Framhaldsskólar og háskólar bjóða nemendum sínum að stunda fjarnám á ýmsum sviðum og æ fleiri nýta sér þessa leið.

Áhugasamt námsfólk stundar nám um lengri eða skemmri tíma, einn vetur eða fleiri, í áhugaverðu fagi eða fögum. Búseta er þess vegna ekki lengur þröskuldur, netið gerir okkur kleift að hlusta á fyrirlestra í öðrum landshlutum, taka þátt í umræðum með íbúum allra landshluta og sitja þannig í einum bekk nemenda vítt og breitt um landið. Þetta er alveg ótrúlega skemmtilegt og gefandi. Ef við reiknum með að eitthvað sé til í gömlum málshætti sem segir að mennt sé máttur, þá erum við sífellt að auka mátt okkar og megin, styrkjum undirstöðurnar og verðum þannig sterkari, jafnt sem einstaklingar og sem þjóð.

Það er því alveg óendanlega mikilvægt að leggja rækt við skólakerfið okkar, grunnskólann þar sem grunnur er að lagður að frekara námi á lífsleiðinni, hvenær og hvernig sem hver einstaklingur velur að halda áfram sínu námi. Grunnskóli er nákvæmlega það sem orðið segir, skóli þar sem lagður er grunnur. Þar eiga nemendur að eignast traustan og góðan grunn, undirstöður undir frekara nám og lífið sjálft enda halda margir því fram að lífið sé skóli. Grunnbyggingin er samstarfsverkefni heimila og skóla og ef grunnurinn er í ólagi verður erfitt að byggja ofan á. Það er því ánægjulegt að fylgjast með umræðunni um aukna áherslu á kennaramenntun. Trúlega er hægt að halda því fram án mikilla efasemda að kennaramenntun sé mikilvægasta menntun sem í boði er enda verkefni kennara að byggja grunn framtíðarinnar með nemendum sínum ásamt foreldrum þeirra. Það er að sama skapi mikilvægt að aukinni kennaramenntun fylgi aukin áhersla á íslenskukennslu kennaranema. Hver einasti kennari í skólum landsins er íslenskukennari, sama hvaða fag hann kennir að öðru leyti. Mér er sagt að dregið hafi úr íslenskukennslu í Kennaraháskóla Íslands. Það er afleitt ef rétt er og verður að leiðrétta. Að undanförnu hafa verið miklar og heitar umræður um stöðu íslenskunnar og væri að bera í bakkafullan lækinn að bæta þar einhverju við í bili. En við hljótum þó að gera þá kröfu til okkar sem þjóðar að við getum lesið bækur sem voru skrifaðar fyrir a.m.k. hundrað árum eða svo og talað saman þótt áratugir skilji í aldri. Eigi að slaka á kröfum um rétt mál samkvæmt þeim reglum sem við höfum komið okkur saman um að nota verðum við fljót að missa tökin, hætta að skilja. Það væri sorglegt ef barnabörnin mín gætu ekki lesið dagbækur föður míns (langafa síns) vegna þess að málið hefði breyst svo hratt, málfræðireglur væru allar komnar út um víðan völl og orðaforðinn hruninn. Þangað virðumst við stefna og veitir ekki af að spyrna hraustlega við fæti. Þar skiptir einna mestu máli að viðspyrna verði góð í Kennaraháskóla Íslands, þar sem kennarar barnanna okkar læra að kenna – á íslensku. ■

## EFST Í HUGA

## KOLBRÚNAR HALLDÓRSDÓTTUR ALÞINGISMANNS



### Samkomulagið við kennara

Mér er ofarlega í huga samkomulagið sem menntamálaráðherra gerði við Kennarasambandið sl. fimmtudag og viðbrögð kennara við því. Ég tel óánægju framhaldsskólakennara með samkomulagið helgast af því hvernig menntamálaráðherra talaði á Alþingi einungis tveimur tímum eftir að samkomulagið var undirritað. Þar gaf hún út afdráttarlausar yfirlýsingar um að með samkomulaginu sé ekki verið að bakka með styttingu náms til stúdentsprófs. Í orðum hennar lá sem sagt engin stefnubreyting svo það er ekki að ófyrirsynju að kennarar verði hræddir um að hennar markmið með samkomulaginu sé að beygja kennara undir sinn vilja. Hvað samkomulagið sjálft varðar þá er ég þeirrar skoðunar að í því felist tækifæri á báða bóga. Ég tel fulla þörf fyrir Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur að friðmælast við framhaldsskólakennara og framhaldsskólanemendur og ég tel að skólafólk hafi tækifæri til að hafa mikil áhrif á lokaniðurstöðu málsins og þurfi að átta sig á því að framundan er löng og ströng barátta við að forða íslenskum framhaldsskólum frá miklum skaða.

### Þrælfastur við Þrælaháls

Enn berast fréttir um að bor 2 sé svo gott sem fastur undir Þrælahálsi. Í því sambandi skjóta upp kollinum fullyrðingarnar um bergið á Kárahnjúkasvæðinu í skýrslu Landsvirkjunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Í skýrslunni segir að bergið sé þétt og ákjósanlegt til gangnagerðar, en annað hefur komið á daginn. Nú blasir við að Landsvirkjun kemur að öllum líkindum ekki til með að geta staðið við samkomulag um afhendingu orkunnar. Það blasir þá jafnframt við að klukkan sem reiknar skaðabæturnar fyrir Alcoa fer brátt að tikka. Einhver góður fjölmiðill hlýtur að vera langt kominn með að reikna út hversu háar skaðabótakröfurnar koma til með að verða. Þá þarf að endurreikna alla arðsemisútreikninga Landsvirkjunar, því mig minnir að fyrir liggi að ekki hafi mátt fara nema 10% fram úr kostnaðaráætlun til að dæmið kæmi út í MÍNUS. Og þar er NB. um útreikninga Landsvirkjunar sjálfrar að ræða. Útreikningar náttúruverndara á arðsemi virkjunarinnar hafa frá upphafi komið út í MÍNUS.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871

## ALLT HITT

[HEILSA]

**Bónusklúbbfélagar** Hreyfingar fá skemmtipakka Digital Íslands ef þeir fá nýjan meðlim með sér í bónúsklúbbinn í febrúar. Þetta hvatningartilboð stendur út þennan mánuð og gildir áskriftin að skemmtipakkanum í mánuð.

**Þjónustusamningur** var undirritaður milli Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og heilbrigðisráðuneytisins fyrir helgi. Með honum er tryggð meðferð fyrir börn og ungmenni með hreyfifrávik eða fatlanir, en einnig fyrir fullorðna með ýmiss konar fatlanir.



**Dansnámskeið** hefst hjá Aflhúsinu í dag. Um er að ræða 6 vikna námskeið og er leiðbeinandi Hulda Haraldsdóttir. Nánari upplýsingar má fá hjá Aflhúsinu í síma 517-4147.

**HIV smit.** Fimm karlar og þrjár konur greindust með HIV smit á Íslandi árið 2005 að því er fram kemur í janúarhefti Farsóttarfrétta. Talið er að fimm hinna smituðu hafi verið gagnkynhneigðir en þrír samkynhneigðir en enginn fíkniefnaneytandi greindist með HIV smit á árinu 2005. Í lok ársins greindist alnæmi hjá einstaklingi sem ekki var vitað til að væri smitaður af HIV. Ekki varð nein breyting á áhættuþáttum fyrir smiti.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 7. febrúar, 38. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.49 | 13.42 | 17.35 |
| Akureyri | 9.45 | 13.27 | 17.10 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Dofri og Arndís á hlaupum með tíkina Æsu sér við hlið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Góð leið til að vinda ofan af sér stressið

***Dofri Hermannsson, sérfræðingur í hagrannsóknum, heldur sér í formi með hlaupum og prófkjörskúr.***

Það er ekkert hik á Dofra þegar hann er spurður hvernig hann haldi sér í formi. „Ég fer mikið út að skokka með tíkina mína Æsu. Hef verið í hlaupahópi í nokkur ár en aðeins dregið úr því eftir að ég eignaðist þessa tík því hún er voðalega sár ef ég skil hana eftir heima. Hún er Border Collie og það er í náttúru þeirrar tegundar að hlaupa alltaf í kringum hóp. Það kemur sér vel í smalamennsku en þegar ég gef henni frelsi í hlaupahópnum þá á hún til að sveigja þvert fyrir alla og eftir nánast stórslys þá ákvað ég að hætta að hafa hana með.“ Stundum er kona Dofra, Arndís Steinþórsdóttir, líka með í för. „Við hjónin skokkum oft saman og spjöllum mikið á sprettinum þannig að það eru gefandi stundir,“ segir Dofri sem á hlaupunum heldur sig mest á stígum Grafarvogs enda býr hann þar. Hann spáir í mataræðið líka. „Ég er farinn að halla mér meira að grænmetinu en ég gerði og er að daðra aðeins við danska kúrinn. Reyndar er ég á dálítið sérstökum kúr núna. Hann heitir prófkjörsbarátta. Ég er að bjóða mig fram í 4-6. sæti Samfylkingarinnar og hef aldrei grennst eins hratt og síðan sú vinna byrjaði ef frá er talið tímabil sem ég var á sjó fyrir nokkrum árum. Maður gleymir að borða þannig að það hrynja af manni kílóin,“ segir hann og svarar játandi spurningu um hvort hann mæli með prófkjörsslag fyrir þá sem eru í yfirvigt. „Jafnframt mæli ég með því að fólk fari út að hlaupa. Það er góð leið til að vinda ofan af sér stressið. Ég reyni að hlaupa svona átta kílómetra og þá er ég orðinn slakur þegar ég kem heim.“

gun@frettabladid.is

# Grænt og vænt fyrir hjartað

***Ný rannsókn sýnir að neysla ávaxta og grænmetis getur dregið verulega úr líkum á hjartaáfalli.***



Miðað er við að ráðlagður dagskammtur af grænmeti og ávöxtum séu fimm skammtar. Samkvæmt nýrri breskri könnun minnkar fólk líkur á hjartaáfalli um 11 prósent innbyrði það ráðlagðan dagskammt. Hins vegar minnka líkur á hjartaáfalli um tæp 30 prósent hjá þeim sem neyta grænmetis og ávaxta umfram ráðlagðan dagskammt, eða oftar en fimm skammta á dag. Einnig er talið að umframneyslan dragi einnig úr líkum á kransæðasjúkdómum, krabbameini og öðrum vandamálum. Þetta kemur fram í niðurstöðum breskrar könnunar sem náði til tæplega 300 þúsund manns í þremur löndum.

Niðurstöður rannsóknarinnar þykja merkilegar því þær sýna fram á að einföld lífsstílsbreyting getur orðið til þess að bjarga lífi fólks og ætti að virka sem hvatning fyrir heilbrigðisstéttina að veita betri upplýsingar um mikilvægi mataræðis.


## Ný viðbót við Fitty-fjölskylduna

NÝTT FITTY SAMLOKUBRAUÐ KOMIN Á MARKAÐ.



Fitty-bollur og -kjarnabrauð hafa verið á markaðnum um nokkra hríð. Hafa þau notið töluverðra vinsælda og því margir sem fagna því að nú sé loksins komið Fitty-samlokubrauð á markaðinn. Sést það meðal annars á því að átta þúsund brauðum var deift á líkamsræktarstöðvum höfuðborgarsvæðisins og voru brauðin fljót að renna út. Að sögn Björns Jónssonar, framkvæmdastjóra markaðssviðs Myllunnar, vonast hann til þess að Fitty-samlokubrauðið nái að fylgja eftir vinsældum Fitty-bollanna og kjarnabrauðsins.

Myllan þróaði Fitty-línuna í samráði við íþróttanæringarfræðinga, einkaþjálfara og matvælafræðing Myllunnar. Vörurnar í Fitty-línunni innihalda hátt hlutfall af grófu mjöli og eru þar með ríkar af trefjum, prótíni, magníum, kalki og E-vítamíni. Fitty-samlokubrauðin fást í öllum matvöruverslunum.



**C-vítamín** er líkamanum nauðsynlegt og yfir vetrarmánuðina er gott að taka það inn í töfluformi. Það hjálpar til í baráttunni við kvefið sem stendur oft frá byrjun vetrar fram á vor.




Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

Næstu námskeið og fyrirlestrar
07. febrúar 2006 Íslenskir Náttúrudropar – Kristbjörg Kristmundsdóttir
08. febrúar 2006 10 grunnreglur- Námskeið 08.02 – Þorbjörg Hafsteinsdóttir
09. febrúar 2006 Hreinsikerfið – hvernig aukum við virknina – Hallgrímur Magnússon
14. febrúar 2006 Hvað er Austurlensk læknisfræði? – Þórunn Birna Guðmundsdóttir
15. febrúar 2006 Heilbrigði og hamingja – Benedikta Jónsdóttir.
21. febrúar 2006 Sjálfsefling – Lífsstíll til framtíðar – Bergþóra Reynisdóttir
Nánari upplýsingar www.madurlifandi.is

Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

FAGMENNSKA Í 11 ÁR
FEGRUNAR TATTÚ
LEYNDARMÁL MARGRA FAGURRA KVENNA
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Í S. 561 3060
SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163

B-stress
Góð undirstaða fyrir dagsins önn
Póstsendum um land allt
Heilsu-hornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Wellwoman
Skynsamleg vítamín fyrir konur
Wellwoman health, vitality & wellbeing
Fæst í apótekum
EINN TVEIR OG ÞRÍR 360.041

Rammíslenskar Speltkökur og Kartöflukökur af Ströndum
100 ára hefð og ekkert nema hollusta
Þú borðar þær með uppáhalds álegginu,
kannski ylvolgar úr ofninum,
ristaðar, með hvítlauksolíu,
stundum eins og pizzur
... eða eins og Strandamenn, glænýjar
með íslensku smjöri.
Fáðu þér Speltköku og Kartöfluköku í
næstu matvöruverslun.
Hollara brauð finnst varla.




Líf og fjör á námskeiði í Hreyfilandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

# Samhæfa hug og hreyfingar með góðum árangri

***Valgerður Skúladóttir og Krisztina G. Agueda kenna námskeið í Hreyfilandi fyrir börn með vægar hreyfifatlanir. Unnið er að samhæfingu hugar og hreyfingar og hefur æfingakerfið sem þær styðjast við gefið góðan árangur.***

Í Hreyfilandi er boðið upp á námskeið fyrir börn með vægar líkamlegar fatlanir. Valgerður Skúladóttir þroskaþjálfi og Krisztina G. Agueda, íþróttafræðingur og íþróttakennari, sjá um námskeiðið sem byggir á BDE-aðferðinni (Basic Development Education). Sú kennsluaðferð var þróuð út frá rannsókn, sem gerð var í grunnskólum Ungverjalands á fimmtán ára tímabili, sem rannsakaði heilastarfsemi barna.

Valgerður segir að BDE-kerfið hafi verið lagað að börnum með sérþarfir þar sem unnið er með samhæfingu hugar og hreyfingar. Námskeiðið er meðal annars ætlað börnum með vægar hreyfifatlanir og fyrir börn með ofvirkni og athyglisbrest eða einhverfu. „Námskeiðið er ætlað til að þroska og þróa grunnhreyfingar, samhæfingu hreyfinga og almennan hreyfiþroska en þessi börn eiga oft erfitt með það," segir Valgerður. „Æfingarnar miða að því að virkja almenna hreyfigetu og þær hafa líka áhrif á andlegan og vitsmunalegan þroska ásamt því að þetta styrkir börnin og gefur þeim sjálfstraust. Við gerum grunnæfingar eins og að fara í kollhnís, hlaupa, hoppa og klappa og æfum okkur í að gera tvo hluti í einu, það er svo mikilvægt að æfa sig í því."

Foreldrarnir taka þátt í námskeiðinu og því er þetta skemmtileg stund sem foreldrar geta átt með börnum sínum. „Við reynum að hafa hópana fámenna því það sem gerist í fámennum hópum er að börnin verða miklu virkari. Bæði vegna þess að börnin eru á jafningjagrundvelli og líka af því að æfingarnar eru aðlagaðar þeirra þörfum. Það er farið hægar í hlutina, börnin fá meiri tíma og njóta sín betur," segir Valgerður og rifjar upp atburð þar sem lítill drengur gat í fyrsta sinn hoppað alveg af sjálfsdáðum. „Börnin fá miklu meira sjálfstraust við þessar aðstæður. Þau treysta sér til að gera stærri hluti og það hjálpar þeim að öðlast sjálfstraust í stærri hópum."

Námskeiðið er að mestu miðað að börnum með mismunandi þarfir en allri eru velkomnir að sögn Valgerðar. Gruni foreldra að námskeið sem þetta geti hjálpað þeirra börnum geta þeir haft samband við Hreyfiland og fengið prufutíma.

johannas@frettabladid.is

# Gildi hugleiðslu sönnuð

***Hugleiðsla er góð fyrir bæði líkamlega og andlega heilsu samkvæmt rannsókn háskólans í Wisconsin.***

Nú hefur í fyrsta skiptið tekist að sanna með vísindalegri rannsókn að hugleiðsla sé heilsubætandi. Ekki eingöngu dragi hugleiðsla úr kvíða heldur styrkir hugleiðsla ónæmiskerfið einnig. Lengi hafa ýmsir fræðimenn haft grun um þessi jákvæðu virkni hugleiðsla en aldrei fyrr hefur hún verið sönnuð með vísindalegri rannsókn. Niðurstöður rannsóknarinnar birtust í hinu virta tímariti Psychosomatic Medicine fyrir stuttu.

Í rannsókninni tók þátt 41 einstaklingur og voru 25 látnir hugleiða í minnst klukkutíma á dag en 16 voru látnir lifa „eðlilegu" lífi. Eftir tvo mánuði voru hóparnir bornir saman og kom þá fram mun meiri starfsemi í framheila þeirra sem höfðu verið að hugleiða auk þess sem kvíðstig þeirra hafði minnkað töluvert. Við blóðprufu kom einnig í ljós aukið hlutfall mótefna í blóði hópsins sem hafði hugleitt.



Samkvæmt nýlegri rannsókn hefur í fyrsta sinn verið sannað að hugleiðsla hafi góð áhrif á heilsu manna, dragi úr kvíða og styrki ónæmiskerfið. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

fundur }

## Fræðsla um fæðubótarefni

Í DAG VERÐUR HALDINN FRÆÐSLUFUNDUR UM FÆÐUBÓTAREFNI Á VEGUM UMHVERFISSTOFNUNAR.

Umhverfisstofnun stendur fyrir fræðslufundi um fæðubótarefni í dag frá klukkan 14.00 til 16.00 að Suðurlandsbraut 24, 5. hæð. Fjöldi fyrirlesara flytur erindi og að þeim loknum verða umræður og þá munu fyrirlesarar sitja fyrir svörum. Fundarstjóri verður Jónína Þ. Stefánsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun. Framleiðendur, innflytjendur og dreifingaraðilar fæðubótarefna eru hvattir til þess að mæta á fundinn og er hann öllum opinn. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is, má skoða nákvæma dagskrá fundarins.



## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG BA Í SÁLFRÆÐI



# Ert þú á tímamótum?

Þeir sem hreinsuðu til í mataræði sínu, fóru að hreyfa sig meira eftir hátíðarnar og/eða settu sér markmið um betri lifnaðarhætti gætu nú verið á mikilvægum tímamótum. Fyrstu fjórar til fimm vikurnar eru oft erfiðasti hjallinn fyrir marga að komast yfir. Hugurinn leitar kannski enn að pitsum, „sveittum“ hamborgurum og frönskum, sérstaklega þegar helgin nálgast og sumir sleppa enn af sér beislinu þrjá daga vikunnar og réttlæta það með því að segja. „Það er nú helgi!“. Letihugsanir og einbeitingarskortur gætu farið að sækja að og því er gott að taka stöðuna og endurmeta. Að borða reglulega næringarríkar máltíðir eða gera hreyfingu hluta af lífinu tekur tíma, svo við þurfum að gefa okkur þann tíma.

Það sem ræður úrslitum um hvort við höldum áfram á beinu brautinni og náum að gera reglulega hreyfingu og heilsusamlega næringu hluta að daglegu lífi eða ekki, eru markmiðin sem við setjum okkur og viðhorf okkar til heilsu almennt.

### Raunhæf markmið og viðhorf til heilsu

Gott er að fara yfir markmiðin sem oftast til að meta árangur og halda okkur á tánum. Sérstaklega í upphafi, þegar einbeitingin er enn flöktandi. Markmiðin þurfa að vera raunhæf og háð tímaramma og færa okkur líka smá verðlaun fyrir utan árangurinn sjálfan, eins og t.d. góða bók, eina flík, nudd, dekur eða ferð í Bláa lónið.

Þegar við höfum gert okkur grein fyrir því að heilsan, andleg sem líkamleg, þarf að vera í forgangi til að allt annað í lífinu gangi betur og við farin að haga okkur samkvæmt því, eru viðhorf okkar á góðri leið og við öðlumst betri lífsgæði. Þessi pæling er kannski háfleyg eða fjarlæg, en hún er sönn og það vita allir sem hafa viðhorfin á hreinu. Þeir líta á það sem jafn sjálfsagðan hlut að hreyfa sig reglulega og að bursta tennurnar. Á endanum eru það viðhorf okkar sem skera úr um hvort við komumst yfir erfiðasta hjallann eða ekki.

Þakkaðu sjálfum þér, eftir hressilega æfingu, fyrir að hafa fengið þessa frábæru hugmynd og að hafa fylgt henni eftir. Vellíðanin eftir góða hreyfingu, og ég tala nú ekki um gufu eða pott á eftir, eru verðlaunin sem þú færð og þau lifa fram á næsta dag.

### Heilsan býður sig fram í 1. sæti

Nú í miðjum frambjóðendaslag stjórnmálaflokkanna er markmiðið að koma frambærilegustu einstaklingunum í efstu sætin, meðal annars svo að líf okkar verði betra. En leiðum við hugann að því í hvaða sæti við ætlum að setja heilsuna, grundvallarþátt lífsgæðanna? Kýst þú hana í 1. sætið eða nær hún ekki kjöri?

*Látið ykkur líða vel,*
*Borghildur.*




# Súperform á fjórum vikum

Námskeiðið Súperform á fjórum vikum hjá Goran Kristófer, íþróttafræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu eftir jólin. Ef þú vilt:

- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormóna jafnvægið
- Andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu, hvernig þú átt að glíma við matar -og sykurþörfina, hvernig þú ferð a því að brenna meira og léttast.

**Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki**

- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Karlar kl. 7.30
- Konur kl. 6.30, 10.00, 16.30 eða 18.30

**Nýtt námskeið hefst 13. febrúar nk.**
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.

NORDICASPA

NÁKVÆM VIGTUN • ENGINN SYKUR • EKKERT SALT • ENGIN FITA

# ef þér líður vel -líður okkur vel

# 120/300

Nú gefst viðskiptavinum Nings og þeim sem eru í átaki hjá Íslensku vigtarráðgjöfunum kostur á því að kaupa tilbúna rétti á veitingahúsum Nings, hvort sem er til að borða á staðnum, taka með eða fá sent.

breyttur lífsstíll

Íslensku Vigtarráðgjafarnir

BORÐAÐU ÞIG GRANNAN

**Kjúklingur og grænmeti með chilli og soya** kr. 1495
*120g kjúklingur, 300g grænmeti s.s. blómkál, brokoli, gulrætur, bambus og blaðlaukur. Kryddað með hvítlauk, engifer, chili og léttri soya.*

**Kjúklingur og grænmeti í ostrusósu** kr. 1495
*120g kjúklingur, 300g grænmeti s.s. Aspas, Shitake sveppir, blómkál, paprika og laukur. Kryddað með hvítlauk, engifer og léttri ostru- og soya sósu.*

**Kjúklingabaunir og grænmeti í sterku karry** kr. 1195
*170g kjúklingabaunir, 300g grænmeti s.s. blómkál, gulrætur, paprika, laukur, baby corn og chilli. Kryddað með hvítlauk, engifer, karry og kjúklingakrafti.*

**Tófú og grænmeti með chilli og soya** kr. 1195
*120g Tófú, 300g grænmeti s.s. blómkál, brokoli, gulrætur, bambus, blaðlaukur og Shitake sveppir. Kryddað með hvítlauk, engifer, chili garlic og léttri soya.*

**Wok steikt kálfalifur með soya og engifer** kr. 1195
*120g kálfalifur, 300g grænmeti s.s. brokoli, blaðlaukur, paprika og laukur. Kryddað með hvítlauk, engifer og léttri ostru- og soya sósu.*

*Öllum réttunum fylgja 75g af hrísgrjónum og geta þeir sem vilja fengið 150g. Einnig má stækka kjúklingabaunaskammtinn upp í 220g, sama verð.*

# NINGS

Nýju réttirnir hafa hlotið nafnið 120/300 vegna samsetningar þeirra en þeir innihalda flestir 120g kjöt og 300g grænmeti ásamt því að við matreiðsluna er ekki notaður neinn sykur, ekkert salt og mjög lítil en holl olía,og síðast en ekki síst nákvæm vigtun. Þessi samsetning hefur hjálpað fólki um allan heim að ná frábærum árangri í baráttu sinni við aukakílóin.

**Sími 588 9899 • Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12**


















# Tónslökun hefur undraverð áhrif

***Að slökkva á glamri hugans er góð leið til að slaka á. Hollendingurinn Alexander Schwarz er staddur hér á landi og tekur fólk í tónslökun út þessa viku.***


Alexander notar sérstakar tónkvíslar til að kyrra hugann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Alexander notar sérstaklega stilltar tónkvíslar í meðferð sinni og með þeim hjálpar hann fólki að öðlast innri frið og djúpa slökun. Að sögn þeirra sem reynt hafa er aðferðin mjög árangursrík. Tveimur tónkvíslum er slegið í þar til gerðan kubb og þeim er síðan haldið upp að eyrum viðkomandi í stutta stund meðan þær víbra í fimmundum. Síðan er haldið áfram með aðrar tónkvíslir í annarri tónhæð í hálftíma til þrjú korter. Ómunin er afar mild og notaleg og manneskjan fylgir tónunum eftir þar til þeir deyja út og aðrir koma í staðinn.

Þannig verður til leiðsla og jafnvel þeir allra stressuðustu ná að kyrra hugann og búa hann undir ný átök í daglegu amstri. Þessi tónslökunarleið til hugarjafnvægis byggist á vísindum sem til eru frá fornu fari en hafa verið þróuð áfram í nútímanum. Alexander hefur numið fræðin í tvö ár og hefur öðlast kennararéttindi í þeim. Hann er staddur á landinu út þessa viku og tekur fólk í slökunartíma í salnum Ljósheimum í Brautarholti 8 og síminn hjá honum er 869 9473. Þeir sem ekki komast að núna í vikunni geta bókað tíma hjá honum því hann verður á ferðinni aftur. Þess má geta að Alexander er ekki bara góður í slökunarfræðum heldur er hann líka bókaútgefandi með góðan smekk og gefur meðal annars út Arnald og fleiri vinsæla íslenska höfunda í Hollandi. ■


Guðrún Arnalds segir jóga hafa mjög heilsubætandi áhrif á líkamann.

# Styrkjandi og krefjandi

***Guðrún Arnalds er með opna tíma í Kundulini-jóga tvisvar í viku.***

„Kundulini-jóga er jóga sem hentar venjulegu fólki," segir Guðrún Arnalds jógakennari. „Þetta er kraftmikið jóga og þátttakendur þurfa ekki að vera neitt sérstaklega liðugir til að koma í tímana." Guðrún segir þessa gerð jóga vera styrkjandi, liðkandi og hafa líka mjög góð áhrif á innkirtlakerfi líkamans. „Fólk finnur fyrir miklum áhrifum hreyfinganna á líkamann að tíma loknum," segir Guðrún sem hvetur fólk til að mæta á staðinn og prófa.

„Allir geta komið og prófað. Þeir sem fara að stunda jóga reglulega finna mikinn mun á sér eftir nokkurn tíma."

Kennslan fer fram tvisvar í viku í Borgartúni 24, í kjallara verslunarinnar Maður lifandi. Tímarnir eru klukkan hálf sex á mánudögum og fimmtudögum. ■

fræðsla }


Kynningarfundir um fuglaflensuna verða haldnir á sex stöðum á landinu.

## Fundir um fuglaflensuna

NÆSTU VIKUR VERÐA HALDNIR KYNNINGARFUNDIR UM FUGLAFLENSU VÍÐS VEGAR UM LANDIÐ.

Landbúnaðarstofnun stendur fyrir sex kynningarfundum um fuglaflensuna næstu vikur. Fyrsti fundirinn verður haldinn í dag frá klukkan 14.00 til 16.00 á Hótel Sögu í Reykjavík en næstu fundir verða haldnir á Hvanneyri, Blönduósi, Selfossi, Akureyri og Höfn í Hornafirði. Fyrirlesarar á fundunum verða Jarle Reiersen, dýralæknir alifuglasjúkdóma, Auður Lilja Arnþórsdóttir, sóttvarnadýralæknir og faraldsfræðingur, og Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir í Reykjavík, og fundarstjóri verður Konráð Konráðsson, dýralæknir svínasjúkdóma. Markmið fundanna er fyrst og fremst að kynna fyrir dýralæknum og þeim sem vinna með alifugla og svín viðbrögð og aðgerðir sem gripið verður til ef fuglaflensan greinist hér á landi en fundirnir eru þó öllum opnir. Nánari upplýsingar um fundartíma má finna á heimasíðu embættis yfirdýralæknis, www.yfirdyralaeknir.is.




Eyrnamergur er ýmist þurr eða rakur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Stökkbreyttur eyrnamergur

***Potir þú fingrinum í eyra þitt ættir þú að finna að eyrnamergurinn er þurr eða rakur. Ástæðuna fyrir ólíku eðli eyrnamergs má rekja til stökkbreytts gens.***

Hópur rannsakenda gerði könnun meðal fólks frá 33 löndum á geni sem stjórnar því hvort eyrnamergur er þurr eða rakur. Hægt var að rekja þennan breytileika til eins stökkbreytts gens. Genið sem stjórnar þessu ólíka eðli eyrnamergsins kallast ABCC11 og stjórnar þetta gen flæði mólikúla sem framleiða eyrnamerginn. Stökkbreyting í þessu geni getur breytt mergframleiðslu líkamans.

Þjóðerni hafði mikið að segja um hvernig áferð eyrnamergsins var. Þurr eyrnamergur fannst í 95 prósent tilfella í Austur-Asíubúum en aðeins í þremur prósentum Evrópu- og Afríkubúa. Í Evrópu og Afríku var eyrnamergurinn í langflestum tilfellum rakur. Talið er að stökkbreytingunnar hafi fyrst orðið vart í Norðaustur-Asíu og að líkaminn hafi meðal annars verið að bregðast við þurrara andrúmslofti og búa sér til vörn fyrir því að skordýr skriðu ekki inn í eyrun.


Misauðvelt er að hreinsa úr eyrunum.

Vissulega er ástæða fyrir öllu, líka eyrnamerg.

# Talnablindir með slakt tímaskyn

***Talnablinda er röskun sem svipar til lesblindu en nær inn á önnur svið heilans. Þeir sem þjást af talnablindu eiga erfiðara með stærðfræðilærdóm, mat á rými og eru oft með slakt tímaskyn.***

Síðustu ár hefur lesblinda orðið viðtekin sem röskun. Fólk sem þjáist af lesblindu hefur þess vegna getað leitað sér hjálpar og aukinn skilningur hefur verið á þeim erfiðleikum sem röskuninni geta fylgt.

Nú er einnig farið að greina fólk með talnablindu, dyscalculiu. Talnablindunni svipar mikið til lesblindu nema talnablindan nær inn á önnur svið heilans. Þeir sem þjást af talnablindu geta átt erfitt með að læra stærðfræði í skóla og eiga einnig erfitt með að átta sig á tengslum hluta í rými. Auk þess getur þeim sem þjást af talnablindu reynst erfitt að lesa á landakort, þeir villast auðveldar og hafa slakt tímaskyn.

Nokkuð algengt er að dyscalculia og dyslexía fari saman en þó er það alls ekki algilt.


Þeir sem eiga erfitt með stærðfræðilærdóm eða lesa illa á landakort gætu mögulega þjáðst af talnablindu eða dyscalculiu. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES





## STAFGANGA Í LAUGARDAL

Stafgöngunámskeið hefst 14. febrúar n.k.
Tímar fyrir byrjendur
þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30
Tímar fyrir lengra komna
þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30

Klippikort fyrir framhaldshópa

Guðný Aradóttir, Stafgönguþjálfi, sími 616 8595
Jóna H. Bjarnadóttir, Stafgönguþjálfi, sími 694 3571

www.stafganga.is – áhrifarík leið til líkamsræktar

## Aðeins það besta fyrir barnið þitt




Hágæða fjölvítamín fyrir óléttar konur, fyrir og eftir barnsburð. Inniheldur öll nauðsynlegustu vítamín, steinefni og Omegafitusýrur fyrir móður og barn.

Heilsubúðin Góð heilsa
Njálsgötu 1 - Sími 561 5250
Maður lifandi Hæðarsmára 6.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Flóki Inn. Heimilisleg gisting á besta stað í borginni. Fáðu tilboð í gistingu til lengri eða skemmri tíma í síma 552 1155 eða sendu fyrirspurn á floki@inns.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Hagkaup Skeifa**
Óskar eftir að ráða þjónustulundað og lipurt fólk í hlutastörf í matvörudeild, sérvörudeild og á kassalínu. Einnig höfum við laus störf í fullt starf á kassalínu og til að sjá um kerrurnar fyrir okkar. Hægt er að sækja um á www.hagkaup,is, mæta í Skeifuna eða hringja í Elínu, rekstrarstjóra í síma 563-5000 og sjá hvort við eigum ekki samleið.

**Vífilfell**
Vífilfell óskar eftir að ráða starfsmann í framleiðslusal fyrirtækisins Stuðlahálsi . Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.
**Umsóknareyðublöð liggja frammi í afgreiðslunni Stuðlahálsi 1. Nánari upplýsingar í síma 525 2500.**

**Loftorka Reykjavík**
Loftorka Reykjavík óskar eftir meiraprófs bílstjórum.
**Upplýsingar í síma 565 0877.**

**Pylsuvagninn í Laugardalnum**
Starfskraftur óskast í fullt starf og aukastarf.
**Upplýsingar í síma 896 8583.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

**Thorvaldsen Bar**
Óskar eftir vönum barþjónum og starfsfólki í sal. Þarf að hafa náð 18 ára aldri. Um er að ræða kvöld og helgarvinnu. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Upplýsingar eru veittar á staðnum.

**Kassastarfsmaður**
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslun fyrirtækisins á Seltjarnarnesi, í fullt starf og hlutastarf. Gott starf í nýrri og betrumbættri verslun. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is.

Heimir og Þorgeir ehf óska eftir vönum gröfumönnum til starfa nú þegar. Næg verkefni framundan í traustu og góðu vinnuumhverfi. Uppl. gefur Heimir í síma 696 9933.

**Bifreiðasmiður**
Viljum ráða stundvísan bílasmið með starfsáhuga. Uppl. í s. 482 2224

**Just-Eat.is**
Vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat um helgar. Þarf að geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

**Vantar aðstoðarmann**
í vélsmiðju. Upplýsingar í síma 897 2206.

Háseta vantar á 65 tonna netabát. Uppl. í s. 848 4851.

Óskum eftir tæknimanni á verkstæði. Umsóknir sendast á info@tolvuvirkni.is

## Viðskiptatækifæri

Mjög gott viðskiptatækifæri. Ört vaxandi fyrirtæki í fæðubótarefnum til sölu. Öflug vörulína með samkeppnisforskot, og mjög góð heimasíða. Tilvalið til frekari uppbyggingar eða til sameiningar. Upplýsingar í síma 897 9398.

## ATVINNA



# Upplýsingafulltrúi

**Orkuveita Reykjavíkur**
framsækið þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmastan hátt og í sátt við umhverfið.
Á þjónustusvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi- og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir að ráða upplýsingafulltrúa fyrir fyrirtækið. Fulltrúinn skal vinna við upplýsingagjöf til fjölmiðla, vinna að stefnumótun fyrirtækisins með forstjóra.

Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun er nýtist í starfinu og reynslu af fjölmiðlun. Reynsla af stefnumótunarvinnu er æskileg. Þá er æskilegt að viðkomandi þekki til OR og hafi þekkingu á sveitarstjórnarmálum.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 13. febrúar 2006.
Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson,
netfang: thorir@hagvangur.is

Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum svarað.

HAGVANGUR

Orkuveita Reykjavíkur

## ATVINNA




# Bifreiðastjóri

Hollt og Gott ehf. óskar eftir að ráða bifreiðastjóra til starfa.

Nánari upplýsingar veitir Ægir Kópsson í síma 862-9106.

# Laus staða sérfræðings í umhverfisráðuneytinu

Laus er til umsóknar staða sérfræðings á skrifstofu náttúruverndar og lífsgæða í umhverfisráðuneytinu.

Óskað er eftir starfsmanni með háskólamenntun og reynslu sem nýtist á verkefnasviði skrifstofunnar sem tengist náttúruvernd, umhverfisrannsóknum, dýravernd, hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af störfum í stjórnsýslu.

Umsóknir skulu sendar ráðuneytinu fyrir 21. febrúar nk. Staðan veitist frá 15. mars 2006.
Um launakjör fer samkvæmt samningi fjármálaráðuneytisinsvið Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Vakin er athygli á 20. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla,

Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri, sími 545-8600.

**Umhverfisráðuneytið**
2. febrúar 2006

## TILKYNNINGAR

Kópavogsbær.

# Auglýsing um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarráðs Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögum:

**Andarhvarf 7. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarráð Kópavogs samþykkt þann 22. desember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Andarhvarf 7. Breytingin felst í breyttri staðsetningu, lögun og stærð byggingarreita á lóðinni. Gert er ráð fyrir fjórum tveggja hæða fjölbýlishúsum með samtals 17 íbúðum í stað klasabyggingar með 16 íbúðum. Fallið er frá sameiginlegri bílgeymslu fyrir húsin og þess í stað er miðað við bílastæði og götu sem nær að hverju húsi og fjórum innbyggðum bílskúrum í hverju þeirra. Tillagan var auglýst frá 31. október til 28. nóvember 2005 með athugasemdafresti 12. desember 2005. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 8. febrúar 2006.

**Ögurhvarf 6. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 3. nóvember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 6 við Ögurhvarf. Í breytingunni felst að lóðin er stækkuð til suðurs um 1.400 $m^2$ og verður heildarstærð hennar eftir stækkun rúmir 10.000 $m^2$. Þá er byggingarreitur stækkaður og nyrsti hluti fyrirhugaðs atvinnuhúsnæðis verður á tveimur hæðum. Mænishæð helst óbreytt samkvæmt núgildandi skilmálum. Heildarbyggingarmagn verður 3.400 $m^2$ og hámarksnýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,4. Fjöldi og fyrirkomulag bílastæða breytist. Í tillögunni er gert ráð fyrir að skerma fyrirhugaða byggingu og bílastæði af séð frá íbúðarbyggðinni austan við með jarðvegsmön og gróðri. Tillagan var auglýst frá 19. september til 17. október 2005 með athugasemdafresti til 31. október 2005. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 8. febrúar 2006.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

TENOR.IS
heyrumst....

Vantar ykkur tónlistarmenn, skemmtikrafta fyrir þorrablótið, árshátíðirnar, afmæli, tónleika, þemadaga, 17. júni hátíðarhöld eða aðrar skemmtanir. Á skrá hjá okkur eru m.a. fremstu tónlistarmenn og skemmtikraftar landsins. Höfum áratuga reynslu af skemmtanahaldi. Leigjum einnig út samkvæmistjöld, útvegum matvörur, grill og þjónustufólk ef áhugi er fyrir slíku. Símar 586 9000 & 821 9903 Netfang orlygur@tenor.is

## Einkamál

XXX DVD
Besta verðið!!!
2. DISKA DVD KR. 3.990.-
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á AÐEINS 2.950.-
ALLAR VHS Á 1.490.-
VERÐLAUNAMYNDIRNAR
Pirates og The Devil in miss Jones
komnar á DVD
Grensásvideo.is
Grensásvegi 24
Sími 568 6635
Opið 15-23.30

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Óskum eftir 10 duglegum og ábyrgum einstaklingum
til starfa með okkur sem sölufulltrúar fasteigna

Okkar markmið er að veita góða og persónulega þjónustu.



Valdimar Þór – Framkvæmdastjóri
Ella Lilja – Löggiltur fasteignasali
Alma Rún – Skrifstofustjóri
Brynjar – Sölufulltrúi
Einar – Sölufulltrúi



Eggert – Sölufulltrúi
Hjalti – Sölufulltrúi
Nanna – Sölufulltrúi
Vignir – Sölufulltrúi
Konráð – Sölufulltrúi

Sölufulltrúi Sölufulltrúi Sölufulltrúi Sölufulltrúi Sölufulltrúi

Sölufulltrúi Sölufulltrúi Sölufulltrúi Sölufulltrúi Sölufulltrúi

Tekið er á móti umsóknum nk. fimmtudag og föstudag milli kl. 12.00 - 14.00 hjá RE/MAX BORG að Tryggvagötu 11.

RE/MAX BORG

RE/MAX BORG Tryggvagata 11, 101 Reykjavík Sími 522 2800

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
Kjöreign ehf
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

**OPIÐ HÚS** Í DAG ÞRIÐJUDAG KL. 17-20





**ÖLDUGRANDI 9, 107 RVK.**
Rúmgóð og falleg 2ja herb. íbúð á 3. hæð efstu ásamt óinnréttuðu risi. Stæði í bílg. Stærð alls 93,6 fm. þ.e. íbúð 67,8 og bílskýli 25,8 fm. Sérinngangur. Góðar innrétt. Góð staðsetn. Gott útsýni. Laus strax. Verð 15,9 millj. **Ólafur og Gunnhildur taka á móti áhugasömum í dag kl. 17:00-20:00**

Kristinn Valur Wiium, Sölumaður Sími: 8966913
Ólafur Guðmundsson, Sölustjóri, Sími: 8964090

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17

Frum





**Hvammabraut 12**
**OPIÐ HÚS 17-18**
Stærð í fermetrum: 91,96
Fjöldi herbergja: 3
Tegund eignar: Fjölbýli

**HVAMMABRAUT 12**
**OPIÐ HÚS 17:00-18:00**
Komið inn í rúmgóða forstofu og þar er útgengt út á suðursvalir. Gengið upp fallegan tréstiga upp á efri hæðina. Í alrými er góð stofa, borðstofa og vinnuaðstaða. Tvö góð svefnherbergi, bæði með skápum. Eldhús með nýlegum tækjum úr burstuðu stáli. Fallegt baðherbergi með góðri innréttingu og tengi fyrir þvottavél. **GLÆSILEGT ÚTSÝNI - ÍBÚÐIN ER LAUS VIÐ KAUPSAMNING.**
***GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR, S. 695-1095 TEKUR Á MÓTI GESTUM MILLI 17:00 TIL 18:00 Í DAG. GUNNLAUGUR Á BJÖLLU.***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17

Frum



**Dalshraun - 220 Hf.**
Stærð í ferm.: 862,46
Tegund eignar: Atvinnuhúsnæði
Verð: 98,5 millj.

**TIL SÖLU SKRIFSTOFU OG IÐNAÐARHÚSNÆÐI Í GÓÐUM ÞJÓNUSTUKJARNA Í HAFNARFIRÐI.**
Húsnæðið er á tveimur hæðum. Á neðri hæð er stór vinnusalur, lager og skrifstofur. Góðar innkeyrsludyr og mikil lofthæð í vinnusal. Á efri hæð eru skrifstofur . Salernisaðastaða er á báðum hæðum. Húsið er klætt að utan með Steniklæðingu og í góðu ástandi. **EIGN MEÐ MIKLA MÖGULEIKA -**
***ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í SÍMUM 695-1095 EÐA 585-0104.***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

SÖLUFÓLK

Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Umsækjendur þurfa að hafa almenn ökuréttindi, ásamt því að hafa bíl til umráða. Vinnutími er frá frá kl 17-22 virka daga og frá kl 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515-6158 frá kl 09-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á netfangið: lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is

Farandsalar framtíðarinnar

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt og skemmtileg verkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

## SJÓNARHORN



Ljós í myrkri við Hellisheiðarvirkjun.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HVUNNDAGURINN



ÁSTBJÖRG EYÐIR MIKLUM TÍMA MEÐ DÓTTUR SINNI.
MYND: RÓBERT REYNISSON

# *Dóttirin vill lúlla aftur*

Ástbjörg Rut Jónsdóttir er upplýsingafulltrúi Félags heyrnarlausra. Að eigin sögn er hvunndagurinn hennar ósköp venjulegur og eins og hjá mörgum öðrum foreldrum.

„Dagurinn hefst yfirleitt á því að ég vakna allt of seint, enda á ég mjög erfitt með að vakna,“ segir Ástbjörg. „Þegar ég loksins fer á fætur vek ég dóttur mína sem iðulega biður mig um að hætta þessari vitleysu og fara aftur að lúlla.“

Þegar Ástbjörg hefur farið með dóttur sína á leikskólann liggur leiðin í vinnuna. „Þar sinni ég ýmsum verkefnum en ég er tiltölulega nýbyrjuð í þessu starfi og enn að koma mér fyrir,“ segir Ástbjörg.

Þegar vinnudegi lýkur fer Ástbjörg heim með viðkomu á leikskólanum. „Ég reyni að gera það sem gera þarf á heimilinu á þessum tíma en það fer oft fyrir lítið og ég enda á því að leika við dóttur mína. Eftir kvöldmat fer dóttir mín í háttinn og við tekur sjónvarpsgláp nema ég sé kölluð út í túlkunarverkefni,“ segir Ástbjörg.

## VISSIR ÞÚ

...að í Kaliforníu eru lög þess efnis að ekkert farartæki megi fara hraðar en 100 km/klst sé enginn ökumaður við stýrið?

...að í Blythe í Kaliforníu má ekki vera í kúrekastígvélum nema maður eigi að minnsta kosti tvær kýr?

...að í Carmel í Kaliforníu má ekki borða ís á gangstéttabrún? Þegar Clint Eastwood varð bæjarstjóri breytti hann þessum lögum.

...að í Carmel mega konur ekki ganga á háum hælum?

...að í Choco má ekki sprengja kjarnorkusprengu? Viðurlögin eru 30.000 króna sekt.

...að í Hollywood er ólöglegt að reka fleiri en 2.000 kindur niður Hollywood breiðgötu í einu?

...að í Los Angeles er ólöglegt að leyfa hundum að makast innan við 450 metra fjarlægð frá kirkju? Viðurlögin eru sex mánuðir í fangelsi eða 30.000 króna sekt. Það er sama upphæð og ef sprengd er kjarnorkusprengja í Choco.

...að í Los Angeles er bannað að baða tvö börn í einu í sama baðkarinu?

...að í borg englanna er ólöglegt með öllu að berja konuna sína með belti? Það er að segja ef beltið er breiðara en 5 cm og það sé gert án samþykkis konunnar.

...að í hinum friðelskandi bæ Pacific Grove í títtnefndri Kaliforníu eru íbúar sektaðir um þessar klassísku 30.000 krónur séu þeir gripnir við að ráðast á fiðrildi?

...að í Pasadena telst það ólöglegt athæfi að einkaritari og yfirmaður hennar vistist ein saman í herbergi?





80% fleiri lesa fasteignablað Fréttablaðsins



Um 150.000 lesendur

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (okt. 2005) nærðu til um **80% fleiri Íslendinga með því að auglýsa í fasteignablaði Fréttablaðsins** frekar en fasteignablaði Morgunblaðsins. Könnunin sýnir að **35%** fólks á aldrinum 25 - 54 ára á höfuðborgarsvæðinu les **Allt – fasteignir**, sem berst frítt með Fréttablaðinu á mánudögum, á meðan einungis 20% lesa fasteignablað Morgunblaðsins. Allar eignir eru einnig skráðar **á visir.is**.

Þegar horft er á allar staðreyndir málsins ætti að vera einfalt að sjá hvar borgar sig að auglýsa.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**

allt-fasteignir
– mest lesna fasteignablaðið

GÆÐAHÚS FRÁ HÚS & HÖNNUN
Íbúðarhús · Sumarhús / Íslensk reynsla · Þitt öryggi
Hús & Hönnun ehf
FAGMENNSKA · GÆÐI · HAGSTÆTT VERÐ
Láttu drauminn rætast!
Kynntu þér málið og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
Suðurlandsbraut 16 · Sími 517 4200 · www.husoghonnun.is

Verðhrun á síðustu útsöludögum

Guðrún tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

**Veldu**Explorer 4x4 www.ford.is

Ford

*Nýtt tákn um gæði*

# Áttu hjól?

Sumarið nálgast. Hvert viltu fara? Jörðin er hvorki flöt né ferköntuð. Gott að eiga fínan jeppa, tjald og hjól í friðsældina í sumar? Explorer er hannaður fyrir fólk sem velur 'aktífan' lífstíl og hugsar þægindi sem verkfæri til að ná árangri í hverju sem það tekur sér fyrir hendur, í hvíld eða vinnu. Vertu í hópi þeirra bestu. Skiptu um bíl. Veldu Ford Explorer - nýja 'aktífa' hönnun. Komdu í Brimborg.

**Ný hönnun. Skiptu um bíl. Reyndu nýjan og endurhannaðan Ford Explorer 4x4 í dag. Undraverð frá 3.790.000 kr. Þrjúþúsundsjöhundruð og níutíuþúsund. Aðeins.**

SKIPTU UM BÍL
NÝ HÖNNUN
FRÁBÆRT VERÐ



GO ALMANNATENGSL · GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**WASHINGTON, D.C. Nýjustu fréttir 25.01.2006.**
Ford Explorer hlýtur hæstu einkunn í árekstraprófi. Umferðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (NHTSA).

**SKIPTU UM BÍL**

# 3.790.000 kr!*

Undraverð á nýjum endurhönnuðum Ford Explorer frá 3.790.000 kr*

## Explorer sameinar ólíka eiginleika

Ford tekst það sem ekki öllum hefur tekist að gera – að sameina ólíka eiginleika. Þú færð alvöru jeppa, þægindi og flottheit á viðráðanlegu verði. Þess vegna er Explorer vinsælasti jeppi í heimi. Og hefur verið það í 14 ár. Bandaríska vegaöryggiseftirlitið (IIHS) gefur Explorer hæstu einkunn.

Öryggiskerfi Ford Explorer státar af RSC stöðugleikastýrikerfinu, veltivörn, sjálfstæðri fjöðrun á öllum hjólum, hliðarloftpúðum, loftpúðum fyrir ökumann og farþega í framsæti og loftpúðagardínum sem er staðalbúnaður í Explorer XLT Sport, Explorer Eddie Bauer og Explorer Limited. Komdu í Brimborg.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

## Skoðaðu úrval 4x4 bíla Ford í bílaverslun Ford á Íslandi

**Ford** Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.590.000 kr.
Bílasamningur 35.200 kr.
Rekstrarleiga 47.900 kr.

**Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 61.960 kr.

**Ford** Explorer XLT 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.790.000 kr.
Bílasamningur 51.480 kr.
Rekstrarleiga 71.750 kr.

**Ford** Expedition XLT 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.810 kr.
Rekstrarleiga 83.760 kr.

**Ford** F150 Lariat SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.560 kr.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: af Explorer er gangbretti.

GYLFI Þ. GÍSLASON (1917-2004)
FÆDDIST ÞENNAN DAG.

*„Án góðvildar og kærleika, án mannúðar og hógværðar, verður maðurinn aldrei hamingjusamur.“*

***Gylfi Þ. Gíslason var prófessor, alþingismaður, ráðherra og forseti sameinaðs Alþingis.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 7. FEBRÚAR 1999

# *Hussein Jórdaníukonungur andast*

Á þessum degi árið 1999 andaðist Hussein bin Talal, konungur Jórdaníu. Hann hafði verið við völd lengst allra leiðtoga á tuttugustu öldinni. Sonur Husseins, prinsinn Abdallah bin Hussein tók við konungstigninni af föður sínum.

Hussein bin Talal varð þriðji stjórnskipulegi konungur Jórdaníu árið 1952. Hann var mikilsmetinn af þjóð sinni og í öllum ríkjum Mið-Austurlanda. Hann var meðlimur Hashemite-ættarveldisins en talið er að þeir séu afkomendur Múhameðs spámanns. Hashemite-ættin komst til valda í Jórdaníu eftir fall Ottoman-veldisins við upphaf tuttugustu aldar.

Árið 1963 útnefndi Hussein eins árs son sinn sem arftaka sinn. Á þessum tíma varð konungurinn fyrir nokkrum morðárásum og óttaðist því að deyja áður en prinsinn næði fullorðinsaldri. Hann lét því breyta lögunum og ákvað að yngri bróðir hans, prins Hassan bin Talal, yrði krónprins í stað sonar síns. Hassan var krónprins langt fram á tíunda áratuginn og gegndi hlutverki konungs meðan Hussein barðist við alvarleg veikindi. Í janúar árið 1999, aðeins vikum fyrir dauða sinn, útnefndi Hussein son sinn Abdallah krónprins landsins á ný. Þetta hafði lengi verið ósk hins aldna konungs en þar með lauk 34 ára ferli Hassans prins sem arftaka Jórdaníu.



HUSSEIN BIN TALAL

## MERKISATBURÐIR

**1942** Húsmæðraskóli Reykjavíkur tekur til starfa.

**1964** Bítlarnir koma til Bandaríkjanna í fyrsta sinn.

**1974** Grenada fær sjálfstæði frá Bretum.

**1974** Concorde-þota lendir í fyrsta sinn á Keflavíkurflugvelli.

**1992** Leiðtogar tólf landa undirrita Maastricht-samkomulagið.

**2000** Íslensku bókmenntaverðlaunin eru í fyrsta sinn veitt fyrir barnabók, Söguna af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Björg Kristmundsdóttir**
saumakona, Lindasíðu 4,

lést í Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar föstudaginn 27. janúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 10. febrúar kl. 13.30.

**Sonja Ísafold**
**Hans Óli Hansson**
**Anna Kristín Hansdóttir** **Jóhannes Arason**
**Ásrún Kristmundsdóttir**
**Þorgrímur Kristmundsson**
**ömmu og langömmubörn.**



†

*Ástkær bróðir okkar,*

**Sigurður Hafsteinn Matthíasson**
frá Bergvegi 21, Bergi , Reykjanesbæ,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 8. febrúar kl. 14.00. F.h. systkina hins látna,

**Ester Sumarliðadóttir.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ólína Rebekka Eiríksdóttir**
Hrafnistu Reykjavík, áður Víðiholti, Skagafirði,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 31. janúar. Útför hennar fer fram frá Víðimýrarkirkju laugardaginn 11. febrúar kl. 14.00.

**Þrúður Hjaltadóttir**
**Kristín Hjaltadóttir** **Ásmundur S. Guðmundsson**
**Hörður Hjaltason**
**Eiríkur Hjaltason** **Jóhanna Sigmundsdóttir**
**Árný Hjaltadóttir**
**Guðbjörg Hjaltadóttir** **Haraldur I. Óskarsson**
**Eygló Hjaltadóttir**
**Auður Hjaltadóttir**
**Hlífar Hjaltason** **Sigríður Helgadóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**


**TILBOÐ**

*Á LEGSTEINUM, FYLGIHLUTUM OG UPPSETNINGU*

**10-50% AFSLÁTTUR**

Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista



Steinsmiðjan *MOSAIK*
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is


## HAFDÍS GÍSLADÓTTIR: NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI ÖBÍ

# Námið nýtist í starfinu

„Fyrsti dagurinn í vinnunni var mjög góður,“ segir Hafdís Gísladóttir glaðlega. Hún tók til starfa sem framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands í síðustu viku. Hafdís er alls ekki ókunnug bandalaginu enda var hún fulltrúi í aðalstjórn þess í lengri tíma meðan hún gegndi framkvæmdastjórastöðu hjá Félagi heyrnarlausra á árunum 1997 til 2005. „Málefni minnihlutahópa er það sem ég hef unnið við lengst af og hef sérmenntað mig í,“ segir Hafdís sem hlakkar til að takast á við nýja starfið.

Hafdís er menntaður leikskólakennari og með sérkennsluréttindi frá Háskólanum í Osló. Hún hefur undanfarið stundað MPA-nám í stjórnsýslufræðum við Háskóla Íslands og er við það að ljúka ritgerð sinni. „Ég tók mér janúarmánuð í að skrifa mastersritgerðina og er komin vel á veg og vona að ég klári þetta í vor,“ segir Hafdís en í ritgerð sinni fjallar hún um sjálfseignarstofnanir og að hve miklu leyti þær þurfi að fara að stjórnsýslulögum. „Ég er þar að velta fyrir mér hvaða áhrif það hefur á réttarstöðu borgaranna þegar stjórnvöld fela einkaaðilum eða sjálfseignarstofnunum að fara með opinbera stjórnsýslu,“ útskýrir Hafdís og telur að námið muni tvímælalaust nýtast sér vel í starfi sínu. „Ég mæli bara eindregið með þessu námi því það nýtist mjög vel þeim sem starfa að hagsmunamálum,“ áréttir hún.



**Á GAMALKUNNUM SLÓÐUM** Hafdís þekkir vel til í Öryrkjabandalaginu enda sat hún til lengri tíma í aðalstjórn þess og starfaði í átta ár sem framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrst um sinn mun Hafdís sitja fundi og setja sig inn í starfið en brátt fer af stað hópastarf með aðildarfélögum Öryrkjabandalagsins þar sem ákveðið verður hvaða forgangsatriðum verði unnið að fyrir bæði sveitastjórnar- og alþingiskosningar.

Segja má að hagsmunamál minnihlutahópa séu nokkurs konar áhugamál Hafdísar. Það er þó ekki það eina sem kemst að í huga hennar. „Fyrir utan það að vera í náminu stunda ég líkamsrækt og fer á skíði,“ upplýsir hún en segir þó skíðaiðkunina hafa verið í lágmarki það sem af er vetri. „Ég komst á skíði norður á Akureyri í lok október en svo er ég að fara til Ítalíu í tvær vikur,“ segir Hafdís og hlakkar til ferðarinnar sem er nánast orðin árlegur viðburður í lífi hennar.

## ANDLÁT

**Ásdís Ólafsdóttir** hjúkrunarkona, Bólstaðarhlíð 15, Reykjavík, lést föstudaginn 3. febrúar.

**Böðvar Ingi Þorsteinsson**, bóndi á Þyrli, Hvalfjarðarstrandarhreppi, lést á Sjúkrahúsi Akraness fimmtudaginn 2. febrúar.

**Elísabet Andrésdóttir**, Tungu, Skagafirði, andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki laugardaginn 28. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Hulda Jónsdóttir**, Einilundi 8e, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, þriðjudaginn 24. janúar. Útför hennar hefur farið fram.

## JARÐARFARIR

13.00 **Kolbeinn Grímsson** verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Þóra Stefánsdóttir**, Þorragötu 9, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

14.00 **Anna Pálína Jónsdóttir**, Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi, verður jarðsungin frá Borgarneskirkju.

15.00 **Atli Sigurðsson**, Bólstaðarhlíð 46, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

15.00 **Ágústa Engilbertsdóttir** verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.



MYND LJÓSMYNDASTOFA HAFNARFIRÐI

## BRÚÐHJÓN

Rakel Dögg Sigurðardóttir og Haukur Pálsson voru gefin saman þann 19. nóvember 2005, í Hafnarfjarðarkirkju, af séra Gunnþóri Ingasyni. Þau eru til heimilis í Hafnarfirði.



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Þóra Halldórsdóttir**
Eyrarholti 20, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 1. febrúar. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 10. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Gunnar Ragnar Sveinbjörnsson**
**Ágústa Sigríður Gunnarsdóttir** **Halldór A. Þórarinsson**
**Valdís Þóra Gunnarsdóttir**
**Sara Lind Gunnarsdóttir** **Páll Þórir Jónsson**
**barnabörn og systkini.**

Verðlaunað fyrir góða frammistöðu við einkunnaskil:

# Lyfjafræðin best

Stúdentar við Háskóla Íslands veittu á föstudag viðurkenningar fyrir góða frammistöðu við einkunnaskil. Það hefur lengi verið baráttumál stúdenta að kennarar skili einkunnum innan þeirra marka sem lög og reglur skólans kveða á um en á því hefur verið misbrestur.

Lyfjafræðideild stóð sig best í að skila einkunnum úr jólaprófunum 2005, verkfræðideild varð í öðru sæti og viðskipta- og hagfræðideild í því þriðja. Þá var skrifstofustjóra verkfræðideildar veitt sérstök verðlaun fyrir hönd verkfræði- og raunvísindadeildar fyrir að hafa haldið úti eigin einkunnaskilasíðu á netinu.



**TIL HAMINGJU** Sigurður Brynjólfsson, deildarforseti verkfræðideildar, tekur við viðurkenningu úr hendi Stefaníu Sigurðardóttur, formanns menntamálanefndar Stúdentaráðs.



Guðrún, leikskólakennari, getur ekki lengur unnið við sitt fyrra starf en endurhæfing á Reykjalundi hefur þó gert henni kleift að sjá um sig sjálf og njóta samverustunda með ömmubörnum sínum.

# takk

## fyrir að gefa mér aftur færni til að sjá um mig sjálf

Happdrætti SÍBS byggir upp endurhæfingu að Reykjalundi sem gerir þúsundum kleift að leika við lífið á ný eftir áföll. Fáðu þér miða, veldu happanúmerið þitt. Verðlaunin geta orðið ógleymanlegur vinningur.

HÉR & NÚ / SÍA

**Það er auðvelt að fá sér happanúmer**

Hringdu í síma 552 2150 eða kauptu á vefnum www.sibs.is

# Drögum í dag

**Hálfur milljarður í pottinum 2006**

**Honda CR-V**
lúxusútgáfa í maí

**10 Honda Jazz**
í júní og júlí





EUROCARD MasterCard VISA

27.517 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.

HAPPDRÆTTI SÍBS

...fyrir lífið sjálft





# STUÐ MILLI STRÍÐA Hin ljúfa leti

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** TRÚIR ÞVÍ AÐ DUGNAÐUR SÉ AF HINU ILLA



Leikarinn Robert De Niro bregður sér í hlutverk Lúsífers í hinni frábæru hryllingsmynd Angel Heart og upplýsir þar aðalsöguhetjuna um að allur fjöldi trúarbragða í heiminum sé til þess eins fallinn að kveikja hatur í hjörtum mannanna en þau dugi ekki til að tendra ást. Ég hef ekki séð ástæðu til þess að rengja þennan eina sanna andskota okkar enda hlýtur hann stöðu sinnar vegna að vita hvað hann syngur þegar það kemur að trúmálum.

Þeir sem fylgjast með heimsfréttum hljóta líka að sjá það í hendi sér að skrattakollurinn hefur ýmislegt fyrir sér í þessu þar sem flestar illvígustu og flóknustu deilur og stríðsátök hverfast um trúarbrögð í einhverri mynd. Nýjasta og nærtækasta dæmið er auðvitað einbeittur vilji múslima til að drepa danskar bjórvambir hvar sem til þeirra næst vegna þess að Jótlandspósturinn birti skrípómyndir af Múhameð spámanni.

Ég er of latur að eðlisfari til þess að skilja þessi læti og myndi aldrei nenna að leggja það á mig að myrða einhvern fyrir það að vera með lélegan húmor.

Leti er nefnilega ekki löstur heldur mannkostur og ef allir væru jafn latir og ég væru hvergi háð stríð. Ég nenni ekki einu sinni að skjóta upp flugeldum um áramótin og því síður myndi ég nenna að ganga gargandi um götur og kveikja í fánum.

Ofsatrúarfólk skilur ekki heiminn og lífið og þess vegna er dæmigert fyrir það að hafa fordæmt letina og gert hana að höfuðsynd. Það er eins og trúarlið hafi það eina markmið að tortíma, deyða og eyðileggja og atorkan er svo mikil að það er eins og það gangi fyrir amfetamíni og ginsengi í bland við trúarhitann.

Þá er nú letin betri og er hún ekki aðeins lífvænleg heldur einnig umhverfisvæn þar sem letingjar nenna aldrei að raska umhverfi sínu. Þeir þrífa helst ekki einu sinni heima hjá sér og nota því ekki baneitruð kemísk hreinsiefni og hella ekki spilliefnum í eldhúsvaskinn. Lífið þrífst auðvitað best í skítnum. Það vitum við letingjarnir. ■









## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 7 | 9 |
| 7 | 4 | 9 | 6 | 5 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 1 | 8 | 2 | 3 | 9 | 7 | 6 | 4 | 5 |
| 8 | 7 | 1 | 5 | 6 | 9 | 4 | 3 | 2 |
| 9 | 2 | 5 | 4 | 7 | 3 | 1 | 6 | 8 |
| 6 | 3 | 4 | 2 | 8 | 1 | 9 | 5 | 7 |
| 2 | 6 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 |
| 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| 2 | | | 4 | | 7 | | | 8 |
| | 9 | | 1 | | 3 | | 5 | |
| 6 | 2 | | | 9 | | | 4 | 1 |
| | | 3 | | | | 6 | | |
| 1 | 4 | | | 2 | | | 8 | 7 |
| | 5 | | 8 | | 1 | | 3 | |
| 3 | | | 2 | | 9 | | | 4 |
| | | | | | | | | |





Hvað dreymir þig um að eignast?
Aðeins
13,6%
vextir
Óvenju hagstætt lán...
...fyrir hverju sem er
Sæktu um lán...
www.s24.is
Helstu kostir:
Betri vextir, aðeins 13,6%* óverðtryggðir og breytilegir
Lægra lántökugjald, aðeins 1%
Lán til allt að 8 ára
Engin lágmarksupphæð
Þú þarft ekki að byrja að borga af láninu fyrr en eftir 3 mánuði. Fyrsta greiðsla er einungis vaxtagreiðsla, síðan byrja venjulegar afborganir
Þú þarft ekki að vera í viðskiptum hjá S24 til þess að fá lán
S24
...og þú hagnast
533 2424 – Sætún 1
* Miðað við vaxtatöflu S24 1.02.2006 • Miðað við að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar • Tilboð þetta gildir til 1.03.2006.

# Verðhrun

## á vetrardekkjum í Hagkaupum Skeifunni




Hágæða ónegld og negld vetrardekk.
Mikið skorin með grófu munstri og nöglum sem henta vel í snjó og hálku.

## Dekkjastærðir

| Fólksbíladekk Stærðir | Verð nú ónegld | Verð áður ónegld | Verð nú negld | Verð áður negld |
|---|---|---|---|---|
| 155/80R13 | 3.499,- | ~~4.499,-~~ | 4.399,- | ~~5.499,-~~ |
| 155/70R13 | 4.099,- | ~~4.499,-~~ | 4.699,- | ~~5.499,-~~ |
| 165/70R13 | 3.899,- | ~~4.699,-~~ | 4.699,- | ~~5.699,-~~ |
| 175/70R13 | 3.999,- | ~~4.699,-~~ | 4.799,- | ~~5.699,-~~ |
| 175/65R14 | 4.699,- | ~~5.499,-~~ | 5.499,- | ~~6.499,-~~ |
| 175/70R14 | 4.699,- | ~~5.499,-~~ | 5.499,- | ~~6.499,-~~ |
| 185/65R14 | 4.899,- | ~~5.499,-~~ | 5.699,- | ~~6.499,-~~ |
| 185/70R14 | 4.999,- | ~~5.999,-~~ | 5.799,- | ~~6.499,-~~ |
| 185/65R1 | 5.399,- | ~~6.299,-~~ | 6.199,- | ~~7.299,-~~ |
| 195/65R15 | 5.699,- | ~~6.299,-~~ | 6.499,- | ~~7.299,-~~ |
| 205/55R16 | 8.099,- | ~~9.199,-~~ | 8.899,- | ~~9.999,-~~ |

| Jeppadekk Stærðir | Verð nú ónegld | Verð áður ónegld | Verð nú negld | Verð áður negld |
|---|---|---|---|---|
| 205/75R15 | 7.599,- | ~~8.999,-~~ | 8.699,- | ~~10.999,-~~ |
| 235/75R15 | 8.999,- | ~~9.999,-~~ | 10.899,- | ~~11.999,-~~ |
| 32X11,50R15 | 11.199,- | ~~12.999,-~~ | 13.499,- | ~~14.999,-~~ |
| 33X12,50R15 | 12.899,- | ~~13.999,-~~ | 14.999,- | ~~15.999,-~~ |
| 35X12,50R15 | 14.099,- | ~~14.999,-~~ | 16.399,- | ~~16.999,-~~ |
| 235/70R16 | 9.499,- | ~~10.999,-~~ | 11.699,- | ~~12.999,-~~ |
| 255/70R16 | 10.499,- | ~~12.999,-~~ | 12.699,- | ~~14.999,-~~ |
| 265/75R16 | 11.899,- | ~~13.999,-~~ | 13.999,- | ~~15.999,-~~ |
| 265/70R17 | 11.299,- | ~~13.999,-~~ | 13.499,- | ~~15.999,-~~ |
| 285/65R18 | 29.999,- | ~~39.999,-~~ | 31.999,- | ~~41.999,-~~ |

| Sendibíladekk Stærðir | Verð nú ónegld | Verð áður ónegld | Verð nú negld | Verð áður negld |
|---|---|---|---|---|
| 195/70R15 | 7.099,- | ~~7.999,-~~ | 7.999,- | ~~8.999,-~~ |




*25 fyrstu sem kaupa heilan umgang fá umfelgun í kaupbæti

Gildir til 13. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Brotlentur skíðastökkvari á hvíta tjaldið

Skíðastökkvarinn Matti Nykänen er einn frægasti Finni í heimi. Hann var margfaldur meistari í skíðastökki en síðan brotlenti hann og það heldur harkalega. Nú hefur lífshlaup þessa dáða skíðastökkvara verið fært yfir á hvíta tjaldið og var myndin frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg fyrir skömmu.

Lífshlaup Matta er nánast eins og lygasaga og vilja sumir meina að enginn hefði getað skrifað svona handrit nema guð sjálfur. Matti, sem nú er 42 ára, var um tíma ósigrandi á pallinum og gekk gjarnan undir nafninu Finninn fljúgandi. Hann sló í gegn þegar hann var sextán ára og vann til nítján verðlauna á Ólympíuleikum og heimsmeistaramótum á tímabilinu 1982-1990. Hann var dáður í heimalandi sínu fyrir afrek sín en ekki síst vegna skrautlegs persónuleika. Hann átti erfitt með Bakkus og keppti meðal annars fullur. Hann var slagsmálahundur, hrokafullur, lét ýmis misfögur orð falla í fjölmiðlum og átti í sífelldum útistöðum við finnska íþróttasambandið.

„Eftir að ferlinum lauk var líf hans eins og lygasaga,“ segir Japser Pääkönen, sem fer með aðalhlutverkið í myndinni Matti. „Hann gifti sig margoft, reyndi fyrir sér sem strippari og söngvari en situr nú inni fyrir að stinga félaga sinn.“

Myndin um Matta sló í gegn í Finnlandi og hefur verið uppselt á hana um langt skeið. Myndin hefur einnig fengið mjög góðar viðtökur í Gautaborg. -kh



**FINNINN FLJÚGANDI** Matti Nykänen á ótrúlegan feril að baki sem skíðastökkvari. Honum hefur hins vegar gengið misvel eftir að ferlinum lauk fyrir sextán árum. Hann hefur meðal annars reynt fyrir sér sem strippari og söngvari en situr nú inni fyrir að stinga félaga sinn.

## Kate Moss í bílaeltingaleik

Ofurfyrirsætan Kate Moss var hundelt af blaðasnápum í gegnum gervalla Parísarborg síðastliðið föstudagskvöld. Drottning sýningarpallana hafði eytt eftirmiðdeginum með tímaritamógulnum franska Jean- Yves Lefur á Ritz hótelinu og þau yfirgáfu hótelið snemma kvölds saman í bíl. Fimmtán blaðamenn fylgdu fast á hæla þeirra og Lefur, sem einu sinni var ástmaður Stefaníu Mónakóprinsessu, varð að bruna yfir þrjú rauð ljós. Eltingarleikurinn harðnaði svo mjög að parið þurfti að flýja inn á lögreglustöð nálægt Champs Elysees breiðstrætinu til að leggja fram kæru. Lögregla stöðvaði svo umferðina til þess að leyfa þeim að komast klakklaust heim. Vitni sagði atburðinn eins og „ beint út úr kvikmynd.“ ■



# Ný Apple-verslun opnuð

Mikið var um dýrðir þegar ný Apple-verslun var opnuð að Laugavegi 182, í húsi Verðbréfaþings, síðastliðinn laugardag. Fyrirtækið er í gríðarlegum vexti og má með sanni segja að um íslenska útrás sé að ræða. Steingrímur Árnason þróunarstjóri segir að á næstunni verði opnuð þriðja verslunin í Danmörku og nýbúið sé að opna verslun í Stokkhólmi. Íslenska verslunin sé þó óneitanlega flaggskip fyrirtækisins.

Aðstandendur telja að um 300 boðsgestir, vinir og viðskiptavinir, hafi komið síðla dags á laugardag og stóð hófið fram eftir kvöldi. Hljómsveitin Jagúar, Helgi Björnsson og Björn Jörundur tróðu upp fyrir gestina. ■


Jagúar hélt uppi stemningunni og skemmti gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL


Kempurnar Geir Sveinsson og Valdimar Grímsson létu sig ekki vanta. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL


Katla Rós Völudóttir og Ragnheiður Sigurðardóttir voru glæsilegar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL


Pétur Ívarsson, verslunarstjóri Boss verslunarinnar og Björn Jörundur Friðbjörnsson skemmtikraftur skemmtu sér og öðrum á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL


Ásta Pétursdóttir og Sæmundur Helgason létu vel af nýju versluninni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL


Bjarni Ákason, einn af eigendum Apple, og Guðrún Valgeirsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL


Tómas Marshall og Anna Roman voru hress og kát við opnunina. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



Seldu fallegan fatnað á skemmtilegan og nýstárlegan hátt.

EXPRESS · LIGHT · STANDARD · FULLTIME

friendtex

Við gerum fatainnkaupin þín skemmtilegri

Söluaðili óskast!

Langar þig að nýta frítíma þinn til að gera eitthvað skemmtilegt og spennandi, ásamt því að afla þér auka tekna? Þá skaltu gerast söluaðil á fatnaði frá Friendtex. Friendtex er stærsta fyrirtæki á norðurlöndum sem selur fatnað á heimakynningum.

Þú stjórnar vinnutíma þínum sjálf. Kíktu á www.friendtex.is eða hafðu sambandi við Margréti eða Ragnar í síma 568-2870

Friendtex, Síðumúla 13, 108 Reykjavík
www.friendtex.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

4 5 6 **7** 8 9 10

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

20.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir bandarísku myndina **Gullgrafararnir**, eða **Gold Diggers**, sem Mervyn LeRoy gerði árið 1933 með hinni ungu **Ginger Rogers** í einu aðalhlutverkanna.

### TÓNLEIKAR

20.00 **Vox academica** kórinn og **Jón Leifs Cammerata** halda tónleika á Myrkum músíkdögum í Langholtskirkju. Stjórnandi er **Hákon Leifsson**.

### SKEMMTANIR

20.00 Hið mánaðarlega tangókvöld **Tangósveitar lýðveldisins** verður í Iðnó.

### FYRIRLESTRAR

12.00 **Elísabet Sigurðardóttir** fjallar um meginreglur fjöleignarhúsalaga, notkun þeirra og framkvæmd, í fyrirlestri sem hún flytur á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið verður í stofu L201 á Sólborg við Norðurslóð.

12.10 **Jón Karl Helgason** bókmenntafræðingur heldur erindi sem nefnist “Útrás/innrás. Myndmál í viðskiptafréttum” í hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands í Þjóðminjasafni Íslands. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

### FUNDIR

20.00 Staða jafnréttismála, hvað er á döfinni, hvert stefnum við? er umræðuefni hins mánaðarlega Hitts Femínistafélags Íslands sem verður haldið á Kaffi Rosenberg, Lækjargötu 2. Framsögukonur verða **Þorgerður Einarsdóttir**, dósent í kynjafræði við Háskóla Íslands, **Guðrún Margrét Guðmundsdóttir** mannfræðingur og **Elísabet Ronaldsdóttir**, kvikmyndagerðarmaður og ráðskona vefhóps FÍ.

### BÆKUR

20.00 **Súsanna Svavarsdóttir** les úr safaríkri spennusögu sinni, Dætur hafsins, og **Jón Hallur Stefánsson** úr magnaðri glæpasögu, Krosstré, á Skáldaspírukvöldi í Iðu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


vísir

NFS ER Á VISIR.IS








Net-verðdæmi 25. maí
**Tenerife**
**39.880 kr.**
á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn, 2ja–11 ára, á Parque de las Americas í 2 vikur.

Net-verðdæmi 17., 24. maí og 21. júní
**Benidorm**
**34.490 kr.**
á mann miðað við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja–11 ára, ferðist saman. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Buenavista og flugvallarskattar.

Net-verðdæmi 23. og 30. maí
**Portúgal**
**39.280 kr.**
á mann miðað við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja–11 ára, ferðist saman. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Elimar og flugvallarskattar.

Net-verðdæmi 23. og 30. maí
**Marmaris**
**37.600 kr.**
á mann miðað að við 2 að fullorðnir og 2 börn, 2ja–11 ára, ferðist saman. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Öz-ay og flugvallarskattar.

Net-verðdæmi 29. maí og 27. júní
**Krít**
**47.250 kr.**
á mann miðað að við 2 að fullorðnir og 2 börn, 2ja–11 ára, ferðist saman. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Skala og flugvallarskattar.

Net-verðdæmi 16., 23. maí og 20. júní
**Mallorca**
**35.880 kr.**
á mann miðað við að 2 að fullorðnir og 2 börn, 2ja–11 ára, ferðist saman. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Pil Lari Playa og flugvallarskattar.

Plúsferðir · Hlíðasmára 15 · 200 Kópavogur · Sími 535 2100 · www.plusferdir.is



„FRÁBÆRT!“

ALLT UM ÚTFLUTNING – EITT NÚMER

Hjá viðskiptaþjónustu Eimskips eru sérfræðingar okkar þér innan handar um allt sem varðar flutninga. Þar færðu m.a. sérhæfðar upplýsingar og lausnir varðandi útflutning og við leggjum okkur alltaf fram um að finna bestu og hagkvæmustu lausnina hverju sinni.

Þú einfaldlega hringir í 525 7800 og sérfræðingar okkar sjá til þess að leiðin verði greið.




Himinn og haf / SÍA

EIMSKIP GREIÐ LEIÐ | www.eimskip.is | info@eimskip.is | MEMBER OF AVION GROUP









**IGGY POP** Rokkarinn Iggy Pop þykir hafa frábæra sviðsframkomu og er koma hans hingað til lands mikill fengur fyrir tónlistarunnendur.

# Iggy Pop til Íslands

Hljómsveitin Iggy Pop and The Stooges heldur tónleika í Laugardalshöllinni þann þriðja maí á vegum RR.

Þrjátíu árum eftir að The Stooges lagði upp laupana, er sveitin komin aftur saman í sinni upprunalegu mynd, fyrir utan það að Mike Watt sér núna um bassaleik.

Þessi goðsagnakennda hljómsveit með sjálfan Iggy Pop fremstan í flokki hefur veitt fjölda hljómsveita innblástur í gegnum tíðina og án hennar hefði tónlistarþróunin trúlega orðið allt önnur. Miðasala á tónleikana verður tilkynnt síðar. ■

# Miðasala að hefjast

Miðasala á tónleika Ray Davies, fyrrum meðlims hljómsveitarinnar The Kinks, í Háskólabíói 14. apríl hefst á fimmtudag.

Davies var einn farsælasti og áhrifamesti lagahöfundurinn sem kom fram í Bretlandi á sjöunda áratugnum. Á meðal þekktra laga hans með The Kinks eru You Really Got Me, Lola og All Day and All of the Night. Mun hann flytja eldri slagara í bland við nýtt efni á tónleikunum en hann gefur á næstunni út sína fyrstu sólóplötu.

Miðasalan hefst klukkan 10.00 á concert.is og í Skífunni og BT á Selfossi og Akureyri. ■



**RAY DAVIES** Rokkarinn úr The Kinks kemur hingað til lands í apríl.

# Miðasala hefst í dag

Miðasala á tónleika hljómsveitarinnar The Bad Plus þann 12. mars á Nasa hefst í dag. Hljómsveitinni hefur verið þakkað fyrir að hafa bjargað djassinum með því að fara ótroðnar slóðir og koma með rokk- og raftónlist inn í þessa tónlistarstefnu. Hafa þessi þremenningar unnið hug og hjörtu margra sem höfðu áður lítið hlustað á djass.

Miðasalan hefst klukkan 10.00 í dag á event.is, í Skífunni í Reykjavík og í BT á Akureyri og Selfossi. Miðinn kostar 3.300 krónur auk miðagjalds. Aðeins 550 miðar eru í boði. ■



**THE BAD PLUS** Þremenningarnir í The Bad Plus halda tónleika á Nasa í næsta mánuði.

# Slakur tryllir

**KVIKMYNDIR**

**[UMFJÖLLUN]**

Framhjáhald er það versta sem nokkur maki getur gert öðrum. Stór lygavefur er spunninn til að hylja yfir slóðina en alltaf kemst upp um hinn seka um síðir. Það er þó varla til að bæta ástandið þegar einhver nýtir sér þetta hliðarspor og nælir sér í auðfengið fé út á leyndarmálið.

Charles Schine er fyrrverandi kennari sem hefur náð langt í auglýsingabransanum og starfar hjá meðalstóru fyrirtæki. Hann er vel giftur og á eina dóttur sem þjáist af sykursýki. Þrátt fyrir góðar tekjur leyfir Schine-fjölskyldan sér ekki mikið vegna þess að allur aukapeningur fer í að safna fyrir lyfjum handa dótturinni.

Schine ferðast með lest inn í borgina vegna vinnunnar en missir einn daginn af þeirri réttu og neyðist því til að taka aðra mun seinna. Þá kemst hann í kynni við Lucindu Harris sem segist vera fjármálaráðgjafi hjá stóru fyrirtæki. Þrátt fyrir að vera bæði vel gift taka ástríðurnar völdin. Það á eftir að draga dilk á eftir sér því glæpamaðurinn Philippe LaRoche ryðst inná þau, lemur Schine en nauðgar Harris. Nýtir sér síðan aðstæðurnar og kúgar peninga út úr Schine sem hann telur vera mjög ríkan.

Það er hinn sænski Mikael Håfström sem leikstýrir þessari mynd. Hann gerði sænsku verðlaunamyndina Ondska og hefur greinilega verið ginkeyptur fyrir gylliboðum þeirra Weinstein-bræðra en þeir framleiða myndina. Hver myndi jú slá hendinni á móti því að leikstýra mynd með Jennifer Aniston og Clive Owen? Håfström hefði þó betur gert það og haldið sig á heimaslóðum. Myndin byrjar vel og það verður enginn svikinn af frammistöðu Owens í upphafi en síðan fer að halla undan fæti.

Jennifer Aniston verður að sætta sig við hlutskipti sitt og undirbúa sig fyrir að taka við krúnunni af Meg Ryan sem drottning rómantísku myndanna. Þetta er ekki hlutverk við hennar hæfi enda er erfitt að sjá Rachel sem einhverja „femme fatale“. Vincent Cassel fer létt með hlutverk illmennisins þótt sú rulla verði á köflum full klisjukennd sökum yfirgengilegrar illsku. Söguþráðurinn flækist fyrir leikstjóranum og þá eru of margar brotalamir á handritinu til að myndin gangi einhvern tímann upp með góðu móti.

Derailed nær aldrei neinum hæðum heldur dvelur þess í stað í meðalmennskunni. Endirinn fer endanlega með myndina niður í ræsið og rústar það sem hefði getað verið prýðileg sunnudagsskemmtun en er fyrir vikið varla sómasamleg vídeómynd á mánudegi.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**DERAILED**
**Leikstjóri:** Mikael Håfström
**Aðalhlutverk:** Vincent Cassel, Clive Owen og Jennifer Aniston
**Niðurstaða:** Í upphafi skyldi endinn skoða en það virðast aðstandendur Derailed ekki hafa gert. Hún er því ruglingsleg og illa skrifuð og slök frammistaða Jennifer Aniston gerir bara illt verra.






## FRÉTTIR AF FÓLKI

Handritshöfundar kvikmyndanna Brokeback Mountain og Crash hlutu helstu verðlaunin þegar Writers Guild-verðlaunin voru afhent í Bandaríkjunum um helgina. Brokeback Mountain fékk verðlaun fyrir besta handritið sem er byggt á áður útgefnu efni en Crash fékk verðlaun fyrir besta frumsamda handritið. Höfundar sjónvarpsþáttanna Lost fengu verðlaun fyrir besta handritið að dramaþætti og höfundar Curb Your Enthusiasm fyrir besta handritið að gamanþætti.



Leikkonan Minnie Driver og grínistinn Eddie Izzard munu leika hjón í nýjum bandarískum sjónvarpsþætti sem nefnist Lowlife. Höfundar þáttarins eru hinir sömu og eru á bak við hinn vinsæla þátt Nip/Tuc. Upptökur á þættinum hefjast snemma í næsta mánuði.



Söngkonan Shery Crow er hætt með hjólreiðakappanum Lance Armstrong eftir tveggja ára samband. Parið fyrrverandi trúlofaðist í september í fyrra og ætlaði að gifta sig síðar á þessu ári. Í yfirlýsingu frá Crow og Armstrong segir að þau elski hvort annað ennþá en því miður hafi þau þurft að slíta sambandinu eftir mikla íhugun.



Hótelerfinginn Paris Hilton hefur keypt hlut í uppáhaldsbarnum sínum í London, The Collection. Geoffrey Moore, sonur Bond-leikarans fyrrverandi Roger Moore, hvatti Paris til að kaupa helmingshlut í barnum.










## Dæmdi í Belgíu

Körfuboltadómarinn Sigmundur Már Herbertsson dæmdi leik í EuroLeague kvenna í Belgíu á föstudag. Í lok mánaðarins mun hann dæma leik í Evrópukeppni karla, einnig í Belgíu.

# sport

sport@frettabladid.is

LÚKAS KOSTIC: STYTTIST Í FYRSTA LEIK HANS MEÐ U21 LANDSLIÐIÐ

# *Mikill heiður að starfa fyrir KSÍ*

Fjórir mánuðir eru síðan Lúkas Kostic var ráðinn þjálfari U21-landsliðs karla í fótbolta. Síðar í þessum mánuði mun liðið keppa í fyrsta sinn undir hans stjórn, en þá verður vináttulandsleikur gegn Skotlandi sem er hluti af undirbúningi fyrir undankeppni Evrópumótsins sem haldið er á þessu ári. Hann hlakkar mikið til en athygli hefur vakið hversu margar úrtaksæfingar, með stórum hópi leikmanna, hann hefur haldið síðan hann tók við starfinu.

„Við höfum hist reglulega að undanförnu en það fer núna minnkandi þegar keppnin um deildarbikarinn fer af stað. Ég þarf að kynna fyrir þeim leikskipulag og hvernig mínar vinnuaðferðir eru. Það er ekki mitt hlutverk að undirbúa þá líkamlega, félögin eiga að sjá um það,“ sagði Lúkas, en hann hefur einnig kallað inn leikmenn þótt þeir séu meiddir. „Ég hef valið Sverri úr FH og Ingva Rafn sem báðir eru hörkugóðir leikmenn en hafa átt við erfið meiðsli að stríða. Þeir verða þó tilbúnir í sumar og með þessu vil ég láta þá vita að ég fylgist með þeim og styð þá. Sumir leikmenn sem eru meiddir biðja um að fá að koma á æfingar til að fylgjast með og það sýnir þann mikla metnað sem þeir hafa,“

Lúkas segir að í yngstu landsliðunum standi íslenskir fótboltamenn jafnfætis sterkum þjóðum en svo fari að skilja í sundur. Hluti af ástæðunni fyrir því að hans mati er hversu stutt tímabilið er hér á landi. „Ég er fylgjandi því að fjölga í deildunum hér heima, það þarf að gerast sem allra fyrst.“

Lúkas hefur í nógu að snúast því hann er einnig með U17 landslið karla og að auki er hann í námi. „Það eru öðruvísi áherslur en það gengur vel að sameina þetta, það eru margir góðir menn sem aðstoða mig þegar ég þarf þess með. Ég lít á það sem mikinn heiður að fá að starfa fyrir KSÍ og allur minn áhugi og metnaður er að ná sem bestum árangri með þessi landslið,“ sagði Lúkas sem segir að það sé ekkert farið að kitla að snúa sér aftur að þjálfun hjá félagsliði en hann hefur þjálfað Þór, Grindavík, KR og Víking í efstu deild.



## > Grétar framlengir hjá AZ Alkmaar

Landsliðsmaðurinn frá Siglufirði, Grétar Rafn Steinsson, hefur framlengt samning sinn við AZ Alkmaar í Hollandi. Grétar hefur staðið sig mjög vel hjá liðinu og hlýtur fyrir það nýjan og betri samning sem gildir til ársins 2011. Er þetta mikil viðurkenning fyrir Grétar Rafn sem hefur stimplað sig rækilega inn í lið Alkmaar sem og hollenska boltann.





**ÞORVALDUR MAKAN** Fær að spila með Val næsta sumar.

Valsmenn sleppa fyrir horn:

# Fram hættir við að kæra

**FÓTBOLTI** Fram ætlar ekki að kæra Val fyrir að semja ólöglega við Þorvald Makan Sigbjörnsson sem gekk í raðir Hlíðarendafélagsins í síðustu viku. Þorvaldur var samningsbundinn Fram þegar Valsmenn gerðu við hann samning og sagði Brynjar Jóhannesson í samtali við Fréttablaðið eftir hádegi í gær að klúbburinn hyggðist kæra Val. Eftir fund við Þorvald ákvað Fram hins vegar að hætta við að kæra Valsmenn þrátt fyrir að þeir hafi fengið Þorvald ólöglega til sín.

„Við förum yfir málin og við gerum þetta einungis fyrir Þorvald enda er hann vel tengdur félaginu og góður félagi okkar,“ sagði Brynjar við Fréttablaðið í gærkvöld. „Mér er þvert um geð að gera þetta. Valsmenn voru að brjóta lög og þeir eiga ekki að sleppa með það en því miður verður það að vera svona að þessu sinni. Við nennum ekki að standa í þessu veseni og gerum þetta fyrir Þorvald núna þrátt fyrir að Valur eigi minna en ekkert inni hjá okkur,“ sagði Brynjar ósáttur með eigin niðurstöðu. Fram mun leysa hann undan samningi í dag.

„Ég er hundfúll út í Þorvald fyrir að koma ekki til okkar en ég næ ekkert að snúa honum fyrir það. Ég er algjörlega á þeirri skoðun að það verði að refsa mönnum fyrir þetta en Valsmenn sleppa undan því að tala ólöglega við leikmann í þetta sinn en ég er alls ekki sáttur við það.“ - hþh

Maccelsfield safnar pening:

# Zola hjálpar til

**FÓTBOLTI** Ítalski knattspyrnusnillingurinn Gianfranco Zola snýr aftur til Englands í kvöld þegar hann tekur þátt í góðgerðarleik til að safna peningum fyrir 3. deildarliðinu Macclesfield sem berst í bökkum um þessar mundir.

Liðið er að safna pening til að borga 300 þúsund punda sekt sem enska knattspyrnusambandið skellti á liðið en miðað við ársuppgjör má líkja því við að Manchester United yrði gert að greiða 50 milljónir punda og þyrftu að greiða það á sex vikum líkt og Macclesfield þarf að gera.

Zola, sem gerði garðinn frægan hjá Chelsea á árum áður, mun leiða stjörnuliðið sem mun hafa menn á borð við Gustavo Poyet, Christian Karembeu og Gianluca Festa innanborðs. Mark Hughes og Bryan Robson munu stýra liði Macclesfield. ■

# Hefur verið frábær tími

**Knattspyrnukappinn Helgi Kolviðsson er búinn að koma sér vel fyrir í Þýskalandi eftir ellefu ára atvinnumannaferil og virðist ekki vera á heimleið þótt hann vilji ekki útiloka möguleikann að koma heim og klára ferilinn hjá HK.**

**FÓTBOLTI** Ferill Helga Kolviðssonar er ævintýri líkastur. Hann var lítt þekktur hér á Íslandi og hafði ekki unnið sér margt til frægðar þegar hann gekk í raðir þýska neðrideildarliðsins Pfullendorf frá HK árið 1994. Þar gekk honum ágætlega og úr varð að hann gekk til liðs við austurríska 2. deildarliðið Lustenau. Félaginu gekk vel og vann sér sæti í austurrísku úrvalsdeildinni að ári.

Allt í einu var neðrideildarleikmaðurinn frá Íslandi, sem fór í þýsku E-deildina, kominn í austurrísku úrvalsdeildina sem og íslenska landsliðið. Ótrúlegur viðsnúningur á ferli leikmanns sem fáir áttu von á að nokkurn tíma yrði mikið úr. Helgi verður seint sakaður um að vera mikið tæknitröll en vinnusemi hans og ósérhlífni skilaði honum alla leið og hann er enn í dag að leika sem atvinnumaður með liðinu sem hann byrjaði hjá í Þýskalandi, Pfullendorf. Í millitíðinni hafði hann viðkomu hjá þýsku liðunum Mainz og Ulm sem og hjá austurríska félaginu Karnten.

„Það er gaman að vera kominn aftur hingað. Maður varð að finna sér stað til að setjast að enda kominn með börn sem eru á leiðinni í skóla,“ sagði Helgi við Fréttablaðið. Hann á þýska konu og saman eiga þau tvær stelpur sem eru eins og sex ára. Helgi og fjölskylda eru nýbúin að byggja sér hús í bænum og hann mun væntanlega klára atvinnumannaferilinn með Pfullendorf. Helgi á eitt og hálft ár eftir af núverandi samningi sínum við liðið. Hann verður á 36. aldursári þegar samningurinn rennur út.

„Ég er að ná mér í þjálfararéttindi þessa dagana og ég stefni á að fara í þjálfun að loknum ferlinum.



**KÁTUR Á GÓÐRI STUND** Helgi Kolviðsson sést hér glotta með Ólafi Erni Bjarnasyni í leik Karnten og Grindavíkur í Evrópukeppninni fyrir nokkrum árum.

Mér var boðið að þjálfa unglingana hérna en gat ekki tekið það að mér núna en aldrei að vita hvað gerist þegar ég hætti að spila.“

Helgi segir að líf sitt síðustu ár hafi verið hálfgert ævintýri enda hafi hann flakkað á milli félaga og aldrei fest rætur neins staðar. Það hafi því verið þægileg breyting þegar hann gerði þriggja ára samning við Pfuelldorf.

„Það var ekki annað hægt en að setjast að einhver staðar en það er ómögulegt að segja hvort maður flytji heim aftur. Ég hef reyndar rætt þann möguleika við konuna mína og hún tekur ekki illa í það en við skulum sjá hvað gerist,“ sagði Helgi. Kemur til greina að koma heim og taka eitt lokaár með HK? „Maður á aldrei að segja aldrei,“ sagði Helgi og hló en hann ætlar að spila fótbolta eins lengi og líkaminn leyfir.

„Þetta hefur verið frábær tími þótt maður hafi verið að lifa eins og sígauni. Annars er umhverfið í fótboltaheiminum óstöðugt og maður veit aldrei hvað gerist næst. Ég er mjög sáttur við minn feril en ég fór seint út, 24 ára, og ætlaði upphaflega bara að prófa að búa úti en það eru orðin 11 ár síðan.“

henry@frettabladid.is



**ÞÓREY EDDA ELÍSDÓTTIR** Verður frá í allt að þrjár vikur til hálfs árs. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Þórey Edda Elísdóttir:

# Hefði viljað betri tíðindi

**FRJÁLSAR** Þórey Edda Elísdóttir, stangastökkvari úr FH, vonar að allt gangi upp hjá sér eftir meiðsli sem hún hlaut á fimleikaæfingu fyrir skömmu. Þórey fór í speglun í gær þar sem kom í ljós hvers eðlis meiðslin eru. „Ég hefði getað fengið betri tíðindi en þetta,“ sagði Þórey við Fréttablaðið í gær.

„Þessi meiðsli eru annars stigs áverki af þremur og því hefði þetta getað verið verra. Liðbandið í öxlinni er líklega rifið frá en það er enn óljóst hversu lengi ég verð frá. Það er leiðinlegt að fá þessi tíðindi en ef ég er heppin verð ég komin aftur eftir þrjár vikur en ef ég er óheppin gæti ég verið frá í hálft ár,“ sagði Þórey sem vonast til að komast í meðferð ytra vegna meiðslanna og komist hún í hana gæti það skipt sköpum fyrir undirbúningstímabil hennar.

„Ég get ekki stokkið en er að hlaupa og lyfta en mikilvægast fyrir mig er að geta hlaupið. Það er lán í óláni að meiðslin eru í öxlinni en ekki hnénu og því get ég æft mikið án þess þó að stökkva,“ sagði Þórey sem stefnir ótrauð á að keppa aftur í maí og á Evrópumótinu næsta sumar í kjölfarið.

- hþh



**BESTUR** Hines Ward, útherji Steelers, var valinn besti leikmaður Super Bowl.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Pittsburgh Steelers vann Ofurskálina:

# Flugeldasýning af bestu gerð í Detroit

**NFL** Pittsburgh Steelers vann Super Bowl í fyrsta skipti síðan 1980 þegar liðið lagði Seattle Seahawks 21-10 í úrslitaleiknum í Detroit aðfaranótt mánudags þar sem mikið var um dýrðir að venju. Þarna mættust tvö frábær lið og Rolling Stones hélt uppi stemningunni með magnaðri hálfleikssýningu.

Sigur Pittsburgh var aldrei í mikilli hættu en Steelers hafði 14-3 yfir í hálfleik eftir umdeilt snertimark leikstjórnandans Bens Roethlisberger og frábært snertimark frá Willie Parker sem hljóp 75 metra með boltann í markið sem er það lengsta í sögu Ofurskálarinnar.

Bill Cowher, þjálfari Pittsburgh, hafði beðið í fjórtán ár eftir titlinum og loksins gekk allt upp eftir að hafa tapað úrslitaleiknum einu sinni áður. „Þetta er stórbrotið. Ég gæti ekki verið ánægðari fyrir hönd allra sem tengjast klúbbnum og íbúum Pittsburgh. Loksins höfum við endurheimt titilinn,“ sagði Cowher eftir leikinn.

Jerome Bettis, eða Strætóinn eins og hann er yfirleitt kallaður, endaði ferilinn á glæsilegan máta en hann spilaði þarna sinn síðasta leik í NFL. Bettis hefur átt frábæran feril og það var við hæfi að hann tryggði sér titilinn undir lokin á farsælum ferli.

„Þetta er ótrúleg tilfinning. Liðsfélagar mínir hafa borið mig á baki sér í gegnum árið og brugðust mér aldrei. Þetta hefur verið ótrúleg lífsreynsla en ég ákvað að gera eina atlögu í viðbót að titlinum og markmiðið tókst.“ ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

4 5 6 **7** 8 9 10

**Þriðjudagur**

### LEIKIR

- ☐ 19.15 **HK** og **Haukar** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- ☐ 19.15 **FH** og **Víkingur** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- ☐ 19.15 **KA/Þór** og **Valur** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- ☐ 19.15 **Grótta** og **Fram** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- ☐ 19.15 **ÍBV** og **Stjarnan** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.

### SJÓNVARP

- ☐ 19.30 **Þýski handboltinn** á Sýn.
- ☐ 20.50 **Strákarnir í Celtic** á Sýn.
- ☐ 21.20 **Sterkasti maður heims** á Sýn.
- ☐ 22.20 **Supercross** á Sýn.
- ☐ 23.20 **Ensku mörkin** á Sýn.

# "Ég vil hámarks árangur!"




Öll höfum við kynnst því að vilja ná meiri árangri. Við leggjum okkur hart fram við að brenna burt líkamsfitu, styrkja líkamann og stuðla að heilbrigðu líferni. Raunin er sú að ekki gengur alltaf sem skyldi og má oftast rekja ástæður þess til rangs mataræðis. Við vitum að æskilegast er að borða margar smáar og rétt samsettar máltíðir á dag. Hátt hlutfall af uppbyggjandi próteinum, lágt innihald af sykri og fitu ásamt fjölda vítamína og steinefna ættu að einkenna þessar máltíðir. Að útbúa margar slíkar máltíðir reynist flestum erfitt og því er gjarnan gripið í óhollan skyndibita eða jafnvel sleppt úr máltíðum.

Þúsundir Íslendinga nota EAS Myoplex máltíðardrykki til að tryggja hollt og gott mataræði. Með EAS Myoplex færðu á augabragði ljúffenga máltíð sem færir þér öll þau næringarefni sem þú þarft til að brenna fitu og byggja upp vöðva. Sé EAS Myoplex notað samhliða hollu mataræði og reglulegri hreyfingu stuðlar það að hámarks árangri. Næringarinnihald EAS Myoplex er sniðið að nýjustu rannsóknum og vísindum og er mest seldi máltíðardrykkur í heimi, það er ekki eins og milljónir manna hafi rangt fyrir sér!

Vegna hagstæðra innkaupa getum við boðið þér allra besta verð sem sést hefur á Myoplex. En þú verður að hafa hraðann á, því tilboðið gildir aðeins meðan birgðir endast!

**Tilboð 1:** 20 máltíðir í kassa á aðeins kr. 4.995.-

**Tilboð 2:** Þú verslar 60 máltíðir (3 kassa) á 14.985.- og þú færð fjórða kassann **FRÍTT** með (3.746.- kassinn!)

## 20 máltíðir fyrir grenningu og uppbyggingu

# 3.746.- *(Tilboð 2)*




Njóttu bragðsins, finndu muninn!




**Vinsælustu fitubrennslutöflurnar!**
**Aftur fáanlegar!** Við höfum átt erfitt með að anna eftirspurn af Thermo DynamX enda hafa Íslendingar kunnað að meta öflugustu fitubrennslutöflur sem völ er á. Prófaðu strax í dag og þú finnur muninn!
Verð aðeins **2.995.-** (5 vikna skammtur).

allt fyrir kroppinn

**HREYSTI**

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Opnunartímar: Virkir dagar 10-18, laugardagar 11-15. Sendum í póstkröfu.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„A good body with a dull brain is as cheap as life itself.“**

**Svar:** Batiatus úr kvikmyndinni Spartacus frá árinu 1960.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON **VILL KOMA Á FRAMFÆRI ÞAKKLÆTI**

## *Silvía bjargar Evróvision-teitinu*

„Þetta er Júróvision lag, þetta er júróvision lag, alveg týpískt júróvision laaag,“ sungu Spaugstofumenn fyrir einhverja forkeppnina sem RÚV hélt. Þá vildu landsmenn að atkvæðin færu beint til þeirra en þess í stað, minnir mig, var Daníel Ágúst sendur með lagið Horfðu aftur en flestir þekkja sorgarsögu þess.

Síðasta undankeppnin var haldin á laugardaginn en þá réðst hvaða fimm lög kæmust áfram í aðalkeppnina sem haldin er 18. febrúar. Ég bauð vinum í mat, eldaði paprikukjúkling og bauð uppá rauðvín, osta og pistasíuhnetur.

Við hlömmuðum okkur í ameríkusófann og biðum spennt. Ég vona að ekki sé á neinn hallað en eftirvæntingin var auðvitað mest fyrir sjónvarpsdívunni Silvíu Nótt sem ætlaði „frumflytja“ Til hamingju Ísland. Umdeildasta lag þessarar keppni fyrr og síðar.

Ekki byrjaði kvöldið vel. Salsalag Harðar G. Ólafssonar var slæmt og FM hnakka-rapparinn var sem eitur í eyrum mér. Þjóðin var mér ekki sammála. Í kjölfarið fylgdi Sveinn Rúnar með tangó-lagið Útópía en það myndi varla neinn helvita maður leggja undir hundrað krónur á velgengni þess í Grikklandi. Það rann síðan kalt vatn á milli skinns og hörunds þegar blessaður Bjartmar Þórðarson kom á sviðið með lag Örlygs Smára, Á ég. Húsbóndinn stóð á fætur og fór að hita kaffi á meðan sú skelfing var látin yfir þjóðina ganga.

Síðan kom Silvía Nótt og bjargaði Eurovision. Ótrúlega fyndið atriði með góðu lagi. Þeir sem á eftir fylgdu komust ekki í hálfkvisti við sjónvarpsdívuna. Meira að segja Birgitta Haukdal náði ekki að sýna sitt rétta andlit.

Það væri hreinlega skandall ef Silvíu yrði meinuð þátttaka. Sigur hennar var sanngjarn enda lífgar stúlkan upp á keppnina svo um munar. Ef ekki hefði verið fyrir hennar frammistöðu hefði sjónvarpið mitt verið í mikilli hættu og matarboðið snúist upp í hatur á þessari keppni. Takk Silvía fyrir að bjarga teitinu og imbakassanum.



**SILVÍA** Það liggur í augum uppi að sjónvarpsdrottningin hefur komið með nýjar víddir inn í annars steingelda söngvakeppni.



▶ **21.00** *Heimildamynd*

LÍNA LANGSOKKUR



▶ **22.10** *Spenna*

PRISON BREAK



▶ **21.30** *SpennDrama*

REUNION



▶ **22.00**

CLOSE TO HOME



▶ **19.35** *Fótbolti*

BIRMINGHAM – READING

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (23:25) **18.25** Tommi togvagn (15:26)

**18.30 Gló magnaða (37:52)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Veronica Mars (19:22)**
▶ **21.00 Lína langsokkur** (Pippi Långstrump – girl power i 60 år) Sænskur þáttur um ævintýrapersónuna Línu langsokk sem hefur verið ungum stúlkum fyrirmynd í þau 60 ár sem liðin eru síðan Astrid Lindgren sendi frá sér fyrstu bókina um hana.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Njósnadeildin (6:10)** (Spooks) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Robbie Williams – Intensive Care verður til **0.20** Kastljós **1.05** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Missing (5:18)

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Veggfóður **13.50** The Guardian **14.35** Extreme Makeover – Home Edition **15.15** LAX **16.00** Töframaðurinn **16.20** Shin Chan **16.40** He Man **17.05** Töfrastígvélin **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 12

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Fear Factor (25:31)**
**21.30 Numbers (11:13)** (Tölur)Bönnuð börnum.
▶ **22.10 Prison Break (2:22)** (Bak við lás og slá)(Allen) Þættirnir gerast að mestu bak við lás og slá, innan veggja eins rammgirtasta fangelsis í Bandaríkjunum. Eftir að hafa tekist að láta loka sig inni í fangelsi með bróður sínum undirbýr Michael flóttann mikla með aðstoð nokkurra fanga. Bönnuð börnum.
**22.55 Twenty Four (2:24)** (24) Leyniþjónustumaðurinn Jack Bauer neyðist til að koma úr felum. Bönnuð börnum.

**23.40** Nip/Tuck **0.25** Inspector Lynley Mysteries (B. börnum) **1.10** Dazed and Confused (B. börnum) **2.50** The Thing (Str. b.börnum) **4.35** The Simpsons **5.00** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 My Name is Earl (4:24) (e)**
**20.00 Friends 6 (20:24)**
**20.30 Idol extra 2005/2006** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar að vita um Idol-Stjörnuleitina. Umsjón með þættinum hefur hárgreiðslumaðurinn og tískulöggan Svavar Örn.
**21.00 American Dad (11:13)**
▶ **21.30 Reunion (4:13)** (1989) Spennuþættir sem fjalla um sex ungmenni og tuttugu ár í lífi þeirra. Allt frá útskriftinni 1986 fram að tuttugu ára endurfundunum, fjallar hver þáttur um eitt ár í lífi þeirra.

**22.20 HEX (19:19)** Bönnuð börnum.
**23.05** Laguna Beach (8:17) **23.30** Party 101 (e) **0.00** Friends 6 (20:24) (e) **0.25** Idol extra 2005/2006 (e)

### SKJÁREINN

**18.00** Cheers – 10. þáttaröð **18.20** The O.C. (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 All of Us (e)**
**20.00 How Clean is Your House**
**21.00 Innlit / útlit**
▶ **22.00 Close to Home – NÝTT!** Í Close to Home er skyggnst undir yfirborðið í rólegum úthverfum, þar sem hræðilegustu glæpirnir eru oftar en ekki framdir. Annabeth Chase er ungur saksóknari, sem nýtur mikillar velgengni í starfi og snýr aftur til starfa eftir barneignarfrí. Vinnan tekur oft á, og Annabeth mætir oft mótlæti hjá yfirmönnum sínum, en eiginmaður hennar, Jack, er alltaf til staðar fyrir hana þegar illa gengur.
**22.50 Sex and the City**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor Panama – NÝTT! (e) **1.00** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.25** Fasteignasjónvarpið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Mótorsport 2005** (Mótorsport 2005)
**19.00 Gillette-sportpakkinn**
▶ **19.35 FA Cup 2006** (Birmingham – Reading) Bein útsending frá enska bikarnum.
**21.40 World's Strongest Man** (Sterkasti maður heims)(World's strongest man 1986) Nú er röðin komin að keppninni 1986. Jón Páll var sterkastur 1984 en varð að sætta sig við annað sæti árið eftir.
**22.40 World Supercross GP 2005-06** (SBC Park) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250rsm) í aðalhlutverkum.

**23.40** Ensku mörkin **00.10** World Poker

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Path to War **8.40** Possession **10.20** Serendipity **12.00** Seabiscuit **14.15** Path to War **16.55** Possession **18.35 Serendipity** (Vegir ástarinnar) John og Sara hittast fyrir tilviljun í jólaösinni í New York. **20.05 Seabiscuit** Sagan gerist í Bandaríkjunum á kreppuárunum. **22.20 Gigli** Mynd um smákrimmann Larry Gigli sem lendir í slagtogi við lesbíu, leikin af Lopez, og þau fella hugi saman. Stranglega bönnuð börnum. **0.20** New Rose Hotel (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Thick As Thieves (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Gigli (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Fashion Police **14.00** Jackie Collins Presents **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** The E! True Hollywood Story **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **22.00** Celebrity Soup **22.30** Wild On Tara **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** Celebrity Soup **1.30** Wild On Tara **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Newcastle – Portsmouth frá 04.02 **16.00** Bolton – Wigan frá 04.02 **18.00** Tottenham – Charlton frá 05.02

**20.00 Að leikslokum (e)**
**21.00 Man. Utd. – Fulham frá 04.02**

**23.00** Þrumuskot (e) **0.00** Middlesbrough – Aston Villa frá 04.02 **2.00** Dagskrárlok


vísir

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttirnar beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.

NFS



# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Close to Home SkjárEinn kl. **22.00**

## *Glæpir í úthverfunum*

*Jack stendur við bakið á Annabeth.*



Þátturinn Close to Home hefur göngu sína á SkjáEinum í kvöld. Í þáttunum er skyggnst undir yfirborðið í rólegum úthverfum, þar sem hræðilegustu glæpirnir eru oftar en ekki framdir. Annabeth Chase er ungur saksóknari, sem nýtur mikillar velgengni í starfi og snýr aftur til starfa eftir barneignarfrí. Vinnan tekur oft á og Annabeth mætir oft mótlæti hjá yfirmönnum sínum. Eiginmaður hennar, Jack, er alltaf til staðar fyrir hana þegar illa gengur. Frábært lögfræðidrama úr smiðju Jerry Bruckheimer, manninum á bak við C.S.I.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.03** Laufskálinn **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hve glöð er vor æska **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30**

Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.25** Tímans nýu bendíngarî **21.05** Til í allt **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **21.10**

*Fréttir*

HRAFNAÞING/ MIKLABRAUT

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og þau krufin til mergjar.
**21.00** **Fréttir**
▶ **21.10** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Story of 1. The -L-**

**23.30** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.30** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.30** Fréttavaktin eftir hádegi **6.30** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**13.00** Football: African Cup of Nations Egypt **15.00** Bowls: Welsh International Masters **16.30** All sports: WATTS **17.00** Football: African Cup of Nations Egypt **19.00** Boxing **20.00** Boxing: France **22.00** All Sports: Daring Girls **22.15** Football: African Cup of Nations Egypt **23.15** Football: African Cup of Nations Egypt **0.15** Olympic Games: Olympic Torch Relay

**BBC PRIME**

**12.00** Keeping up Appearances **12.30** The Good Life **13.00** Ballykissangel **14.00** Balamory **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** Jeopardy **16.00** Changing Rooms **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Ray Mears' Extreme Survival **20.00** Trouble At the Top Special **20.40** Days that Shook the World **21.30** The Vicar of Dibley **22.00** The Human Mind **23.00** Holby City **0.00** Samuel Beckett: As the Story Was Told **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** Rough Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** King Tut's Curse **13.00** Predators at War **14.00** Megastructures **15.00** Air Crash Investigation **16.00** Air Crash Investigation **17.00** King Tut's Curse **18.00** Battlefront **18.30** Battlefront **19.00** The Ultimate Crocodile **20.00** Megastructures **21.00** Air Crash Investigation **22.00** Air Crash Investigation **23.00** Dark Side of Hippos **0.00** Air Crash Investigation **1.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** RSPCA – Have You Got What it Takes? **13.30** Wildlife SOS **14.00** Equator **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** Aussie Animal Rescue **18.30** Monkey Business **19.00** Wild South America **20.00** Maneaters **20.30** Predator's Prey **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Animal Precinct **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Maneaters **1.30** Predator's Prey **2.00** Wild South America

**MTV**

**12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** Pimp My Ride **14.30** Dismissed **15.00** TRL **16.00** Wishlist **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Rock Chart **19.00** Meet the Barkers **19.30** Totally Scott Lee **20.00** Run's House **20.30** The Trip **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Punk'd **22.30** Aeon Flux **23.00** Alternative Nation **0.00** Just See MTV

**VH1**

**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** VH1 All Access **21.00** The Osbournes **21.30** Battle for Ozzfest **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Fabulous Life of **0.00** VH1 Hits






## HRÓSIÐ

*...fær Dagur Kári Pétursson fyrir að sópa að sér norrænum kvikmyndaverðlaunum fyrir Voksne Mennesker.*

## FJÓRIR SPURÐIR: KRISTJÁN HREINSSON HEFUR LAGT FRAM STJÓRNSÝSLUKÆRU VEGNA SILVÍU NÓTTAR

# *Var rétt af Kristjáni Hreinssyni að kæra?*



**Steinunn Ósk Brynjarsdóttir, klippari.**

„Ég er einlægur aðdáandi Silvíu Nóttar og mér finnst ekki rétt af Kristjáni að kæra. Ég held að hann sé bara öfundssjúkur og bitur maður."



**Haraldur Sigfús Magnússon, keppandi í Ástarfleyinu.**

„Ég skil hann svo sem alveg, það vita það allir að Silvía Nótt burstar þessa keppni en það er bara spurning hvort hann sé að reyna að kenna öðrum um að hans eigin lög hafi ekki orðið vinsæl. Ég hef líka heyrt að fleiri lög hafi lekið á netið."



**Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna.**

„Lagalega séð á hann rétt á því en ég myndi ekki vilja missa hana úr keppninni. Eftir að hafa séð frammistöðu hennar vil ég endilega hafa hana með."



**Matthías Már Magnússon, dagskrárstjóri X-FM 91,9**

„Hef enga skoðun á Evróvisjón. Gæti ekki verið meira sama."



### LÁRÉTT

**2** blaðra **6** hljóm **8** bein **9** tækifæri **11** klukkan **12** kompa **14** yfirstéttar **16** rás **17** hlaup **18** fát **20** tveir eins **21** hendur.

### LÓÐRÉTT

**1** lýð **3** rykkorn **4** land **5** kraftur **7** mulinn **10** skap **13** starfsgrein **15** óhapp **16** þjálfa **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** masa, **6** óm, **8** rif, **9** lag, **11** kl, **12** klefi, **14** aðals, **16** æð, **17** gel, **18** fum, **20** yy, **21** arma. **LÓÐRÉTT: 1** fólk, **3** ar, **4** sikiley, **5** afl, **7** malaður, **10** geð, **13** fag, **15** slys, **16** æfa, **19** mm.

### [ VEISTU SVARIÐ? ]

1. Hugo Chaves
2. 5.300 ár
3. Ivano Balic

FM 98,9 BYLGJAN
Allir eru að hlusta!
Reykjavík síðdegis
Alla virka daga 16-18:30



**GUÐMUNDUR ARNAR** Segir ekki mikið mál að halda út vídeóbloggi og vonar að frumkvæði Sirkuss muni vekja áhuga á þessu miðli.
FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

SJÓNVARPSSTÖÐIN SIRKUS: LEITAR AÐ VÍDEÓBLOGGURUM

# Bloggið tekur á sig mynd

Sjónvarpsstöðin Sirkus leitar nú logandi ljósi að áhugaverðu og skemmtilegu fólki í þeim tilgangi að búa til fyrstu vídeóbloggstjörnu Íslands. „Við ýttum þessu verkefni af stað fyrir helgi," segir Guðmundur Arnar Guðmundsson, kynningarstjóri Sirkuss. „Við leitum núna að einstaklingum, pari eða hóp, sem er til í að vera með vídeóblogg. Allir sem eru yngri en 35 ára geta sótt um og við veljum svo áhugaverðasta fólkið og látum því í té myndavél, tölvu og klippigræjur svo það geti byrjað að blogga."

Eina skilyrðið er að viðkomandi bloggi í að minnsta kosti tvær til þrjár mínútur á dag og svo verður afrakstrinum sjónvarpað tvisvar á hverju kvöldi á Sirkus og Popptíví í einn mánuð. Hugmyndina segist Guðmundur hafa sótt til Bandaríkjanna, en þar mun vídeóblogg vera nýjasta æðið. „Þetta er líka að ryðja sér til rúms í Evrópu og það merkilega er að þetta spannar allan skalann; allt frá tólf ára krökkum sem eru að fíflast heima til virðulegra háskólaprófessora sem taka myndavélina með sér á ráðstefnur."

Þrátt fyrir mikla leit segist Guðmundur enn ekki hafa rekist á íslenskan vídeóbloggara. „Vonandi á þetta eftir að ryðja brautina. Bloggið virðist að minnsta kosti eiga upp á pallborðið hjá Íslendingum því tugþúsundir blogga. Það er vonandi að fólk taki þessu formi líka fagnandi." Guðmundur segir að vídeóblogg krefjist ekki mikillar tæknikunnáttu, að minnsta kosti ekki meiri en venjulegt blogg. „Þar sem við ætlum að sýna þetta í sjónvarpi þurfa gæðin að vera meiri, en flestir gera þetta með ódýrri vefmyndavél og hljóðnema."

Þótt stutt sé síðan leitin að vídeóbloggaranum hófst hefur Guðmundi þegar borist þó nokkrar umsóknir og hann á von á að þeim fjölgi eftir því sem á líður og leitin kynnt betur. „Áhugasamir geta sent okkur umsókn á videoblogg@365.is. Við þurfum svo sem ekki neinar staðlaðar upplýsingar heldur viljum við að fólk sannfæri okkur um af hverju það á að verða fyrsta vídeóbloggstjarna Íslands."

bergsteinn@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Undirskriftasöfnun er hafin á netinu til stuðnings þátttöku **Silvíu Nóttar** í Evróvisjón-keppninni. Um miðjan daginn í gær höfðu á annað þúsund undirskriftir safnast. Þar er vonast til þess að Silvía Nótt og lagahöfundurinn Þorvaldur Bjarni fái sama tækifæri og aðrir keppendur með lag sitt, Til hamingju Ísland, þrátt fyrir að því hafi verið lekið á netið. Einnig eru fyrri ákvarðanir Rúv í málinu studdar og vonast er til að kærumál muni engu breyta þar um. Þeir sem vilja styðja Silvíu Nótt í baráttu hennar geta skrifað undir á heimasíðunni http://www.PetitionOnline.com/Silvia/petition.html.



Matargúrúið **Nanna Rögnvaldardóttir** er ekki að skafa af því á bloggsíðu sinni þar sem hún auglýsir eftir blaðamanni. Hún tekur það fram að viðkomandi þurfi að geta eldað, skrifað og stíliserað fyrir myndatökur og að best væri að viðkomandi hefði hæfileika á öllum þessum sviðum því hún geti bara tvennt. Það gefur þó augaleið að það er ekki sjálfgefið að geta gert alla þessa hluti, sértaklega ekki alla í einu og því liggja slíkir hæfileika matarblaðamenn ekki á lausu. „Skemmtileg vinna, lág laun, langur vinnutími. Því miður erum við ekki allan daginn að gúffa í okkur kræsingar og eðalvín í boði framleiðenda og heildsala eins og sumir virðast halda. I wish. Það kemur þó fyrir," segir Nanna á bloggsíðunni sinni. Stóra spurningin er hinsvegar hvort einhver sé að hætta sem ekki getur framkvæmt þrennt í einu eða hvort verið sé að bæta í áhöfn Gestgjafans?

-fb/mmj



DV
Hefur þú séð DV í dag?
FIMM BARNA FAÐIR Í HAFNARFIRÐI
KÆRIR LÖGREGLU FYRIR BARSMÍÐAR EFTIR ÞORRABLÓT
Lögreglan beitti mig grófu ofbeldi

# Nefndamenn njóta nafnleyndar

„Ég hef bara ekki séð þessa kæru og veit ekkert um þetta mál eða hvernig því mun lykta," segir Jónatan Garðarsson, talsmaður Eurovision-keppninnar hér á landi. Kristján Hreinsson skáld hefur, eins og kunnugt er, lagt fram stjórnsýslukæru vegna þeirrar ákvörðunar Páls Magnússonar útvarpsstjóra að leyfa laginu Til hamingju Ísland að vera með, þrátt fyrir að því hafi verið lekið á netið fyrir keppni. Vill Kristján meina að það sé skýlaust brot á reglum keppninnar.

Á þarnæsta laugardagskvöld ræðst hver verður fulltrúi Íslands í Evrovisionkeppninni sem haldin verður í Grikklandi í maí, en undanfarnar þrjár vikur hafa fimmtán lög verið valin úr hópi 24 laga sem komust í undanúrslit. Athygli vakti að atkvæðafjöldi laganna sem komust áfram var ekki gefinn upp, en Jónatan býst við því að það verði gert á úrslitakvöldinu.

Á þriðja hundrað laga bárust í keppnina og var sérstakri valnefnd falið að velja lögin sem komust í undanúrslit. Jónatan segir að nefndarmenn njóti nafnleyndar þeim til verndar. „Það er af þeirri einföldu ástæðu að við viljum ekki að þetta fólk verði fyrir áreiti. En þetta eru allt fagmenn."

Samkvæmt stöðlum Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva ber að hafa sérstaka dómnefnd á bakvakt ef ske kynni að símakosningin bregðist. Jónatan segir að vitaskuld fullnægi RÚV því formsatriði, en er að öðru leyti þögull sem gröfin. „Það verður að sjálfsögðu ekki gefið upp hverjir skipa þá nefnd, því það er stranglega bannað samkvæmt reglum."



**JÓNATAN GARÐARSSON** Valnefndin nýtur nafnleyndar til að forða henni frá áreiti.
FRÉTTABLAÐIÐ/ E.ÓL

# Til hamingju!

## með nýju heimasíðuna

### Bílasprautun og réttingar Auðuns



Bílasprautun og réttingar Auðuns sérhæfir sig í tjónaviðgerðum á öllum tegundum bíla og er vottað af Bílgreinasambandinu og tryggingafélögum. Nú getur þú pantað tíma á heimasíðunni okkar.

**www.bilasprautun.is**

### Flórída fasteignir



Glæsilegar eignir í öllum stærðum og gerðum til sölu eða leigu í völdum hverfum á Florida. Áreiðanleg og persónuleg þjónusta sem byggir á áratuga reynslu, þar af 19 ár í sölu eigna á Flórída.

**www.floridafasteignir.is**

### Kennsla.is



Klæðskerasniðnir fyrirlestrar og námskeið þar sem fjallað er um óþekkta eiginleika þína, undraverða fjölhæfni og annað sem aldrei barst í tal. Nýstárleg efnistök og fersk sýn á gamalkunn viðfangsefni.

**www.kennsla.is**

### Vín & skel veitingastaður



Hríseyjarkræklingur, ostrur, kúfskel frá Langanesi, öðuskel og ígulker úr Eyjafirði. Kynntu þér matseðil og hádegistilboð á glænýrri heimasíðu okkar.

**www.vinogskel.is**

## Þessi fyrirtæki hafa áttað sig á mætti netsins og eru að ná árangri

## FEBRÚAR TILBOÐ!

Nú tökum við gömlu heimasíðuna upp í þá nýju.

Kynntu þér málið í síma 414 5500

netvistun
Vefir sem virka

Netvistun | Skúlatúni 4 | sími 414 5500 | www.netvistun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




**BAKÞANKAR**
**KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR**

## *Tillitssemi og umburðarlyndi*

Það er nokkuð ljóst að meiriháttar spámenn hafa verið teiknaðir, mótaðir í leir og pappamassa og meitlaðir í grjót í gegnum aldirnar. Það er ekkert nýtt undir sólinni – ekki heldur tillitsleysi og vanvirðing og þá reynir á umburðarlyndið að venju. Bann við kaupum á dönskum vörum gildir nú víða. Íslenskur talsmaður islam boðaði nýlega að hann væri hættur að kaupa danskt. Margir vandræðast með hvort þeir eigi að hlæja eða gráta.

**TIL** eru þeir sem um árabil hafa fylgt eftir persónulegu viðskiptabanni sínu á Ísrael í heimilisinnkaupum til að mótmæla í verki stefnu stjórnvalda þar í landi gagnvart palestínsku þjóðinni. Að vísu þarf ekki að neita sér um mikið ef maður leggur niður viðskipti við Ísrael. Það er frekar þægilegt viðskiptabann ef maður býr á Íslandi. Mun flóknara var að sneiða hjá bandarískum varningi þegar mótmæla átti innrásarherjum frá vestrinu villta. Það reyndi verulega á vilja og staðfestu neytandans og innkaupin voru tímafrek.

**NEYTENDAMÓTMÆLI** eru leið sauðsvartra til að andmæla opinberri stefnu stjórnvalda hér og þar – yfirvalda sem svína á heimilisfólki sínu, nágrönnum og blásaklausu fólki í fjarlægum löndum. Að setja Danmörku í viðskiptabann af heift út í lítið og skitið útgáfufyrirtæki á Jótlandi verður þó að teljast magnað hugmyndaflug. Þar er ekki verið að mótmæla stefnu stjórnvalda, heldur ritstjórnarstefnu landsbyggðarblaðs. Þó ber að þakka að það eru friðsamleg mótmæli í samanburði við það hve glatt hefur logað í danska fánanum að undanförnu – svo ekki sé minnst á hótanir, óeirðir og sendiráðsbrennur.

**UMBURÐARLYNDI** og tillitssemi skortir í samskiptum tveggja menningarheima. Lítið fer fyrir mildi og mannúð sem spámenn og spekingar trúfylkinga beggja vegna virðast þó hafa boðað í ræðu og riti á sínum tíma. Einhverjir eru þó líklega að glata umburðarlyndinu gagnvart óðum úlfaldahjörðum sem spretta upp af mýflugnageri. Athyglisvert væri að sjá jarðarbúa sameinast einhverju sinni um að standa á öndinni yfir fátækt, hungursneyð, kúgun, mengun stjórþjóða, vopnaframleiðslu og aftökum svo fátt eitt sé nefnt, fremur en að berjast á bjargbrún um skopteikningar. ■





Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

